

12

„ER SJÁLF SVO MIKIÐ BARN“

Hrund Þórsdóttir hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í vikunni sem leið fyrir sína fyrstu bók, Loforðið.


ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað



www.remax.is - öflugur fasteignavefur



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. september 2007 — 258. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## SUNNUDAGUR

### Óstöðvandi Regína



Söngkonan Regína Ósk Óskarsdóttir vinnur að þriðju plötu sinni á þremur árum. Regína semur tónlistina með Karli Olgeirssyni.

FÓLK 20

### Stjórnar spjallþætti



Logi Bergmann Eiðsson stjórnar léttum föstudagsþætti á Stöð 2 í vetur. Hann segir að allir gestir sínir verði skemmtilegir.

FÓLK 30

### Kennarar og kjör

Illugi Gunnarsson og Svandís Svavarsdóttir velta fyrir sér hvort greiða eigi kennurum laun í samræmi við frammistöðu.

BITBEIN 8

### Fjölnir og Grindavík upp



Fjölnir og Grindavík tryggðu sér í gær sæti í Landsbankadeildinni næsta sumar. ÍBV og Þróttur berjast um síðasta lausa sætið í deildinni.

ÍÞRÓTTIR 25

### VEÐRIÐ Í DAG





**MJÖG HVASST VÍÐA UM LAND**
Talsverð úrkoma austan og norðaustanlands en þurrt að mestu vestra.

VEÐUR 4



KR vann öruggan sigur á Keflavík í VISA-bikarnum:

## Þriðji bikartitill KR-kvenna

**FÓTBOLTI** KR varð í gær bikarmeistari í kvennaflokki þegar liðið vann öruggan sigur á Keflavík, 3-0, í úrslitaleik á Laugardalsvelli. KR var sterkara liðið allan leikinn og átti sigurinn fyllilega skilinn. Hrefna Huld Jóhannesdóttir skoraði tvö marka KR og markadrottningin Olga Færseth skoraði eitt mark.

Bikartitillinn er nokkur sárabót fyrir KR-konur, sem máttu horfa á eftir Íslandsmeistaratitlinum til Vals á dögunum, en þessi tvö lið voru í algjörum sérflokki í sumar.

- hbg / sjá síðu 22

# Trú á álfa og drauga lifir

Fjöldi Íslendinga trúir enn á huldufólk, drauga og blómálfa. Þetta er niðurstaða kannana Félagsvísindastofnunar um trúarviðhorf. Fátt hefur breyst síðan sams konar könnun var gerð fyrir 30 árum.

**TRÚMÁL** „Íslendingar virðast mun opnari fyrir fyrirbærum eins og berdreymni, hugboðum, draugum og álfum en aðrar þjóðir. Það er þó erfitt að nota orðið trú í þessu samhengi,“ segir Terry Gunnell, dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands, um niðurstöður kannana sem gerðar voru í félagsvísindadeild á þessu og síðasta ári um trú Íslendinga á yfirnáttúruleg fyrirbæri. Rannsóknin var studd af Rannsóknarsjóði háskóla og svöruðu um þúsund manns spurningalistum.

Samkvæmt niðurstöðunum telja aðeins þrettán prósent landsmanna óhugsandi að til séu álfar og huldufólk, sautján prósent þora að fullyrða að ekki séu til blómálfar og einungis sjö prósent hafna alfarið hugmyndinni um drauga. Til samanburðar telur um þriðjungur landsmanna líklegt eða öruggt að til séu draugar og fjórðungur er sömu skoðunar þegar kemur að álfum og huldufólki.

Á ári hverju kemur fjöldi ferðamanna til Íslands til að kanna hvað sé til í frásögnum af þjóðtrú landsmanna, ekki síst álfatrú. Upplýsingar ferðamannanna byggjast yfirleitt á rannsókn sem prófessor Erlendur Haraldsson gerði hér á landi árið 1974. Sú rannsókn leiddi í ljós að mun fleiri Íslendingar trúðu á yfirnáttúruleg fyrirbæri en gengur og gerist hjá öðrum þjóðum. Frá þeim tíma hefur samfélagið breyst mjög og þótti því líklegt að niðurstöður nýrrar könnunar yrðu ólíkar þeim sem fram komu fyrir rúmum þrjátíu árum. Svo var ekki.

> Það er líklegt að vaxandi trú á reimleika megi rekja til Hollywood-kvikmynda, auk þess sem borgin og húsin eru að eldast og sveitin að verða dularfyllri.
>
> TERRY GUNNELL
> DÓSENT Í ÞJÓÐFRÆÐI VIÐ HÍ



TERRY GUNNELL

„Það getur þó margt spilað inn í þessar tölur. Það er líklegt að vaxandi trú á reimleika megi rekja til Hollywood-kvikmynda, auk þess sem borgin og húsin eru að eldast og sveitin að verða dularfyllri,“ segir Terry. Hann segir að enn eigi eftir að vinna töluvert úr þeim gögnum sem safnað hafi verið og taka viðtöl við nokkra af þeim sem könnuninni svöruðu. Málið verði frekar kynnt í vikunni og svo í desember.

- kdk / - sh

### TILVIST YFIRSKILVITLEGRA FYRIRBÆRA

| | Óhugsandi | Ólíkleg | Möguleg | Líkleg | Örugg | Engin skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Álfar og huldufólk | 13% | 19% | 37% | 17% | 8% | 5% |
| Blómálfar | 17% | 28% | 30% | 8% | 3% | 15% |
| Reimleikar | 7% | 16% | 41% | 18% | 13% | 4% |
| Fljúgandi furðuhlutir | 16% | 35% | 24% | 6% | 3% | 14% |


Stubbahus.is





**Stubbahúsin** *vinsælu fyrir utanhúss reykingarnar. Frábær hönnun, fást nú í 3 stærðum.*

Pöntunarsími: 564 1783 / 896 1783


Harkan eykst í kosningabaráttu demókrata fyrir bandarísku forsetakosningarnar:

## Keppinautarnir deila á Clinton

**BANDARÍKIN, AP** Forskot Hillary Clinton í kapphlaupi demókrata um að verða forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins hefur valdið því að keppinautar hennar eru óvægnari í gagnrýni á hana. Forsetakosningar í Bandaríkjunum fara fram haustið 2008.

John Edwards, sem skoðanakannanir sýna að sé í þriðja sæti yfir þá sem sækjast eftir útnefningu, hefur gagnrýnt tengsl Clinton við þrýstihópa og hagsmunaaðila. Einn helsti ráðgjafi hans hefur kallað Clinton „táknmynd alls sem er að í Washington“.

Gagnrýnin er til marks um að keppinautum stafi mikil ógn af Clinton og forskot hennar í kosningabaráttunni vaxi þeim í augum. Þeir geti ekki lengur treyst á að Clinton misstígi sig.

Barack Obama, sem hefur næstmest fylgi samkvæmt könnunum, ýjar að því í nýlegri sjónvarpsauglýsingu að Clinton sé orðin samdauna „sérhagsmunastjórnmálum síðari ára“.

Clinton hefur að mestu látið gagnrýnina sem vind um eyru þjóta og hefur heldur beint spjótum sínum að keppinautunum í Repúblikanaflokknum.

- sgj


3G (ódýrari en Síminn)

Farsímalagerinn.is

muundu eftir mjólkinni!

Muu



## SPURNING DAGSINS



*Albert, eru olíufélögin of litlaus?*

„Það mætti bæta lituðu bensíni við flóruna.“

Atlantsolía hefur sóst eftir að fá að selja litað bensín, sem ber ekki sömu skatta og venjulegt bensín. Albert Þór Magnússon er framkvæmdastjóri Atlantsolíu.

Tveir karlmenn dæmdir í gæsluvarðhald fyrir að smygla fljótandi kókaíni:

# Tóku 1,8 lítra af fljótandi kókaíni

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær tvo menn í gæsluvarðhald fram á miðvikudag fyrir meint smygl á um 1.800 millilítrum af fljótandi kókaíni, sem barst til landsins í hraðsendingu frá Bandaríkjunum. Annar mannanna er á fertugsaldri, en hinn er um fertugt.

Mennirnir tveir hafa ekki komið við sögu lögreglu áður svo vitað sé. Kona á fertugsaldri var einnig handtekin en sleppt fljótlega. Hún er ekki talin tengjast málinu.Efnið fannst við húsleit lögreglunnar í húsi í Laugarneshverfi í Reykjavík á föstudagskvöld og er talið að fíkniefnin hafi komið frá Suður-Ameríku í gegnum Bandaríkin. Lögreglan hefur rannsakað málið í samvinnu við bandarísku fíkniefnalögregluna. Tollayfirvöld í Reykjavík og á Suðurnesjum tóku einnig þátt í því auk lögregluyfirvalda á Suðurnesjum.

Að sögn Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Vogi, er fljótandi kókaín einfaldlega kókaín sem leyst hefur verið upp í vatni. Úr því má vinna kókaín í hefðbundnu formi en ekki er ljóst hversu mikið þar sem styrkleiki vökvans liggur ekki fyrir.

Einnig segir Þórarinn mögulegt að sprauta vökvanum í æð, taka í nef eins og nefdropa eða jafnvel drekka. **- sgj / - sh**



**Á LEIÐ ÚR RÉTTARSAL** Mönnunum er gefið að sök að hafa smyglað fíkniefnum frá Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Castro kom fram í sjónvarpi:

# Hress í sjónvarpsviðtali

**KÚBA, AP Fidel Castro, forseti Kúbu, birtist óvænt í löngu sjónvarpsviðtali á föstudag. Er það í fyrsta skipti sem hann hefur sést opinberlega í meira en þrjá mánuði.**

**Sögusagnir um að Castro, sem er 81 árs gamall, sé látinn hafa verið þrálátar lengi. Hann talaði lágt og hægt en virtist þó hress og vel með á nótunum. Sögusögnunum svaraði hann með orðunum „hér er ég“.**

**Castro ræddi meðal annars um að Bandaríkjastjórn gæti farið í stríð við Írani. Þá talaði hann um afleiðingar Íraksstríðsins, hátt olíuverð og stöðu evru gagnvart Bandaríkjadal. - þeb**

Átta stútar undir stýri:

# Tveir keyrðu út af í Reykjavík

**LÖGREGLUMÁL Ölvaður karlmaður var handtekinn í fyrrinótt eftir að hafa reynt að komast undan lögreglu á bíl. Lögregla veitti manninum eftirför eftir að hann fór yfir á rauðu ljósi á mótum Sæbrautar og Skeiðarvogs. Fór svo að maðurinn keyrði út af við Skeiðarvog. Hann reyndi að hlaupa undan lögreglu og reyndist viðskotaillur þegar lögreglumenn handtóku hann skömmu síðar.**

**Átta manns voru teknir fyrir ölvunarakstur í fyrrinótt. Þá voru fjórtán handteknir fyrir brot á lögreglusamþykkt. Þeir voru allir sektaðir og sváfu sumir úr sér í fangageymslum lögreglunnar. - eb**

# Skútan rannsökuð á Keflavíkurflugvelli

**Fíkniefnaskútan úr Pólstjörnumálinu er til rannsóknar í flugskýli á Keflavíkurflugvelli, en ekkert nýtt hefur enn komið fram. Skýrslutökur eru stutt á veg komnar og ekki hefur verið rætt um framsal þeirra sem handteknir voru erlendis.**

**LÖGREGLUMÁL** Skútan sem ferjaði rúmlega 60 kílógrömm af fíkniefnum frá Noregi til Fáskrúðsfjarðar var flutt í flugskýli á Keflavíkurflugvelli til nákvæmrar rannsóknar á fimmtudagskvöld. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, sagði rannsóknina enn sem komið er ekki hafa leitt neitt nýtt í ljós.

Kafarar á vegum sérsveitar lögreglunnar skoðuðu skipið að utan og hafsbotninn í kring strax á fimmtudag, en fundu ekkert markvert.

Átta manns eru í haldi lögreglu í þremur löndum vegna málsins, en engar nýjar handtökur hafa átt sér stað. Enginn hefur verið leystur úr haldi, en yfirheyrslur eru stutt á veg komnar. Formleg skýrslutaka er ekki hafin að fullu sakir þess að einn verjenda í málinu er erlendis.

Stefán segir ekki tímabært að segja til um hvort framsals verði krafist á þeim þremur sem handteknir voru erlendis. Tveir voru handteknir í Færeyjum, annar þeirra Íslendingur, en hinn Dani.

Einn Íslendingur, Logi Freyr Einarsson, var handtekinn í Noregi, en hann er talinn vera einn skipuleggjenda smygltilraunarinnar. Hinir eru bróðir hans Einar Jökull Einarsson og Bjarni Hrafnkelsson, sem báðir voru handteknir á heimilum sínum á höfuðborgarsvæðinu. Báðir hafa komið áður við sögu lögreglu. Einar Jökull hefur dvalið í Tékklandi og var eftirlýstur af tékkneskulögreglunni eins og kom fram á vefsíðu hennar.

steindor@frettabladid.is



**EITT STÆRSTA FÍKNIEFNAMÁLIÐ FRÁ UPPHAFI** Hald var lagt á rúmlega sextíu kílógrömm af fíkniefnum þegar skútan var skoðuð á Fáskrúðsfirði.

## URÐU FYRIR SKOTÁRÁS Í HAFNARFIRÐI

Einar Jökull Einarsson og Alvar Óskarsson, annar tveggja mannanna sem sigldu skútunni, urðu fyrir árás vegna deilna við dæmda glæpamenn í júní á síðasta ári.

Að morgni dags 21. júní í fyrra braust maður inn á heimili Alvars og sló hann í höfuðið með kúbeini. Um kvöldið fór maðurinn ásamt tveimur öðrum að Burknavöllum 10 í Hafnarfirði, þar sem Alvar og Einar voru staddir ásamt einum öðrum, og skaut tveimur skotum úr haglabyssu inn í húsið. Alvar fékk högl í höfuð og hægri handlegg. Ástæða árásarinnar var að forsprakki hennar „taldi sig eiga óuppgerðar sakir við Einar Jökul“ að því fram kom í réttarsal.



Daginn eftir sneri sami maður aftur að húsinu í Hafnarfirði og kastaði eldsprengju inn í það í því skyni að brenna það til grunna.

Árásarmennirnir þrír áttu allir að afbrotaferil að baki, meðal annars fyrir fíkniefnamisferli.

Skemmtistaður í Bretlandi:

# Sögðu hækjur vera árásarvopn

**BRETLAND** Ákvörðun næturklúbbs í Bretlandi um að meina tvítugri fatlaðri stúlku inngöngu hefur vakið reiði hagsmunasamtaka í landinu. Dyraverðir skemmtistaðarins sögðu að hækjur stúlkunnar mætti nota sem árásarvopn.

Stúlkan hafði tvisvar áður farið á skemmtistaðinn án vandkvæða. „Það má nota hvað sem er sem vopn, háhælaða skó, gleraugu, stóla og fleira,“ sagði hún. „Ég varð mjög reið og niðurlægð. Þetta fór alveg með sjálfstraustið.“ **- sgj**



**FUJIMORI** Er sakaður um mannréttindabrot, morð og spillingu.

Fyrrverandi forseti Perú:

# Framseldur til heimalandsins

**CHILE, AP Fyrrverandi forseti Perú, Alberto Fujimori, hefur verið framseldur til heimalands síns eftir tveggja ára dvöl í Chile. Fujimori er sakaður um ýmis mannréttindabrot, morð og spillingu.**

**Hann var fluttur með lögregluflugvél frá Santiago í Chile til Lima, höfuðborgar Perú, rétt eftir hádegi í gær.**

**Fujimori flúði Perú árið 2000 og fór til Japan. Þar var hann undir verndarvæng japanskra stjórnvalda í fimm ár. Allt frá því hann flúði heimalandið hafa stjórnvöld þar reynt að fá hann framseldan. Fujimori heldur þó fram sakleysi sínu. - þeb**

# Menning fylgir Fréttablaðinu

Menning, nýtt blað um menningu og listir, fylgir Fréttablaðinu í dag og kemur út mánaðarlega hér eftir.

Páll Baldvin Baldvinsson, ritstjóri blaðsins, segir það vera tilraun til að auka ítarlegri umfjöllun um menningarlíf, ekki síst íslenskt.




**MENNING** Forsíða fyrsta tölublaðsins.

„Umræða um þennan mikilvæga þátt þjóðlífsins vill oft verða flaustursleg og við viljum reyna að bæta úr því með umfjöllun og skrifum á mannamáli.“ Fyrir var eitt mánaðarlegt fylgirit gefið út með Fréttablaðinu, íþróttablaðið Sport, sem er í ritstjórn Vignis Guðjónssonar. **- sh**

Reykjavík 871±2

Landnámssýningin
The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

Hjólreiðamaður undrast að ekki sé hirt betur um hjólreiðastíga Reykjavíkur:

# Tvísprakk í samgönguviku

**SAMGÖNGUR** Í tvígang punkteraði á reiðfáki Elvars Arnar Reynissonar í sérstakri samgönguviku. Elvar hjólar flesta daga að heiman í vinnuna; úr Grafarvogi í Nauthólsvík. Reykjavíkurborg stóð að samgönguvikunni og voru borgarbúar hvattir til að hjóla í vinnu og skóla.

„Á sumrin eru stígarnir sópaðir einu sinni til þrisvar og leiðin sem ég hjóla í vinnuna hefur aldrei verið laus við glerbrot,“ segir Elvar Örn. Hann segir ástandið á leið sinni verst í Grafarvogi, þar sem stígurinn liggi við sjoppur og bensínstöðvar. Fossvogsdalur sé skárri enda helst notaður til útivistar. „Það er ekki nóg að gera hjólastíga, það verður líka að hirða um þá,“ segir Elvar Örn og bendir á að sjálfsagt myndu allir leggja bílum sínum í byrjun vetrar ef göturnar væru hvorki saltaðar né ruddar.

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi, segir ríkan vilja hjá borgaryfirvöldum að bæta ástand hjólreiðastíganna. Hann segir vinnuhóp munu taka út hjólastígana og jafnframt muni borgaryfirvöld gæta þess að hjólastígar verði ruddir í vetur svo fólk komist hjólandi til og frá vinnu. **- eb**



**ELVAR ÖRN REYNISSON** Hjóla- og göngustígar borgarinnar eru sjaldan sópaðir og mikið er um glerbrot á þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Cayenne Turbo, 500 hö.

**Við hættum ekki að leika okkur af því að við verðum gömul.**
**Við verðum gömul af því að við hættum að leika okkur.**

**Porsche Cayenne.**

PORSCHE

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is
www.porsche.is

## GENGIÐ 21.09.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,46 | 62,76 |
| Sterlingspund | 125,74 | 126,36 |
| Evra | 87,76 | 88,26 |
| Dönsk króna | 11,774 | 11,842 |
| Norsk króna | 11,279 | 11,345 |
| Sænsk króna | 9,532 | 9,588 |
| Japanskt jen | 0,5400 | 0,5432 |
| SDR | 96,71 | 97,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,0944

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir fyrri ríkisstjórn hafa sett þeirri nýju miklar skorður:

# Gagnrýnir kosningavíxla fyrri stjórnar

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi fyrri ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar í gær. Hún sagði ríkisstjórnina hafa bundið hendur þeirrar nýju með loforðum um fjárskuldbindingar stuttu fyrir kosningar.

„Það er í hæsta máta vafasamt að stjórnvöld sem hafa skilgreint umboð frá þjóðinni til að stjórna landinu í tiltekinn tíma taki ákvarðanir um fjárskuldbindingar ríkisins sem eiga að koma til framkvæmda löngu eftir að umboð þeirra til að stjórna landinu er runnið út. Þessu þarf að breyta,“ sagði Ingibjörg.

„Lausatök í hagstjórninni og fjáraustur úr ríkissjóði í aðdraganda kosninga setur nýrri ríkisstjórn miklar skorður við gerð fjárlaga fyrir næsta ár og dregur verulega úr svigrúmi okkar til að koma þörfum umbótamálum hratt og vel í framkvæmd.“

Ingibjörg Sólrún vék einnig að orkumálum og auðlindanýtingu Íslands. „Í nýrri löggjöf er mikilvægt að búa svo um hnútana að auðlindirnar sjálfar verði skilgreindar sem sameign þjóðarinnar og að flutningskerfi orku svo og rafveitur, hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur verði í félagslegri meirihlutaeign,“ sagði Ingibjörg.

„Hins vegar er líka mikilvægt að efla samkeppni á raforkumarkaði varðandi aðra þætti sem snúa að orkuöflun, orkuframleiðslu og sölu.“ - sgj



**INGIBJÖRG OG GEIR** Formaður Samfylkingarinnar gagnrýnir samstarfsflokk sinn fyrir fjáraustur í aðdraganda kosninga.

Erlend ungmenni halda þing:

## Staða og framtíð í nýju landi

**FÓLK** Hópur ungs fólks af erlendum uppruna stendur fyrir málþingi um stöðu sína og framtíð í íslensku þjóðfélagi á morgun, mánudag. Tilgangurinn er að láta rödd ungmenna, sem hafa flust hingað til lands og eiga hér heima, heyrast og auka þannig skilning milli þeirra og annarra landsmanna.

Málþingið er haldið í samvinnu við Framtíð í nýju landi, sem er samstarfsverkefni Rauða krossins, Reykjavíkurborgar, Alþjóðahúss, Velferðarsjóðs barna, stéttarfélagsins Eflingar og mennta- og félagsmálaráðuneytis. - lbb



**SAMIÐ UM SAMBAND** Frá undirritun yfirlýsingar um stjórnmálasamband Íslands og Kamerún.

Ísland og Kamerún:

## Samstarf um veiðar fýsilegt

**STJÓRNMÁL Yfirlýsing um stofnun stjórnmálasambands Íslands og Kamerún var undirrituð í New York á miðvikudag.**

**Kamerún er við vesturströnd Mið-Afríku og er nær fimmfalt stærra en Ísland. Sautján milljónir búa í landinu sem hlaut sjálfstæði fyrir næstum hálfri öld.**

**Samstarf ríkjanna er einkum talið felast í sjávarútvegi.**

**Það voru fastafulltrúar ríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, sendiherrarnir Hjálmar W. Hannesson og Martin Belinga-Eboutou sem undirrituðu yfirlýsinguna.** - bþs

# Fákeppni ríkir á íslenskum lyfamarkaði

**Formaður Lyfjagreiðslunefndar segir fákeppni skýra hærra lyfjaverð á Íslandi en annars staðar og telur samnorrænan lyfjamarkað jákvæðan. Forstjóri Lyfjastofnunar telur líklegt að úrval samheitalyfja aukist með samnorrænum útboðum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég lít þessar hugmyndir jákvæðum augum enda ríkir fákeppni á íslenskum lyfjamarkaði og verð hér er hærra en annars staðar, sérstaklega á samheitalyfjum,“ segir Rúna Hauksdóttir, formaður Lyfjagreiðslunefndar, um hugmyndir heilbrigðisráðherra um samnorrænan lyfjamarkað.

„Í raun er aðeins einn samheitalyfjaframleiðandi á markaðnum í dag en þeir voru þrír fyrir sjö árum. Actavis hefur keypt upp samkeppnisaðilana,“ segir Rúna.

Hún telur að með opnun og stækkun markaðarins aukist skilvirkni, Norðurlöndin geti samnýtt ýmsa verkferla og með aukinni samkeppni fáist lægra verð. Spurð hvort hún telji samnorrænan lyfjamarkað geta gagnast hinu öfluga Actavis segir Rúna það vel geta verið. „En Actavis er svo sem á öðrum norrænum mörkuðum nú þegar og selur lyfin sín ódýrar þar en hér.“

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, segist sjá ýmsa kosti við samnorrænan lyfjamarkað. Eitt af vandamálum íslenska markaðarins sé að á hann sæki fá erlend fyrirtæki en með samvinnu við Danmörku, Noreg og Svíþjóð um veitingu markaðsleyfa gæti úrval lyfja aukist.

„Það er líklegt að verð lækki þegar fleiri valkostir bjóðast,“ segir Rannveig og horfir ekki síst til samheitalyfja, sem aðeins eru um fimmtán prósent af íslenska lyfjamarkaðnum. Ástæðu þess kveður hún – líkt og Rúna – vera samþjöppun á lyfjamarkaði.

Rannveig segir ýmis tæknileg atriði ólík milli lyfjamarkaða en lítur ekki á þau sem vandamál. „Ég sé fyrir mér að til séu leiðir til að einfalda hlutina og það er hægt ef ráðherrarnir koma sér saman um gera þetta,“ segir hún. Ríki geri til dæmis misjafnar kröfur um upplýsingar á umbúðum en hægt sé að komast hjá sérmerkingum í hverju landi með því að afhenda útprentaðar upplýsingar í apótekjum eða vísa á þær á vef lyfjastofnunar. Hún sér enn fremur ýmsa kosti við enn nánara samstarf milli lyfjastofnana ríkjanna en nú er. bjorn@frettabladid.is



**Í APÓTEKINU** Formaður Lyfjagreiðslunefndar og forstjóri Lyfjastofnunar telja að lyfjaverð gæti lækkað með samnorrænum lyfjamarkaði.



**RÚNA HAUKSDÓTTIR**



**RANNVEIG GUNNARSDÓTTIR**

### LYFJAGREIÐSLUNEFND

Skal ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum í heildsölu og smásölu.
Skal ákveða hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu lyfja.
Skal ákveða verð sem almannatryggingar skulu miða greiðsluþátttöku sína við.

### LYFJASTOFNUN

Metur gæði og öryggi lyfja.
Hefur eftirlit að kröfu heilbrigðisyfirvalda.
Annast upplýsingagjöf fyrir heilbrigðisstéttir og almenning.



**VESTMANNAEYJAHÖFN** Uppbygging skipalyftu og stórskipahafna er meðal brýnustu verkefna. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Hátíðarfundur í Eyjum:

## Höfnin 100 ára

**VESTMANNAEYJAR Elsti hluti Vestmannaeyjahafnar er 100 ára á þessu ári. Í tilefni af því var haldinn sérstakur hátíðarfundur hjá Framkvæmda- og hafnarráði bæjarins á föstudag.**

**Þeir Elliði Vignisson bæjarstjóri og Arnar Sigurmundsson, formaður Framkvæmda- og hafnarráðs, fluttu erindi á fundinum. Þeir voru sammála um að brýnusta verkefni hafnarinnar væru uppbygging skipalyftu og stórskipahafnar.**

**Höfnin hefur verið í núverandi mynd frá árinu 1925 en höfn hefur verið í Vestmannaeyjum allt frá landnámstíma.** - þeb

Áfengi helsta dánarorsökin:

## Finnar ætla að vara við áfengi

**HELSINKI, AP** Aðvaranir um að áfengi skaði heilsu munu vera á áfengisumbúðum í Finnlandi frá og með árinu 2009, samkvæmt tilkynningu stjórnvalda í gær í kjölfar skýrslna um að áfengi sé helsta dánarorsök í Finnlandi.

Merkingarnar munu innihalda orðið „aðvörun“ ásamt textanum: „Áfengi getur skaðað fóstur og heilsu þína.“ Áfengi var dánarorsök 17 prósent karla á aldrinum 15 til 64 ára og 10,5 prósenta kvenna á sama aldri árið 2005.

Fyrir mánuði lögðu stjórnvöld til að hækka skatt á áfengi um tíu til fimmtán prósent. - sdg

VÍÐTÆKASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN

- Einfaldari skilmálar
- Hærri bætur
- Lægri eigin áhætta

VERTU VISS SJÓVÁ

## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Áframhaldandi stormur.** Djúpa lægðin sem kom upp að suðurströndinni í gær heldur áfram að stjórna veðrinu í dag. Það verður áfram stormur víða um land fram á kvöld. Mest úrkoma fellur á Austur- og Norðausturland, en á Vesturlandi verður þurrt að mestu. Búast má við talsverðum vindhviðum, sérstaklega í nágrenni fjalla, og því varhugavert að hyggja á ferðalög í dag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Norðaustan 13-18 m/s,dálítil úrkoma og hiti 5-9 stig.





um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C hálfskýjað | London | 20°C léttskýjað | Eindhoven | 21°C skýjað |
| Billund | 20°C skýjað | París | 18°C skúrir | Basel | 24°C skýjað |
| Osló | 17°C hálfskýjað | Frankfurt | 17°C skýjað | Alicante | 27°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 24°C léttskýjað | Róm | 24°C léttskýrt |
| Gautaborg | 17°C léttskýjað | Berlín | 24°C léttskýjað | Las Palmas | 24°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu

# Stillanlegt og þægilegt




# Rétti tíminn fyrir nýtt rúm

## Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og frábært úrval svefnherbergishúsgagna







### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**

**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

KJÖRKASSINN



*Þykir þér rétt að bólusetja íslensk börn?*

| | |
|---|---|
| Já | 95% |
| Nei | 5% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Fylgist þú af áhuga með Póls-tjörnumálinu svokallaða?*

Segðu þína skoðun á visir.is **vísir**

Íbúasamtök taka niður mótmælafána í Kársnesi:

# Geymt en ekki gleymt

**SKIPULAGSMÁL** Mótmælafánar í Kársnesi hafa verið fjarlægðir og sýndu meðlimir íbúasamtakanna Betri byggðar með því samtakamátt sinn undir yfirskriftinni „Geymt en ekki gleymt“.

„Fánarnir voru umtalsverð fjárfesting fyrir íbúa svæðisins og við viljum ekki að þeir skemmist. Við sýnum með þessu samtakamátt okkar. Ef við getum tekið alla fánana niður á einum degi, þá getum við sett þá jafn fljótt upp aftur. Við munum halda áfram mótmælum ef loforð verða svikin,“ segir Þórarinn Ævarsson, varaformaður íbúasamtakanna Betri byggð.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, kynnti í síðustu viku hugmyndir sem koma eiga til móts við kröfur bæjarbúa. Fólu þær í sér að hætt yrði við stækkun hafnarinnar og sagði hann að farið yrði yfir hugmyndirnar með íbúasamtökunum.

„Okkur var lofað samráði eftir að við afhentum bæjarstjórninni tæplega 2.000 undirskriftir. Það hefur ekki enn verið gert. Tillaga bæjarstjórans er hins vegar skref í rétta átt.“ „Ég hef ekki kynnt bæjarstjórn eða íbúasamtökunum tillögurnar og mun bíða með það þar til þær eru tilbúnar. En fólk tekur greinilega vel í þetta. Við getum núna vonandi lifað saman í sátt og samlyndi,“ segir Gunnar I. Birgisson. **- eb**



**BETRI BYGGÐ** Mótmælum íbúasamtaka er ekki lokið þótt borðarnir hafi verið teknir niður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Forseti Íraks harðorður:

# Mikil móðgun við Kúrda

**ÍRAK, AP Jalal Talabani, forseti Íraks, hefur krafist þess að bandarísk stjórnvöld sleppi Írana sem var handtekinn á fimmtudag. Talabani segir það móðgun við heimastjórn Kúrda að Bandaríkin virði ekki lög Kúrda og hafi ekki haft samráð við heimastjórnina um málið. Áður hafði Massoud Barzani, forseti heimastjórnarinnar, einnig krafist þess að manninum yrði sleppt. Þá sagði hann handtökuna ólöglega.**



JALAL TALABANI

**Að sögn Talabani hafa Íranar hótað því að loka landamærum sem liggja að Kúrdahéraði ef manninum verður ekki sleppt.**

**Bandaríkjamenn halda því fram að Íraninn sé háttsettur í íranska byltingarvarðliðinu og hafi staðið fyrir smygli sprengiefna til Íraks. - þeb**

Banaslysið í Soginu:

# Vatnsrennslið til rannsóknar

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn er hafin á því hvort breytingar á vatnsrennsli í Soginu hafi verið orsök slyssins sem þar átti sér stað á miðvikudag. Þá var einum manni bjargað úr ánni en annar lést.

Sagt var frá því í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að lögreglan á Selfossi rannsakaði málið. Meira vatni var hleypt í gegnum Írafossvirkjun á þeim tíma sem slysið varð svo vatnsborð hækkaði um sex sentimetra.

Fram kom í fréttinni að Landsvirkjun hefði athugað málið og að farið hefði verið eftir settum reglum í einu og öllu. **- þeb**

BANDARÍKIN

**Smyglaði eðlum í gervifæti**

Bandaríkjamaður á yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsi fyrir að smygla sjaldgæfum ígúana-eðlum til Bandaríkjanna í hólfi í gervifæti sínum.

# Órói í Líbanon í aðdraganda kosninga

**Nýjasta morðið á líbönskum þingmanni er talið geta spillt fyrir viðræðum flokka um næsta forseta Líbanon. Margir Líbanar óttast að komist stjórnmálaflokkar ekki að samkomulagi geti það leitt af sér tvær ríkisstjórnir í landinu.**

**LÍBANON, AP** Vonir um að fyrirhugað forsetakjör í Líbanon geti höggvið á tíu mánaða pólitískan hnút milli ríkisstjórnarinnar, sem er hliðholl Vesturlöndum, og stjórnarandstöðunnar, sem er hliðholl Sýrlandi og Hisbollahsamtökin leiða, dvínuðu með morðinu á líbanska þingmanninum Antoine Ghanem í vikunni.

Ghanem var fjórði í röð þingmanna sem eru andstæðingar sýrlenskra stjórnvalda sem hafa verið myrtir frá því að núverandi þing var kosið um mitt ár 2005, eftir að Sýrland dró herlið sitt frá Líbanon. Að auki hafa fjórir aðrir andstæðingar sýrlenskra stjórnvalda verið myrtir á þessu tímabili.

Þjóðarsorg ríkti í Líbanon á föstudag og hundruð manna fylgdu Ghanem, bílstjóra hans og lífverði til grafar. Alls létust sjö manns þegar sprengja sprakk í bíl Ghanem í kristnu hverfi í Beirút.

Morðið á Ghanem hefur á ný beint kastljósi alþjóðasamfélagsins að stjórnmálaástandinu í Líbanon. Bæði Bandaríkin og Frakkland fordæmdu morðið harðlega og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna krafðist þess að tafarlaust yrði látið af skipulögðum morðum á líbönskum leiðtogum.

Óttast er að morðið hafi áhrif á viðræður milli andstæðra stjórnmálaflokka sem miða að því að komast að samkomulagi um næsta forseta.

Tveggjamánaðatímabil forsetakjörsins hefst næstkomandi þriðjudag þegar þing kemur saman á ný. Leiðtogar allra flokka hafa heitið því að stefna áfram að því að halda forsetakosningarnar þrátt fyrir morðið í vikunni.

Fyrrverandi forseti Líbanon og leiðtogi Falangistaflokksins, Amin Gemayel, hefur varað við að takist ekki að kjósa forseta geti það skapað valdatóm og að lokum leitt til þess að Líbanon klofni í tvennt. Sagði hann dauða Ghanem „skilaboð til Arababandalagsins, Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðsins að halda verndarhendi yfir forsetakosningunum svo að bjarga megi lýðveldinu Líbanon“.

Margir Líbanar óttast að klofningur fylkinga yfir forsetakjörinu geti leitt af sér tvær mismunandi ríkisstjórnir í Líbanon.

**sdg@frettabladid.is**






**TJARNARSPRETTURINN** Tuttugu manns tóku þátt í Tjarnarsprettinum, en í honum eru hjólaðir fimmtán hringir umhverfis Tjörnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lokadagur Samgönguviku:

# Góð þátttaka á lokadeginum

**SAMGÖNGUMÁL** Samgönguviku í Reykjavík lauk í gær með hópjhjólreiðum og hjólreiðakeppni. Um sextíu manns hjóluðu frá Nauthólsvík að Ráðhúsi Reykjavíkur og tuttugu hjólreiðamenn tóku þátt í Tjarnarsprettinum svokallaða. Sigurvegarinn í þeirri keppni var Hafsteinn Ægir Geirsson.

Samgönguvikan var sú fimmta sem haldin er í Reykjavík og markmið hennar er að vekja almenning til umhugsunar um ferðavenjur sínar og nauðsyn þess að draga úr mengun. **- þeb**

Leikskólaráð stofnar starfshóp:

# Gæsluleikvellir fá nýtt líf

**MENNTUN Hlutverk gæsluleikvalla verður endurskoðað svo koma megi betur til móts við þarfir barnafjölskyldna. Svo hljóðar tillaga meirihlutans í Leikskólaráði Reykjavíkurborgar sem var samþykkt samhljóða.**

**Tillagan felur í sér að stofnaður verði starfshópur sem kannar eftirspurn, nýtingu og kostnað við rekstur gæsluleikvalla.**

**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, segir tímabært að greina þarfir foreldra og leggja í kjölfarið fram hugmyndir að nýrri kynslóð gæsluleikvalla. - lbb**


FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

**Hjúkrunarfræðingar**

Auka aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga verður haldinn fimmtudaginn 27. september n.k. á Hótel Loftleiðum í Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 15:00. Allir félagsmenn eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétt.
Atkvæðisrétt hafa fulltrúar í stjórn og þeir fulltrúar svæðisdeilda sem kjörnir voru til setu á fulltrúaþingi Fíh í maí s.l.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga


Einar Hermannsson tekur afsökunarbeiðni ráðherra:

# Er þó ekki sáttur

**SAMGÖNGUR** Einar Hermannsson segist ekki hafa átt annarra kosta völ en að taka afsökunarbeiðni samgönguráðherra fyrir að hafa nefnt hann sérstaklega þegar spurt var um ábyrgð í Grímseyjarferjumálinu. Hann segist þó ekki sáttur. „Það var ansi súrt að þurfa að sitja undir þessu í fimm vikur og engin spurning um að ég var gerður að blóraböggli í þessu máli,“ segir Einar.

Kristján Möller samgönguráðherra segir þá hafa hist á tveggja og hálfs tíma löngum fundi. „Það er ljóst að Einar ber ekki einn ábyrgð á málinu. Ábyrgðin er hjá Vegagerðinni og samgönguráðuneytinu.“ Einar, sem er sjálfstætt starfandi skipaverkfræðingur, segir málið ekki hafa komið niður á öðrum verkefnum, en það sé deginum ljósara að mannorð hans hafi verið svert. „Ég vil sem minnst af þessu máli heyra og ég vona að því sé lokið.“ **- eb**



**GRÍMSEYJARFERJAN** Samgönguráðherra hefur beðið Einar Hermannsson verkfræðing afsökunar.



ÍSLENSKA / SIA.IS / LBI 39251 09/2007

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umhverfisvænni samgöngur eru nauðsyn.

## Tækifæri fyrir Ísland

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Einn af hápunktum samgönguviku í Reykjavík var alþjóðleg ráðstefna um umhverfisvæna samgöngutækni, þar sem innlendir og erlendir sérfræðingar spáðu í hvernig ná mætti því markmiði að gera að minnsta kosti landsamgöngur óháðar olíu og benzíni. Meðal helztu niðurstaðna ráðstefnunnar var að rafmagn myndi leika æ stærra hlutverk í því að knýja farartæki framtíðarinnar og að Ísland hefði tækifæri til að verða fyrsta landið í heiminum sem gæti orðið nánast óháð jarðefnaeldsneyti. Aðalforsendurnar fyrir því eru að jarðefnaeldsneytisnotkun á Íslandi takmarkast nánast eingöngu við samgöngur og sú innlenda orka sem nægt framboð er af er endurnýjanleg raforka.

Sérfræðingar spá því að olíulindir heims verði þurrausnar innan nokkurra áratuga. Það sem ekki síður knýr á um að dregið verði stórlega úr notkun jarðefnaeldsneytis er baráttan gegn gróðurhúsaáhrifunum. Brennsla jarðefnaeldsneytis – kola, olíu og jarðgass – er eins og kunnugt er aðaluppsretta gróðurhúsalofttegunda. Að vísu er losun koltvísýrings miklu meiri frá iðnaði og raforkuframleiðslu en frá bílaumferð í heiminum, en ekki sízt með tilliti til þess að útlit er fyrir að bílum muni fjölga um meira en helming á næstu 20-25 árum – úr um 925 milljónum nú í yfir tvo milljarða – er ljóst að mannkyninu mun lítið verða ágengt í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda nema með því að knýja þennan feiknarlega bílaflota með öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti.

Til að bregðast við þessu eru bílaframleiðendur farnir að bjóða upp á bíla knúna umhverfisvænni orkugjöfum. Þeir eru í stórum dráttum þrenns konar – lífrænt eldsneyti, rafmagn og vetni. Þar sem enn hafa ekki orðið nægar framfarir í þróun rafgeymatækninnar til að bílar knúnir rafmagni eingöngu verði samkeppnisfærir – nema þá sem smábílar til innanbæjarsnatts – og vetnis- og efnarafalstæknin er enn skemur á veg komin eru bílar knúnir lífrænu eldsneyti sá valkostur sem bílaframleiðendur hafa hingað til helzt boðið umhverfismeðvituðum bílnotendum.

Í Brasilíu eru lífetanólknúnir bílar markaðsráðandi og í Evrópu hefur það eldsneyti, sem framleitt er úr jarðargróðri, sótt hratt á, einkum og sér í lagi í Svíþjóð þar sem stjórnvöld hafa ýtt mjög undir fjölgun etanólbíla. Þótt koltvísýringur losni líka við brennslu lífetanóls þá er sú losun ekki meiri en það magn koltvísýrings sem plönturnar, sem eldsneytið er framleitt úr, höfðu áður síað úr loftinu. Þannig reiknað losnar allt að 80 prósent minni koltvísýringur þegar bíll gengur á E85-eldsneyti (85% etanól, 15% benzín) í stað benzíns. En nýjar rannsóknir draga umhverfisvænleika lífetanóls sem eldsneytis í efa. Í Lundúnablaðinu The Times var í gær greint frá rannsókn þar sem komizt er að þeirri niðurstöðu að þar sem mun meira magn nituroxíðs (N2O) en áður hafði verið talið losnaði við brennslu þess lífetanóls sem nú er á markaðnum (framleiddu úr repju og maís) væru gróðurhúsaáhrif af brennslu þess meiri en benzíns eða dísilolíu. Þetta helgast af því að nituroxíð hefur 296 sinnum meiri gróðurhúsaáhrif í för með sér en koltvísýringur.

Hvað sem hæft er í þessu er ljóst að lífetanól getur aldrei komið algerlega í stað benzíns og dísilolíu til að knýja allan bílaflota heimsins. Efasemdir um að etanól sé í raun umhverfisvænt ættu að hvetja bílaframleiðendur enn frekar til dáða að þróa aðrar lausnir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

50-70% AFSLÁTTUR

OPIÐ Í DAG KL. 12-16

VÍNLANDSLEIÐ 2-4 GRAFARHOLTI

SPORTVÖRUR FRÁ PUMA OG SPEEDO • TÍSKUFATNAÐUR FRÁ MUSTANG OG SKUNKFUNK • BARNAFATNAÐUR FRÁ TICKET 2 HEAVEN OG NEED




OPIÐ

Í dag kl. 12 – 16
Virka daga kl. 12 – 18
Laugardaga kl. 12 – 16

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gott … en svolítið seint

Kristján Möller samgönguráðherra upplýsti í viðtali við Blaðið í gær að hann hefði beðið Einar Hermannsson skipaverkfræðing afsökunar á að hafa nefnt hann einan sem ábyrgan í Grímseyjarferjuklúðrinu. Sjaldgæft er að íslenskir stjórnmálamenn biðjist afsökunar á orðum sínum og gjörðum og afsökunarbeiðni Kristjáns því athyglisverðari en ella. Orðin afsökuðu féllu á tröppum Stjórnarráðshússins fyrir hádegi 14. ágúst og strax eftir hádegi var Kristján gagnrýndur fyrir að gera Einar að blóraböggli. Það tók ráðherrann sjálfan heilar fimm vikur að átta sig á að þetta væri ekki eðlilegt en hann lifir sjálfsagt eftir orðatiltækinu; betra er seint en aldrei.



### Dýnur í þurrk

„Hvað var inni í dýnunum?“ spurði hafnarvörðurinn á Fáskrúðsfirði í Fréttablaðinu í gær þegar hann hugsaði heil tvö ár til baka, um menn sem höfðu með sér dýnur úr skútu sem kom til Fáskrúðsfjarðarhafnar í september 2005. Þetta eru vissulega eðlilegar hugleiðingar í ljósi atburðarins eystra á fimmtudag en grunur leikur á að Pólstjörnumálsmenn hafi notað sömu smyglleið áður. Um leið er þetta vísbending um að hversdagslegir atburðir sem sómakærir borgarar verða vitni að, jafnvel um hábjartan dag, geta verið liður í harðsvíruðum glæpaaðgerðum.



### Hví?

Fulltrúi og varafulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur vilja að trúnaði verði létt af nýfengnu mati á virði ljósleiðarakerfis fyrirtækisins. Rök þeirra eru þau að fjölmiðlar hafi komist yfir upplýsingarnar og málið því ekki á fárra vitorði eins og að var stefnt. Vilja þau að trúnaði verði aflétt svo stjórnarmenn geti tjáð sig um málið opinberlega. Þetta er auðvitað gott og blessað en spyrja má hvers vegna í ósköpunum verðmatið er trúnaðarmál. Íbúar Reykjavíkur, Akraness og Borgarbyggðar eiga Orkuveituna og stjórnarmenn eru þeirra fulltrúar og engra annarra. Raunverulegir eigendur hljóta að eiga rétt á að vita hvað þeir eiga og hvers virði eigur þeirra eru.

bjorn@frettabladid.is

**BITBEIN** Illugi Gunnarsson spyr:

## Á að greiða kennurum laun í samræmi við frammistöðu?



ILLUGI GUNNARSSON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

### Verðlaunum góða kennara

Velmegun okkar Íslendinga mun á næstu árum og áratugum ráðast af því hversu vel okkur mun takast upp í menntamálum. Þekking og sköpunargáfa ásamt ríkulegum náttúruauðlindum verður viðspyrna okkar í heimi sem gerir sífellt meiri kröfur um árangur. Krakkar sem núna eru í grunnskóla munu standa frammi fyrir samkeppni um störf við jafnaldra sína úti um allan heim þegar þau útskrifast úr háskóla. Störf sem við sitjum ein að um þessar mundir verða ekki varin í framtíðinni með fjarlægð Íslands frá Kína, Indlandi eða öðrum svæðum sem nú eru að eflast svo mjög. Alþjóðavæðingin mun í krafti upplýsingatækninnar ná til miklu fleiri starfa en iðnaðar- og framleiðslustarfa. Eina leiðin til þess að börnin okkar geti keppt í þeim heimi er að þau hafi að minnsta kosti jafn góða menntun og aðrir og helst betri.

**Þekking og sköpunargáfa**

Áður en ég sný mér að launum kennara langar mig að nefna eitt. Ég hef tekið eftir því að í umræðu um menntamál hér á landi skýtur öðru hverju upp þeirri skoðun að það sé í lagi að íslensk börn nái ekki topp árangri í greinum eins og stærðfræði og öðrum raunvísindagreinum vegna þess að við leggjum í staðinn meiri áherslu á sköpunargetu, frumleika og frumkvæði. Þetta eru einfaldlega ruglrök og stórhættuleg. Sköpunargáfa og frumkvæði eru að stórum hluta samfélagsleg fyrirbæri og færni í til dæmis stærðfræði dregur ekki úr slíkum gáfum. Þeir sem afsaka fremur slaka útkomu íslenskra grunnskólabarna í alþjóðlegum samanburði með því að íslensku börnin búi yfir meira frumkvæði og athafnaþrá en börn í öðrum löndum eru á villigötum. Sköpunargáfa annarra þjóða í kringum okkur er síst minni en sú sem við búum yfir og í mörgum þeim löndum sem nú eru að rísa í efnahagslegum skilningi mun samfélagsgerðin breytast þannig að frumkvæði og áhættutaka verði verðlaunuð sem skyldi.

**Núverandi kerfi er staðnað**

Menntun er því mikilvægari í samfélaginu okkar en nokkru sinni fyrr. Það gengur því ekki að við búum við það kerfi að kennarar fái ekki laun í samræmi við frammistöðu. Kerfið sem við höfum búið til er í raun þannig að besta leiðin sem kennari hefur til að hækka í launum er að eldast. Kennari sem sinnir starfi sínu illa, og slíkir kennarar eru til, fá sömu laun og kennarar sem leggja sig alla fram. Ekki þarf að hugsa málið lengi til að átta sig á því að þetta er ekki hvetjandi kerfi. Margar leiðir eru til að meta frammistöðu kennara, nýta má mat foreldra, mat nemenda, annarra kennara og skólastjóra. Aðalatriðið er að við eigum að hækka laun kennara en við eigum að hækka góða kennara meira en þá sem lakari eru. Þannig löðum við hæft fólk til að sinna þessu mikilvæga starfi. Við verðum að ná árangri og til þess þurfum við að breyta núverandi kerfi.

### Góð kjör – góður skóli

Grunnskólakennarar í heild fá sannarlega ekki laun í samræmi við frammistöðu. Grunnskólinn snertir líf sérhvers barns og ætti öllum að vera ljóst að kröfurnar sem samfélagið gerir á grunnskólann og þar með grunnskólakennara eru gríðarlegar. Þess vegna skýtur skökku við að það kjaraumhverfi sem grunnskólakennurum hefur verið skapað er fyrir neðan allar hellur. Staða kjaramálanna er á ábyrgð sveitarfélaganna eða samningsvettvangs þeirra, launanefndar sveitarfélaganna en auk þess hefur skapast sú hefð að sveitarstjórnarmenn komi ekki beint að umræðu um kjör kennara. Umræðan er þannig kæfð í einhvers konar samkomulagi um láglaunastefnu gagnvart stéttinni og þar með sérkennilegu samkomulagi um að börnin okkar búi við menntun í skugga óánægju kennara í stórum stíl.

**Grunnlaunin þarf að leiðrétta**

Umræðan um grunnlaun kennara og þeirra frumkjör er brýnni en umræða um frammistöðulaun sem yrði þá væntanlega byggð á verulega umdeilanlegu mati. Hvað er frammistaða kennara? Hvernig mælum við hana? Eru það einkunnir nemendanna sem reyndar kennararnir sjálfir gefa eða mat skólastjóranna eða samstarfsfólksins? Nú eða mat kennarans sjálfs? Samræmd próf? Skólahverfi með nemendum sem eru sterkir á svellinu þýða þá hærri laun, eða hvað? Hver á þá að meta frammistöðu nemenda ef einkunnir verða forsenda frammistöðumats kennara?

Hvernig á að meta árangur eða frammistöðu kennara sem er með 28 nemendur í stofu þar sem eru tveir með dyslexíu, þrír með athyglisbrest og fjórir sem ekki fengu morgunmat?

Það er ljóst að hefðbundnir mælikvarðar hæfnislauna standast engan veginn vegna flókins eðlis starfsins. Opið og skapandi skólastarf tíðkast í sífellt ríkari mæli og auk þess aukin samvinna og teymisvinna kennara.

**Trygging fyrir jöfnuði**

Kjör kennara varða ekki einungis kennarana sjálfa og þá sem launin greiða heldur snúast þau ekki síður um að byggja upp gott samfélag fyrir alla. Góð laun kennarastéttarinnar eru ákveðin trygging fyrir jöfnuði og öflugu samfélagi þar sem öll börn eiga kost á góðri grunnmenntun. Því á öruggt og stöðugt kjaraumhverfi kennara að vera baráttumál samfélagsins í heild.

Við Vinstri græn leggjum mikla áherslu á að öll börn eigi að njóta góðrar menntunar hvort sem þau búa við fátækt, félagslega erfiðleika eða fötlun og eða njóta ríkidæmis, öryggis og allsnægta. Frá þeirri kröfu hvikum við ekki undir nokkrum kringumstæðum.

Sterk grunnlaun og örugg kjör grunnskólakennara eru fyrsta skref í þeim leiðangri. Þá en ekki fyrr er hægt að ræða um frekari útfærslur og þá í fullu samráði við skólastjórnendur og kennara.

Auglýsingasími

512 5050

# SALA ÚTSALA ÚTSALA Ú

# ÚTSALA UM LAND ALLT



799
~~1.595~~

**Skrúfjárnasett, Toolux**
22 stk.
5010138

## Frystikista



32.999

**Frystikista, Frigor**
182 ltr. 89,5x73x64,5 sm,
hraðfrystikerfi
1805486



3.720
~~9.299~~

**Diskasett**
16 hlutir í pakka, rautt/svart
2200015

**3 rafhlöður**




12.999
~~19.995~~

**Hleðsluborvél, Hitachi**
12V, 3 rafhlöður 1,4 Ah, ljós og
bitasett fylgir með, allt í tösku
603400

## Öll salerni, blöndunartæki og handlaugar

20%
AFSLÁTTUR



## Öll ljós

20%
AFSLÁTTUR





790
kr/m2

**Plastparket, eik/hnota**
Tarkett
7mm ,1.290x192 mm
146878/146877

## Öll málning




25%
AFSLÁTTUR

# Við berjum niður verðið!

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjórnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

**BRUCE SPRINGSTEEN ER 58 ÁRA Í DAG**

*„Í Ameríku snýst allt um hver sé númer eitt í dag.“*

***Ameríski tónlistarmaðurinn Bruce Springsteen á langan og farsælan feril að baki í rokk- og dægurlagatónlist.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 23. SEPTEMBER 1980

## *Síðustu tónleikar Bob Marley*

Á þessum degi árið 1980 söng reggítónlistarmaðurinn Bob Marley á sínum síðustu tónleikum, í Stanley-leikhúsinu í Pittsburgh í Pennsylvaníu. Við það tækifæri var lagið Redemption Song tekið upp og var síðar gefið út á plötunni Songs of Freedom að honum látnum.

Bob Marley var fæddur og uppalinn á Jamaíku og er þekktasti og vinsælasti reggítónlistarmaður heims og af þekktustu lögum hans má nefna No Woman, No Cry, Could You Be Loved og I Shot the Sheriff.

Síðasta plata Bobs Marley, sem tekin var upp í stúdíói, heitir Uprising og kom út árið 1980 en hann var í tónleikaferð til að fylgja plötunni eftir þegar hann varð svo veikur að aflýsa þurfti ferðinni eftir tónleikana í Pittsburgh.

Marley greindist með krabbamein í stórutá árið 1977 en neitaði öllum meðferðum við því og meinið breiddist út um líkamann næstu árin. Það var síðan hinn 11. maí árið 1981 sem krabbameinið dró hann til dauða aðeins 36 ára að aldri.



**BOB MARLEY** Reggítónlistarmaðurinn hélt sína síðustu tónleika á þessum degi fyrir 27 árum.

## MERKISATBURÐIR

951 Ottó mikli verður konungur Ítalíu.
1241 Snorri Sturluson er veginn í Reykholti.
1719 Liechtenstein lýsir yfir sjálfstæði frá Þýskalandi.
1835 Skipið HMS Beagle, með Charles Darwin um borð, siglir til Karlseyju í Galapagos-eyjaklasanum.
1942 Sovétmenn snúa vörn í sókn í Stalíngrad.
1943 Tæplega 300 lögskilnaðarsinnar afhenda Alþingi áskorun um að ganga ekki frá sambandsslitum við Dani að svo stöddu.
1973 Fellibylurinn Ellen gengur yfir Ísland.
1994 Minnismerki afhjúpað á Öxnadalsheiði í tilefni þess að allur vegurinn milli Akureyrar og Reykjavíkur var malbikaður.



**MÖÐRUVALLAKIRKJA** Kirkjan var stærsta timburkirkja landsins þegar hún var byggð árið 1867.

## Möðruvallakirkja 140 ára

Möðruvallakirkja í Hörgárdal verður 140 ára hinn 23. september og verður því fagnað í kirkjunni þann dag með messu klukkan 14.

Möðruvallakirkja var reist á árunum 1865-1867. Þorsteinn Daníelsson á Skipalóni sá um smíðina en hún var teiknuð af Jóni Chr. Stephánssyni. Kirkjan var vígð 5. ágúst 1866, en ekki tekin út formlega og afhent söfnuði fyrr en 23. september árið 1867, fullbyggð. Möðruvallakirkja var stærsta timburkirkja landsins þegar hún var byggð enda voru Möðruvellir amtmannssetur í þá tíð og höfuðstaður Norðurlands. Kirkjan tekur 250 manns í sæti en hvelfingin er skreytt yfir tvö þúsund gifsstjörnum.

Í messunni mun sr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson, vígslubiskup á Hólum, predika, en sóknarpresturinn sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir þjónar fyrir altari. Kirkjukór Möðruvallaklaustursprestakalls syngur undir stjórn Helgu Bryndísar Magnúsdóttur. Eftir messuna verður afmæliskaffi í Leikhúsinu, sem er nýtt safnaðarheimili kirkjunnar.

FÉLAG BÝFLUGNABÆNDA: HELDUR UPPSKERUHÁTÍÐ

# Safna hunangi allt sumarið

Býflugnabændur á sunnanverðu landinu halda uppskeruhátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í dag klukkan 14-16.

Tómas Óskar Guðjónsson er forstöðumaður og sér jafnframt um býflugnabú garðsins. Hann segir um fimmtán starfandi býflugnabændur á landinu í dag en um tíu þeirra verða á uppskeruhátíðinni með afurðir sumarsins.

Tómas segir áberandi mun á hunanginu frá bændunum, bæði hvað varðar lit og bragð. „Bragðið fer bæði eftir því hvar og hvenær ársins hunanginu er safnað, þannig að það er annað bragð á vorin en haustin,“ segir Tómas og bætir því við að flugurnar í Húsdýragarðinum byrji að safna þegar víðirinn í Laugardalnum fer að blómstra og safni svo áfram yfir sumarið blómasafa og frjókornum sem þær vinni hunangið úr.

„Á uppskeruhátíðinni fær fólk að smakka og getur dæmt sjálft hvernig því líkar hunangið en það verður líka eitthvað af hunangi til sölu á staðnum. Síðan tökum við einn ramma úr garðinum og setjum í lokað sýningarbúr þar sem gestir geta séð hvernig þetta lítur allt saman út,“ segir Tómas og tekur fram að allir séu velkomnir á uppskeruhátíðina.

Aðspurður hvort fólk eigi nokkuð á hættu að vera stungið af býflugu, segir Tómas: „Nei, það er ekkert að óttast því þær hafa í sjálfu sér engan áhuga á fólki nema þær séu króaðar af eða angraðar á annan hátt. Þótt þær séu líkar geitungum að mörgu leyti þá hegða þær sér samt öðruvísi.“

Tómas segir fólk almennt ekki taka eftir flugunum sem fljúga um Laugardalinn. „Fólk sér þær ekki einu sinni þótt það standi mjög nálægt búinu nema það sé sérstaklega að leita að þeim,“ segir hann.

Það er Félag býflugnabænda sem stendur fyrir hátíðinni og Tómas segir félagið vera nokkuð virkt. „Við skiptumst á útbúnaði, sögum og hunangi auk þess að aðstoða hver annan og ég held að við hlökkum allir til að hittast í dag og bera saman bækur okkar,“ segir Tómas og bætir við: „Það er mjög misjafnt hvernig gengur með uppskeruna og má nefna sem dæmi að fyrsta uppskeran í Húsdýragarðinum árið 2000 var fimm kíló en í ár koma þrjátíu kíló úr einu búi.“

Tómas tekur einnig fram að kvenfélagið Hvöt frá Sandgerði verði á hátíðinni þar sem þær munu kynna sultur og kerti þannig að með sanni má segja að allsherjar uppskeruhátíð verði í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í dag.

sigridurh@frettabladid.is



**ÁNÆGÐUR MEÐ UPPSKERUNA** Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, sér um býflugurnar í garðinum og segir uppskeruna hafa verið verulega góða í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



†

*Móðir okkar,*

**Sigríður Einarsdóttir,**

sem lést miðvikudaginn 12. september, verður jarðsungin mánudaginn 24. september frá Árbæjarkirkju kl. 13.00.

**Kristín Sjöfn Helgadóttir, Skúli Möller,**
**Hrafnhildur Helgadóttir, Georg Guðjónsson,**
**Guðfinna Björk Helgadóttir, Helgi Axelsson,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær dóttir okkar, systir, barnabarn og mágkona,*

**Edda Sigrún Jónsdóttir,**
Álftamýri 8,

lést þriðjudaginn 11. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 25. september kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Anna Reynisdóttir, Jón Baldvin Sveinsson,**
**Halldór Jónsson, Helena H. Júlíusdóttir,**
**Guðbjörg R. Jónsdóttir, Brynjar Ingason,**
**Sigurður R. Jónsson, Svala Hilmarsdóttir,**
**Kjartan V. Jónsson, Olga B. Bjarnadóttir,**
**Svandís E. Jónsdóttir, Ólafur Þráinsson,**
**Hrefna V. Jónsdóttir, Tómas Rúnarsson,**
**Anna Sigurjónsdóttir, Kristján J. Ólafsson**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**
**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


AFMÆLI



**Bragi Guðbrandsson**, forstjóri Barnaverndarstofu, er 54 ára.



**Hjálmar H. Ragnarsson** rektor er 55 ára.



**45 ára afmæli**

23. september á hún

**Guðbjörg Helga Sigurðardóttir**

Hraunbæ 79,
45 ára afmæli
og fær hún innilegar hamingjuóskir
frá þeim sem heldur á henni.

Kveðja, Guðmundur Helgi.

# Breyttist úr prúðum dreng í vímuefnaháða morðvél

Ishmael Beah, fyrrverandi herdrengur frá Sierra Leone, mun lesa upp úr bók sinni Um langan veg: frásögn herdrengs, á opnum hádegisfundi í Iðnó á morgun, sem haldinn er á vegum Unicef, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Mun Ishmael fjalla um reynslu sína af borgarastyrjöldinni í Síerra Leóne, sem geisaði árin 1991 til 2002, þar sem hann var tekinn í her stjórnvalda og fengin skotvopn til að berjast gegn uppreisnarmönnum.

Þá var hann aðeins þrettán ára en ekki leið á löngu þar til drengurinn var á valdi fíkniefna og búinn að drepa fleiri en hann gat hent reiður á.

Unicef tókst að bjarga Ishmael þremur árum seinna og aðstoðaði hann við að aðlagast samfélaginu á ný. Hann hefur nú náð að skapa sér nýtt líf og miðlar af reynslu sinni. Með bók sinni vill Ishmael vekja almenning til umhugsunar um þá hræðilegu staðreynd að um 300.00 börn séu látin berjast í tæplega 50 styrjöldum sem geisa í dag.

Hann vill leggja sitt af mörkum til að börn öðlist frelsi og fái aðstoð til að endurheimta líf sitt.

Bók Ishmael hefur vakið heimsathygli en þess má geta að hún kom út í íslenskri þýðingu á vegum JPV í byrjun síðustu viku og fékk heitið Um langan veg: frásögn herdrengs.

Ishmael mun árita bókina eftir hátíðarfundinn í Iðnó, sem verður eina tækifæri landsmanna til að heyra frásögn höfundarins frá fyrstu hendi, þar sem hann dvelur stutt á landinu.

- rve



Börnin í Síerra Leóne hafa mörg orðið fyrir barðinu á grimmd stríðsins.


skattur.is

**Til forráðamanna hlutafélaga, einkahlutafélaga og annarra skattskyldra lögaðila**

# Framtalsfrestur félaga er liðinn



**Minnt er á að í fyrri hluta október fer fram álagning opinberra gjalda lögaðila vegna rekstrarársins 2006.**

Framtalsfrestur er nú liðinn og eru því þau félög sem enn eiga eftir að skila skattframtali 2007 ásamt ársreikningi hvött til að skila hið allra fyrsta.

**Bent skal á að skattframtali skal alltaf skila, jafnvel þó að engin eiginleg atvinnustarfsemi eða rekstur hafi verið til staðar hjá félaginu.**

Hægt er að skila skattframtali og ársreikningi rafrænt á **www.skattur.is.**

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

# Er sjálf svo mikið barn

**Hrund Þórsdóttir** hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í vikunni sem leið fyrir sína fyrstu bók, Loforðið. Í samtali við *Bergstein Sigurðsson* ræðir Hrund meðal annars systurmissinn sem varð til þess að hún skrifaði bókina og hvað má skrifa fyrir börn.



Kvöld eitt í fyrravor átti Hrund erfitt með að sofna. Á meðan hún lá hugsi kviknaði hugmynd. Hún hélt fyrir henni vöku og lét hana ekki í friði fyrr en Hrund læddi sér fram úr klukkan þrjú um nótt og hripaði hana niður á blað. Nú er hugmyndin komin út á bók og hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin sem afhent voru á miðvikudag. Loforðið segir frá Ástu, ellefu ára hnátu sem stendur frammi fyrir því að besta vinkona hennar, Eyvör, er dáin.

Þetta er persónuleg bók fyrir Hrund, en systir hennar fórst í bílslysi ásamt vinkonu sinni fyrir hálfu fjórða ári, ekki nema þrettán ára gömul. „Það gengur vitaskuld mikið á eftir að slíkt áfall dynur yfir," segir Hrund. „Það brjótast um alls konar tilfinningar og vangaveltur og þessa nótt leyfði ég þeim að rata á blað í gegnum þessa bók." Um sumarið hélt hún síðan til Kaupmannahafnar og dvaldi þar í tvo mánuði á meðan hún lauk við bókina.

Þetta er fyrsta bók Hrundar, sem er 26 ára gömul. „Mér hefur alltaf þótt gaman að skrifa. Ef ég fékk blöð og liti þegar ég var lítil gat ég dundað mér tímunum saman við að teikna, lita og skrifa. Ég skrifaði hins vegar ekkert á unglingsárum, á engar sögur ofan í skúffu eða neitt slíkt. Löngunin blundaði þó alltaf í mér og eftir að systir mín lést ákvað ég að láta slag standa. Í gegnum skriftirnar fékk ég útrás fyrir þær tilfinningar sem voru að brjótast um í mér."

### Má skrifa um allt fyrir börn

Þótt efni bókarinnar sé viðkvæmt segir Hrund að það hafi legið beint við að skrifa barnabók um það. „Ég hef mikinn áhuga á barnabókmenntum og les þær jöfnum höndum nú eins og þegar ég var krakki. Góð barnabók á jafn mikið erindi við fullorðna og börn. Það gilda ekki önnur lögmál um barnabækur en bækur fyrir fullorðna, og maður þarf ekki síður að vanda sig þegar maður skrifar fyrir börn. Þau eru þakklátir lesendur en vandlátir og snögg að ákveða hvort þeim líkar eitthvað eða ekki.

Efnislega eru hins vegar engar lokaðar dyr. Ég held að það megi skrifa um hvað sem er fyrir börn og það hafa líka verið skrifaðar frábærar bækur sem taka á viðkvæmum málum á borð við að missa ástvin, til dæmis Bróðir minn Ljónshjarta. En oft á tíðum finnst mér gæta þeirrar tilhneigingar í barnabókum að gera slíka atburði fjarlæga. Ömmur og afar falla kannski frá en oft er lítið unnið úr áhrifunum sem það hefur á börn. Að þessu leyti er Loforðið kannski opinskárri en gengur og gerist í barnabókum."

### Lokaverkefni sem varð að bók

Hingað til hefur Hrund fengið útrás fyrir skriftarþrána sem blaðamaður en hún vinnur sem blaðamaður á Vikunni en var þar áður á Morgunblaðinu. Hugur hennar hafði í nokkurn tíma staðið til fjölmiðla en að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík skráði hún sig í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Loforðið var upphaflega hluti af lokaverkefni Hrundar í meistaranáminu.

„Mig langaði að læra fjölmiðlafræði en það var ekki í boði sem fullt nám við Háskóla Íslands. Ég skelti mér því í stjórnmálafræðina enda hafði ég líka gott af að læra eitthvað á því sviði. Áhugasviðið liggur fyrst og fremst á hinu mannlega og félagslega. Þegar ég var að ljúka BA-prófi byrjaði Háskóli Íslands hins vegar að bjóða upp á meistaranám í blaða- og fréttamennsku og ég skellti mér beint í það," segir Hrund. „Lokaverkefnið er tvískipt í fræðilegan og verklegan hluta. Sá fyrri er hefðbundin ritgerð en þar skrifaði ég um barnabókina og fjölmiðlaumhverfi nútímans. Í verklega hlutanum

> En oft á tíðum finnst mér gæta þeirrar tilhneigingar í barnabókum að gera slíka atburði fjarlæga. Ömmur og afar falla kannski frá en oft er lítið unnið úr áhrifunum sem það hefur á börn. Að þessu leyti er Loforðið kannski opinskárri en gengur og gerist í barnabókum.

## ÚR LOFORÐINU




**Næsta dag var haldin minningarathöfn um Eyvöru í skólanum og mamma fór með Ástu. Það var skrýtið að koma í skólann á laugardegi og hitta alla undir öðrum kringumstæðum en venjulega.**

**Samkomusalurinn var troðfullur af krökkum og foreldrum. Allir voru alvarlegir á svipinn og margir sem höfðu þekkt Eyvöru vel sátu grátandi á fremstu bekkjunum. Margir aðrir grétu líka og fullorðna fólkinu virtist ekki líða betur en krökkunum.**

**Sorgin var næstum því áþreifanleg. Hún hékk makindalega í loftinu og teygði sig óvægin inn í hjartað á öllum sem voru á staðnum.**

**Margir horfðu forvitnir á Ástu og mömmu þegar þær gengu inn í salinn. Á borði við einn vegginn stóð mynd af Eyvöru og sumir höfðu komið með blóm og lagt þau hjá myndinni. Margir krakkar höfðu líka búið til kort með fallegum kveðjum til fjölskyldu Eyvarar og sumir höfðu meira að segja skrifað kort handa Ástu. Henni þótti vænt um að sjá það og fannst hún þá ekki alveg eins ein í heiminum.**

gerðu flestir útvarpsþætti, heimildarmyndir, blaðagreinar og svo framvegis en ég fékk leyfi til að fara óhefðbundnari leið og skrifa barnabók. Þetta er nýtt nám og sem betur fer eru kennararnir opnir fyrir ferskum hugmyndum geti maður rökstutt að verkefnið eigi heima á þessu sviði.“

### Bjóst ekki við að vinna

Í fyrstu vakti það eitt fyrir Hrund að ljúka við lokaverkefnið og útskrifast en fljótlega eftir að hún byrjaði á Loforðinu fékk hún á tilfinninguna að sagan væri þess verð að vera gefin út á bók. „Ég ákvað hins vegar að bíða með að leita eftir útgáfu. Ég vissi af verðlaunasamkeppni Íslensku barnabókaverðlaunanna og sendi handritið inn undir dulnefni. Ég bjóst ekki við að vinna, fyrir mig snerist þetta fyrst og fremst um að hafa að minnsta kosti látið slag standa, það var ekki síður mikill sigur fyrir sjálfa mig að vita að ég hefði sjálfsagann sem þarf til að setjast niður og skrifa heila bók.“

### Varðveitir barnið í sér

Hrund segir að hún hafi ekki þurft að setja sig í stellingar, hún eigi auðvelt með að sjá lífið frá sjónarhorni barnsins. „Ég er sjálf svo mikið barn,“ segir hún og hlær. „Ég varðveiti barnið í mér og finnst gaman að leika mér. Mér finnst líka svo stutt síðan ég var tólf ára og vona að ég hafi enn þá tilfinningu fyrir því.“

Það er vissulega ekki svo ýkja langt síðan Hrund var tólf ára en engu að síður hefur mikið breyst á ekki lengri tíma, til dæmis á bókin í sífellt meiri samkeppni við aðra miðla og afþreyingu. „Ég á ekki börn sjálf og umgengst þau ekki daglega en ég hef á tilfinningunni að yngsta kynslóðin sé kannski opnari og óheftari nú en áður. Ég hef ekki minnstu áhyggjur af þeim þótt ég vildi að börn læsu enn meira en þau gera. En ég held að öllum finnist skemmtilegt að heyra góðar sögur og það er mikilvægt að gleyma ekki bókinni í öllu hinu sem stendur til boða.“

### Flýtir sér hægt

Það hefur mikið mætt á Hrund frá því tilkynnt var að hún hefði hlotið Íslensku barnabókaverðlaunin og hún sér fram á skemmtilega mánuði enda verður þetta fyrsta jólabókaflóðið sem hún tekur þátt í sem höfundur en ekki aðeins lesandi. Og fær góðan meðbyr í upphafi ferilsins. „Já, þetta er frábær byrjun,“ tekur hún undir. „Og ekki síður ánægjulegt að barnabækur séu að vekja meiri athygli. Mér þykir barnabókahöfundar oft ekki njóta jafn mikillar virðingar og aðrir höfundar þótt þeir eigi það fyllilega skilið. Ég vona að það verði breyting á því.“

Hrund kveðst vera með ýmsar hugmyndir í kollinum en fer sér þó að engu óðslega. „Ég ætla ekki að setja neina pressu á sjálfa mig. Ég á vonandi eftir að skrifa meira og hef eins og er mestan áhuga á frekari skrifum fyrir börn. Blaðamennskan hentar mér líka vel. Ég skipulegg framtíðina ekki lengra en til morguns.“





ARGUS / 07-0731

**Einstök kjör**

**Gríptu tækifærið fyrir 15. október**

- Gjafabréf fyrir tvo í Borgarleikhúsið
- 10.000 kr. gjafabréf á veitingahúsið Argentínu eftir þriggja mánaða virk viðskipti
- Frítt e[2] vildarkort fyrsta árið

DMK þjónusta SPRON miðar að því að mæta þörfum ungs fólks á leið út í lífið og gera fjármálin einfaldari, hagkvæmari og þægilegri.*

- ***DMK DEBETKORT*** – ekkert árgjald
- ***DMK YFIRDRÁTTARHEIMILD*** – LÍN-kjör fyrstu tvö árin
- ***DMK TILTEKTARLÁN*** – á einstökum kjörum
- ***DMK LÉTTLÁN*** – léttari greiðslubyrði
- ***DMK RÁÐGJÖF*** – sérsniðin að þörfum hvers og eins
- ***DMK 50% AFSLÁTTUR*** – af kreditkortum
- ***DMK 90% ÍBÚÐALÁN*** – sérkjör á brunatryggingu fyrstu íbúðar
- ***DMK REGLULEGUR SPARNAÐUR*** – ýmis sérkjör

**Frítt Einkaklúbbskort**

Viðskiptavinum í DMK stendur til boða frítt Einkaklúbbskort.

**Skoðaðu framtíðina með *DMK* og sæktu um á spron.is**

* skv. útlánareglum SPRON

75 ára | spron

**Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is**

# Fólkið á sléttunni

Landið Kasakstan hefur verið talsvert í umræðunni eftir að hinn uppdiktaði fjölmiðlamaður Borat, sem er sagður frá Kasakstan, hóf að gera garðinn frægan. En hvernig land er Kasakstan í raun og veru? *Guðmundur Steingrímsson* brá sér á staðinn.

Aa! Guðjohnsen! Ég þekki hann!" Svo hrópaði mjósleginn kasakstanskur kjörstjórnarmaður á miðjum aldri með gulltennur og yfirvaraskegg í litlu þorpi í Norður-Kasakstan eftir örstutt kynni í gegnum túlk við greinarhöfund. Hann reyndist vera fótboltaáhugamaður.

Þingkosningar fóru fram í Kasakstan í ágúst síðastliðnum, nánar tiltekið þegar Menningarnótt var á Íslandi. Greinarhöfundur var á meðal ríflega 400 kosningaeftirlitsmanna á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Þar af komu þrír frá Íslandi, þeir Ingólfur Bjarni Sigfússon fréttamaður og Högni Kristjánsson sendifulltrúi auk höfundar. Starfið fólst í því að keyra á milli kjörstaða í sveitahéruðum við annan mann, ásamt túlki og bílstjóra, og athuga hvort kosningar færu fram samkvæmt kúnstarinnar reglum.

Í stuttu máli var margt athugavert við kosningarnar, einkum talninguna – eins og ÖSE hefur greint frá. Stjórnmálaflokkurinn Nur Otan, flokkur forseta Kasakstans, Nursultans Nasarbajevs, hlaut 88 prósent atkvæða og öll þingsætin hvorki meira né minna. Sjö aðrir flokkar buðu fram, en enginn hafði árangur sem erfiði. ÖSE fann einnig að því, að nokkuð skorti á að aðrir flokkar en flokkur forsetans fengju viðhlítandi fjölmiðlaumfjöllun og auglýsingapláss, sem telst kurteislega orðað.

### Jafnstórt og Vestur-Evrópa

Kasakstan er níunda stærsta land í heimi að flatarmáli. Það er á stærð við alla Vestur-Evrópu. Þar búa hins vegar einungis um 15 milljón manns. Landið er því ákaflega strjálbýlt, öfugt við nágrannalandið Kína. Kasakstan liggur á steppunum, þannig að landslagið er mestmegnis endalaus slétta með örfáum litlum fjöllum á stöku stað – og er því ekki hentugt ferðaland fyrir fólk með víðáttufælni – en þó eru fjallgarðar í austri. Í vestri liggur landið að Kaspíahafinu. Það er til marks um landflæmið, að það tekur um fjóra tíma að fljúga frá austri til vesturs yfir Kasakstan.

Stærsta borgin heitir Almaty, en hún var áður höfuðborg landsins, og liggur í suðausturhluta þess, að landamærum Kína. Sú borg þykir svo til eina heimsborgin í landinu, er umkringd fjöllum og státar meðal annars af mikilli eplarækt, en nafn hennar þýðir bókstaflega Eplaborgin. Epli skipa raunar ríkan sess í þjóðarvitund Kasakstana. Ef það er einhver einn fróðleiksmoli sem er sérstaklega notaður til landkynningar í daglegu tali, þá er það líklega sá, að eplin hafi upphaflega komið frá Kasakstan.

Að öðru leyti hefur saga Kasakstan alltaf verið sveipuð mikilli dulúð. Í fornöld sögðu grískir sagnfræðingar frá því að einhvers staðar í austri, þar sem Kasakstan er núna, væri land dreka og ófreskna. Einnig var því haldið fram að Amasónurnar, hinar stríðsglöðu fegurðargyðjur, kæmu frá Kasakstan. Genghis Khan fór líka þeysireið um landið á sínum tíma ásamt fólki sínu, en á tímum Sovétríkjanna og raunar einnig á tímum rússnesku keisaranna var landið alltaf hálffalið. Það var meðal annars brúkað til fangabúða og einnig var geimferðaráætlunum Sovétmanna skotið á loft í miðju landinu á sínum tíma, við talsverða leynd.

### Forsetinn allsráðandi

Höfuðborg landsins heitir hins vegar Astana. Þar til fyrir tíu árum eða svo var Astana lítið þorp á miðri steppunni í norðurhluta landsins. Nursultan Nasarbajev tók þá ákvörðun svo að segja einn daginn að gera þetta þorp að höfuðborg. Síðan þá hefur uppbyggingin þar verið gríðarleg og þar rísa gullturnar, sem eru í þónokkurri andstöðu við hrörlega kofa sveitaþorpanna. Líklega var það snjallt hjá Nasarbajev að færa höfuðborgina. Í gömlu höfuðborginni, Almaty, er nefnilega andstaðan við hann mest og þar var einungis 22 prósent þátttaka í þingkosningunum. Með því að færa höfuðborgina skildi hann andstæðinga sína eftir og stjórnar öllu flæminu úr sínu eigin hreiðri. Auk þess virðist forsetinn hafa verið nokkuð lunkinn, svo vægt sé til orða tekið, að koma í veg fyrir árangur og uppgang annarra stjórnmálaleiðtoga í landinu almennt með ýmsum ráðum.



**HÖFUÐBORGIN** Í Astana rís nú hver glæsihöllin á fætur annarri. Gríðarlegt fjármagn streymir til landsins. Astana var gerð að höfuðborg fyrir um tíu árum.



**NURSULTAN NASARBAYEV** Forsetinn hefur tögl og haldir í Kazakstan.

Kasakstan er ákaflega auðugt land af auðlindum. Olía, gas, málmar og gull eru þar í jörðu, svo áhugi vestrænna fjárfesta hefur aukist svo um munar og hagvöxtur verið mikill. Nasarbajev er gamall kommúnistaleiðtogi sem náði að lifa af fall Sovétríkjanna og endurskilgreina sig sem mann frjálsræðis og vestrænna viðskiptahátta, að eigin sögn. Þetta hefur bæði aflað honum nánast blindra vinsælda sem og ákaflega mikilla áhrifa í vaxandi viðskiptalífi landsins, en ítök hans í fyrirtækjum eru mikil og auður hans megn.

Forsetinn telst í raun allsráðandi í landinu. Í einu skrefinu í átt til lýðræðis, sem forsetinn hefur flaggað mjög, er til dæmis kveðið á um það að forseti megi einungis sitja í ákveðið mörg kjörtímabil. Hann sjálfur er hins vegar undanþeginn þessu.

### Foss, hross og Borat

„Ég ætla að sýna ykkur foss," sagði bílstjórinn Vladimir. Hann er Rússi eins og fjórðungur þjóðarinnar. „Við skulum aðeins stoppa og taka myndir."

Fossinn reyndist ná mér upp að mitti og var ekki breiðari en lærið á mér. Ég hló dálítið að þessu í huganum. Þarna í Norður-Kasakstan, og raunar víðar skildist mér af afspurn, er satt að segja ekki sérstaklega mikil náttúrufegurð á klassískan mælikvarða, þótt vissulega sé óviðjafnanlegt að upplifa alla víðáttuna. Þeim mun fallegra var að heyra hvað innfæddir reyndust stoltir af því litla sem þeir þó geta flaggað. Ef fjöll eru í fjarska – tvö lítil fjöll – kallast þau „fjöllin bláu" og Genghis Khan á að hafa sofið við rætur þeirra. Stór steinn þykir undur og ef þorp liggur að vatni, svo ekki sé talað um skóg, telst það mögulegur ferðamannastaður.

Mikið er borðað af hrossi. Einhvers konar kæst hrossamjólk telst vera mikið lostæti. Matur er kryddaður með salti og pipar og jafnan mikið soðinn. Fólkið er vinalegt og afslappað. Í sveitaþorpunum eru oft illfærir malarvegir og húsin eru hrörleg, utan einstaka bygginga sem jafnan eru blámáluð í anda þjóðfánans. Einu sinni sagði ég stundarhátt við túlkinn, stúlku um tvítugt sem hafði nýlokið enskukennaranámi, að margt í þorpunum minnti mig dálítið á kvikmyndina hans Borat, þrátt fyrir að vissulega væru í því meistarastykki margar yfirþyrmandi rangfærslur um landið.



**LÍFIÐ Í ÞORPUNUM** Kasakstan er ein stór slétta, á stærð við Vestur-Evrópu, og mjög strjálbýlt. Í þorpunum eru malarvegir og oft ansi hrörlegar aðstæður, þótt fólkið virðist ekki kvarta.



**BORAT** Frægasti „Kasakstani" í heiminum í dag.

Epli skipa raunar ríkan sess í þjóðarvitund Kasakstana. Ef það er einhver einn fróðleiksmoli sem er sérstaklega notaður til landkynningar í daglegu tali, þá er það líklega sá, að eplin hafi upphaflega komið frá Kasakstan.

Ég fann að þarna hafði ég snert á örlítið viðkvæmu umræðuefni. Henni fannst Borat fyndinn. Það sem mér fannst fyndnast var að sjá að í Kasakstan – alveg sama hvað Kasakstanar segja – gæti Borat þrátt fyrir allt vel búið, þegar öllu er á botninn hvolft, svona af útliti þorpanna að dæma. Ef Sacha Baron Cohen ætlaði sér að stríða aðeins hinum mikla Nursultan Nasarbajev og gera lítið úr gullturnunum hans í Astana, með því að láta Borat koma frá Kasakstan, að þá er ekki hægt að segja annað en að honum hafi tekist ætlunarverkið.

### Ein lítil pólitísk vakning

„Ég ætla ekki að vera lengi í námi," sagði kasakstönsk stúlka á spjalli. „Í mesta lagi í eitt ár í viðbót, en þá verð ég orðin 22 ára gömul. Þá vil ég stofna fjölskyldu."

Stúlkan sagði að draumur sinn væri að flytja til hinnar nýju höfuðborgar og fá starf hjá alþjóðlegu fyrirtæki. Alla Kasakstana, sagði hún, dreymdi um að búa í Astana.

Þegar talið barst að stjórnmálunum benti stúlkan á að í raun væri enginn annar á sviðinu en Nasarbajev. Eftir smá tal um þetta, féllst hún á að vissulega væri það bagalegt að enginn annar flokkur veitti honum aðhald. Í þágu markmiðsins um virka og öfluga stjórnarandstöðu ákvað hún eftir smá óformlegt spjall um gildi öflugs fjölflokkakerfis, að ljá sósíaldemókrötum atkvæði sitt. „Jafnvel þótt leiðtogi þeirra sé fífl," sagði hún. Hann hafði víst dvalið í fangelsi um hríð. Ég velti fyrir mér af hverju. „En auðvitað er það rétt að það verða að vera einhverjir valkostir."

Kasakstan mun vonandi verða öflugra lýðræðisríki í framtíðinni og forsetinn segir stefnuna óhikað liggja þangað, þótt eitthvað skorti á að hann telji fýsilegt að hann sjálfur sleppi stjórnartaumunum. Næstum 70 prósent kosningaþátttaka var í landinu öllu, og mun meiri í sveitahéruðunum. Nánast allir sem kusu, eins og áður sagði, kusu flokk forsetans. Nema viðmælandinn, þrátt fyrir dálæti sitt á leiðtoganum. Í þágu virkrar stjórnarandstöðu.

### Nursultan í lax?

Það var eitthvað súrrealískt við það að tala um Eið Smára þarna einhvers staðar úti í sveit á miðri víðáttunni. Þegar greinarhöfundur tjáði hinum uppveðraða fótboltaáhugamanni að Eiður væri frændi sinn – en báðir eru afkomendur Böðvars Magnússonar og Ingunnar Eyjólfsdóttur á Laugarvatni, sem fylgdi reyndar ekki sögunni í þessu tilviki – sór hinn gulltennti kjörstjórnarmeðlimur skælbrosandi að hann skyldi ekki þvo á sér hægri höndina í viku eftir handaband.

Hann ætlaði að setja höndina í plastpoka, sagði hann. Til varðveislu. Svo hló hann hátt. Það er einmitt það, hugsaði ég og hló líka. Kasakstanar hafa greinilega alveg ágætan húmor.

Annað sagði þessi maður sem greinarhöfundi þótti merkilegt: „Bróðir minn er túlkur forsetans, og hann fór með forsetanum fyrir nokkrum árum til Íslands að hitta íslenskan bisnessmann sem er vinur forsetans."

Nú, nú, hugsaði ég. Hver ætli hafi boðið Nursultan Nasarbajev til Íslands? Kannski í lax?

Hinn brosmildi kjörstjórnarmaður vissi ekkert um það. „Forsetinn fer út um allt!" sagði hann bara og lét í ljós innilega ánægju með forseta sinn, bróður sinn, Kasakstan, kosningarnar, hrossakjöt, Eið Smára og Ísland. En ekki Borat, þótt hann líktist honum óneitanlega dálítið.

# Næstu námskeið að hefjast

**Computer and office courses for beginners and advanced users**

**María Björk Guðmundsdóttir**
**Skrifstofustjóri Hive á Akureyri**

„Tölvu- og skrifstofunámið hjá Tölvuskólanum Þekkingu var fróðlegt, fjölbreytt, skemmtilegt og umfram allt mjög gagnlegt.
Ég var í vinnu samhliða náminu og strax í byrjun gat ég nýtt mér þekkingu úr skólanum í starfi mínu. Kennararnir voru líka alveg frábærir og skiluðu sínu í tímum og því var ekki mikið um heimanám.
Góður skóli, gott starfsfólk, góð menntun."



## Tölvu- og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðuð 200 stunda námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar í bókhaldsdeildum stærri fyrirtækja.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu (ECDL).

**Tölvugreinar:**
Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, PowerPoint, Internet og Outlook, stafrænar myndavélar og vinnsla stafrænna mynda.

**Viðskiptagreinar:**
Verslunarreikningur, virðisaukaskattur, reglur og skýrslur, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald

Hefst 25. september. Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldhópa. Lengd námskeið 200 stundir og er metið til eininga.
Verð kr. 153.000,- Allt innifalið, kennslubækur og alþjóðleg próf.
Ýmsir greiðsluskilmálar og staðgreiðslulán.

## Annað starfsnám

**Bókhald 1**
Sérlega hagnýtt 100 stunda bókhaldsnámskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Hentar einnig þem sem vilja styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu.
Kennt er þrisvar í viku. Morgunnámskeið hefjast 12. okt. og 8. nóv.
Kvöld- og helgarnámskeið hefjast 13. okt og 8. nóv .
Verð kr. 94.000,- Allt innifalið.

**Bókhald 2**
Stutt og hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi. Hentar þeim sem hafa bókhaldsreynslu eða hafa lokið fyrri áföngum í bókhaldi og þurfa að ná frekari skilningi og færni í færslu bókhalds.
Kennsla hefst 27. sept. Morgun- eða kvöldnámskeið.
Lengd 32 std. Verð kr. 36.000,-

## ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám fyrir fólk á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

- **Windows tölvugrunnur**
- **Word ritvinnsla**
- **Excel töflureiknir**
- **Internet og tölvupóstur í Outlook**
- **PowerPoint**

Hefst 25. sept og lýkur 1. nóv. Kennt er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldnámskeið. Mögulegt er að skipta á milli morgun- og kvöldhópa (t.d. fyrir vaktavinnufólk).
Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,- Allt innifalið.

## MCSA

Aðalmarkmið MCSA námskeiðsins er að gera þátttakendur hæfa til að starfa sem sérfræðingar og umsjónarfólk Microsoft netkerfa og veita þeim jafnframt eftirsótta alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

**Námsbrautin samanstendur af námskeiðunum:**
- Installing, Configuring, and Administering Microsoft Windows XP Professional (70-270)
- Managing and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Environment (70-290)
- Implementing, Managing, and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Network Infrastructure (70-291)
- Implementing and Managing Microsoft Exchange Server 2003 (70-284)

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 17.30 - 21.30
Kennsla hefst 27. september og lýkur 28. febrúar.
Lengd 240 stundir. Verð kr. 290.000,-
Allt kennsluefni og 4 próf innifalin.

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

**Fengu vinnu meðan á námi stóð:**
Nú er tækifærið. Eftirspurn eftir upplýsingatæknimenntuðu fólki hefur aldrei verið meiri. Flestir nemendur okkar fengu vinnu meðan á námi stóð.

„Mjög praktískt nám sem hefur margborgað sig."
*Rúnar Páll Rúnarsson, kerfisfræðingur.*

„Nám sem stóð undir öllum mínum væntingum og opnaði fyrir mig leiðir í starf kerfisfræðings hjá stóru fyrirtæki."
*Teitur Hjaltason kerfisfræðingur.*

## MCP XP

Kennsla hefst 27. sept. og lýkur 30. okt.
Lengd 60 std. Verð kr. 89.900,-
Allt kennsluefni og tilskilið próf (70-270) innifalið.

Microsoft CERTIFIED Professional

**Sjá nánari lýsingar og stundaskrár á vef skólans www.tsk.is.**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 | 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS | SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

# Hinsta kveðja The Sopranos

Sjónvarpsþáttaröðin **The Sopranos** hefur runnið sitt skeið, mörgum til mikillar skelfingar. Af því tilefni pantaði *Freyr Gígja Gunnarsson* sér borð á Badabing og blaðaði í spjaldskrám þessarar sögulegu sjónvarpsþáttaraðar sem hefur breytt bandarísku sjónvarpsefni.



**GENGIÐ** Þeir Michael Imperioli, James Gandolfini, Tony Sirico og Steven Van Zandt í hlutverkum sínum í The Sopranos.

The Sopranos var fyrst sýndur í bandarísku sjónvarpi í janúar árið 1999 á HBO-kapalsjónvarpsstöðinni. Áhorfendum var þá snarlega kippt inn í heim ítalskættaðs mafíósa, Tony Soprano, sem var þá á barmi taugaáfalls og riðaði til falls sökum ofsakvíðakasts. Tony leitar til sálfræðingsins dr. Jennifer Melfi og upp frá því má eiginlega segja að hin margslungna og flókna saga Sopranos-fjölskyldunnar hefjist. Of langt mál væri að útskýra allar þær hliðargötur og skuggasund sem Tony og félagar hans í New Jersey hafa stútað manni og öðrum í enda er The Sopranos fyrst og fremst þroskasaga manns sem leitar að tilgangi lífsins í miðri hringiðu skipulagðra glæpa.

### Endalokin yfirvofandi

„Í Bandaríkjunum ríkir hálfgert æði yfir endalokum The Sopranos. Allir vilja vita hvernig sagan endar, hver deyr og hver lifir af," sagði Michael Imperioli, sem leikur Christopher Moltisani í þáttunum í viðtali við Fréttablaðið þegar hann var staddur hér á landi vegna kvikmyndarinnar Stóra planið. Þá lýsti Imperioli því yfir að hann myndi sakna þáttanna en væri vissulega feginn að þeim væri lokið. „Við erum ekkert að teygja lopann eins og svo mörgum hættir til."

Hinn 10. júní rann stóra stundin upp þegar síðasti þátturinn fór í loftið og talið er að tæplega tólf milljónir manna hafi horft á endalokin um mafíufjölskylduna. Lokaþátturinn fékk misjafnar viðtökur. Sumir gagnrýnendur sögðu að höfundar þáttanna hefðu svikið áhorfendur en öðrum fannst lokaþátturinn hafa verið í anda The Sopranos. Eitt er þó víst, að margir áhorfendur áttu erfitt með að kveðja fjölskylduna.

Til að króna allt saman voru þættirnir útnefndir þeir bestu í bandarísku sjónvarpi árið 2007 á Emmy-verðlaununum og þar með var sagan öll. Íslenskir aðdáendur þáttanna geta vart beðið eftir lokakaflanum en hafa endursýningar á þriðjudagskvöldum á RÚV til að stytta sér stundir þangað til.

### Þáttur Goodfellas

The Sopranos er fyrst og fremst hugarfóstur handritshöfundarins og skaparans David Chase. Hann hefur vafalítið ekki grunað að áhrif þáttanna yrðu svona gríðarleg en þeir eru taldir hafa breytt bandarísku sjónvarpi. Forsvarsmenn annarra sjónvarpsstöðva voru agndofa yfir því hugrekki sem handritshöfundar þáttanna sýndu þegar þeir gáfu frat í pólitíska rétthugsun. Þeir létu sögupersónur ekki fara leynt með fordóma í garð minnihlutahópa, sýndu blóðugt ofbeldi og breyska aðalpersónu.

Hugmyndunum sem fyrir lágu hjá stærstu sjónvarpsstöðvunum var umsvifalaust ýtt út af borðinu og hafist var handa við að reyna að skapa eitthvað í líkingu við The Sopranos. Pollyönnutímabilið hafði runnið sitt skeið í Ameríku og þættir á borð við 24 og The Shield litu dagsins ljós. Hvorki Jack Bauer né Vic Mackey væru til ef ekki hefði verið fyrir Tony Soprano.

Chase hefur aldrei farið leynt með að uppspretta The Sopranos sé meistaraverkið Goodfellas eftir Martin Scorsese. „Sú mynd er einhvers konar Kóran fyrir mér," lét Chase einhvern tímann hafa eftir sér en fjöldi leikara hefur komið við sögu í báðum þessum verkum. Þeirra frægust eru sennilega Lorraine Bracco sem leikur sálfræðinginn Jennifer Malfi í Sopranos en eiginkonuna Karen Hill í Goodfellas og svo áðurnefndur Imperioli sem er Moltisanti í sjónvarpsþáttunum en hinn ólánsami Spider í Goodfellas.

En það er ekki bara mafíumynd Scorsese sem hefur orðið Chase innblástur því Guðfaðir Coppola kemur einnig töluvert við sögu. Mikið af tilvísunum í kvikmyndina er í þáttunum og þegar sonur Tony þjáist af einhvers konar sálarkreppu er ástæðan sú að eftirlætisatriði Tonys er föðurhefnd Michael Corleone í Guðföðurnum.

### Hinn breyski foringi

Mafíuforingjar eiga á einhvern undarlegan hátt upp á pallborðið hjá áhorfendum. Þótt hendur þeirra séu oftast blóði drifnar og miskunnarleysi einkenni vald þeirra virðast áhorfendur geta samsamað sig þeim eða dreymir jafnvel um þennan heim. Eflaust spilar inn í hversu svalir og miklir töffarar þeir eru en vinsældir Tonys Sopranos má án nokkurs vafa skýra út frá því hve mannlegur hann er.



**MANNLEGUR MAFÍÓSI** Tony Soprano er fyrst og fremst mannlegur og breyskur og glímir við bæði fortíðardrauga og fjölskyldu sína.

Tony þarf að glíma við drauga úr fortíðinni, vafasamt uppeldi og ofbeldisfulla samstarfsfélaga. Síðast en ekki síst þarf hann að kljást við sjálfan sig og galla sína. Hann er vondur maður með gott hjarta sem reynir að finna út úr því hvað það er sem stýrir tilvist hans. „Þættirnir innihalda öll helstu þemu bókmenntasögunnar: feður sem berjast við syni, kónga í veldi sínu, svik, hollustu, ást, sektarkennd og hefnd," segir blaðamaðurinn Ben Macintyre í samtali við fréttavef BBC en hann skrifar fyrir The Times í Bretlandi.

Undir þetta tekur hinn virti útvarpsmaður Jack Seale. „Mér finnst í raun erfitt að ímynda mér að það sé hægt að búa til betri þætti," segir Seale og líkir þeim við bestu verk Shakespeare. „Þættirnir fást við karlmenn og veikleika þeirra. Það að Tony skuli vera mafíósi styrkir það þema enn frekar," segir Seale.

### Sopranos móðgar Icelandair

The Sopranos hefur notið gríðarlegra vinsælda og þannig horfðu tæplega fjórtán milljónir á fyrsta þátt fjórðu seríu. Fyrir upptökur á annarri seríu mættu yfir þrettán þúsund manns í áheyrnarprufur þrátt fyrir að framleiðendur hefðu lýst því yfir að fæstir ættu þess kost að sjást í sjónvarpi. Eftir fjörutíu mínútur var áheyrnarprufunum hins vegar lokið og flestir beðnir um að senda umsóknir sínar með pósti.

The Sopranos hefur hins vegar alls ekki verið allra. Samtök sálfræðinga kvörtuðu mikið yfir dr. Jennifer Melfi og töldu hana brjóta í bága við allar siðareglur sálfræðinga í Bandaríkjunum. Hún kæmi slæmu orði á stéttina þar vestra. „Henni yrði vísað úr samtökunum eftir fimm mínútna fund. Hún er drykkfelld, hlutdræg og er sífellt að trufla skjólstæðing sinn," sagði Phil Hodsons, sérfræðiráðgjafi í sjónvarpi á vegum sálfræðinga.

En líkast til voru það mótmæli samtaka ítalskættaðra Bandaríkjamanna í Chigaco, AIDA, sem fóru hvað hæst. Málið rataði alla leið til dómstóla þar sem því var vísað frá á grundvelli skáldaleyfis sjónvarpsþáttanna. Samtökin töldu hins vegar að The Sopranos kæmi óorði á samfélag Ítala í Bandaríkjunum og kynti undir þá skoðun að þeir væru óumburðarlyndir rasistar sem væru nánast allir í tengslum við mafíuna á einn eða annan hátt.

Í eitt skipti fettu Íslendingar meira að segja fingur út í Sopranos en í frægum þætti í septembermánuði árið 2002 birtust flugfreyjur Icelandair og höfðu ofan af fyrir Tony og félögum. Icelandair sá þann kost nauðugan að senda frá sér yfirlýsingu í Bandaríkjunum þar sem kom fram að fyrirtækið harmaði hvernig starfsmenn fyrirtækisins voru sýndir. „Við vissum ekki af þessu atriði í þáttunum og gáfum enga heimild vegna málsins. Þetta kom okkur á óvart," sagði Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Flugleiða, á þeim tíma í samtali við mbl.is.

Þrátt fyrir að The Sopranos hafi eignast valdamikla óvini er það nú einu sinni svo að það sem er hatað er jafn elskað um leið.



**SOPRANOS-FJÖLSKYLDAN** Tony ásamt eiginkonunni Carmelu og börnunum Anthony og Meadow en sambandið milli þeirra hjóna hefur stundum verið æði stirt.



**22. EMMY-VERÐLAUNIN** Sjónvarpsþáttaröðin Sopranos hefur fengið 22 Emmy-verðlaun og fimm Golden Globe. Lokaþátturinn var sýndur 10. júní síðastliðinn.

september 2007

# menning

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]



# ÞETTA ER *líka* *bara* ÆVINTÝRI

**MENNING** **Gísli Örn segir frá útrás Vesturports og ræðir næstu verkefni sín, aðferðir og árangur, en hann er jöfnum höndum að leika og leikstýra.**

**KÍNVERSKA INNRÁSIN ■ ÚR NÝRRI SÖGU JÓNS KALMANS ■ MYNDLISTIN FER AF LAUGAVEGINUM**

## MAGN OG GÆÐI
**Páll Baldvin Baldvinsson**

Þeir finnast sem líta á menningu í samfélaginu sem aukreitis, eitthvert dútl utan við daglega önn almennings í landinu. Þeir finnast líka og sjást vel sem telja menningarstarf af öllu tagi vera fyrir tyllidaga. Þar fara fremstir stjórnmálamenn sem eru kosnir til að stýra almannahag og hafa jafnan heldur yfirborðskennda hentistefnu uppi þegar að menningu og listum kemur eins og sjá má í stefnuskrám stjórnmálaflokkanna, bæði í sveitarstjórnum og landstjórninni. Í þeirra huga er hefðarrétturinn ríkastur, vaninn. Menningarstarf er í þeirra augum skrautfáni sem gott er að draga upp þegar á þeim þarf að bera.

Gríðarlegt starf er í menningargeiranum, raunar er ofvöxtur hlaupinn í framkvæmdasemi á því sviði. Það er nánast sama hvert er litið: tónlist, myndlist, leikhús, bókmenntir, jafnvel kvikmyndaframleiðslu, og sprotagreinar eins og listdansinn og óperulistina sem eru báðar í öng sökum stærðar samfélagsins og virðast dæmdar til að verða kræklur.

Vextinum fylgja aðrir kvillar: nálægð lítils samfélags og tengsl af ýmsu tagi gera mönnum erfitt fyrir. Gagnrýnisleysið verður viðvarandi ástand. Tillitssemi sem á endanum dregur úr skynjun manna um hvað er nýtt, hvað er gamalt, hvað er vandað og hvað er hratt umlykur allt og gerir listastarfið í landinu að magnlausu miðjumoði. Umræðuskorturinn verður líka til þess að mönnum reynist auðvelt að þyrla upp moldviðri um athygli á sér í útlöndum: Mín frægð kemur að utan. Sem styrkir stöðu þeirra á innanlandsmarkaði, því þeir Íslendingar verða taldir á tíu fingrum sem hafa náð máli í fremstu sveit lista vesturálfu, þótt tugir starfi á erlendum vettvangi.

Stjórnvöldum er vandi búinn: þeim er skylt að fara skynsamlega með almannafé og stýra styrkjum til aðila sem eiga sýnilega brýnna erindi en aðrir. Þar fer fram fagurfræðilegt mat. Rétt eins er fjölmiðlum sá vandi fyrir höndum að skilja milli þess sem talið er tíðindameira en annað. Þessir kostir eru erfiðir. Hver af tíu myndlistarsýningum helgarinnar á að hljóta umfjöllun, hvaða tónleikar af fimm skulu nefndir? Þar verður líka að fara fram fagurfræðilegt mat.

Og með því öllum fjölmiðlum er skorinn stakkur í efnislegum aðstæðum leiðir offramboð í listum til þess að mestöll umfjöllun fjölmiðla um menningu og listir verður látlaus kynning. Efnisleg umfjöllun lýtur í lægra haldi.

Þessi kálfur Fréttablaðsins er tilraun til að bæta úr þessu ástandi. Honum er ætlað að gefa rúm til að greina ástand og afurðir menningarmarkaðar í landinu sem er þrátt fyrir hástemmd orð ríkur og mikilvægur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, vitundarlífi hennar í svefni og vöku, sem er þegar litið er aftur í tímann eitt samofið ferli og þegar upp er staðið það eina sem eftir stendur í sögunni þegar borgir eru hrundar og þjóðbálkar horfnir í haf tímans.

# Sally og Carmen

Hinn kunni breski kvikmyndaleikstjóri Sally Potter undirbýr nú sína fyrstu sviðsetningu á óperunni Carmen eftir Bizet, fyrir ENO, ensku þjóðaróperuna. Sally, sem er gamall Íslandsvinur frá þeim dögum er hún kom hingað til að taka sínu fyrstu mynd í fullri lengd, Golddiggers sumarið 1981, hefur aldrei farið troðnar slóðir. Við sviðsetninguna á Carmen sem verður frumsýnd 29. september notar hún sér flamencodansinn sem meginefni sýningarinnar og nýtur við það aðstoðar dansarans Pablos Veron. Sjálf er Sally dansfíkill og hefur nýtt dans áður sem uppistöðu í kvikmynd, the Tango Lesson.


**Leiklist** Sally Potter leikstjóri

Það er breski sópraninn Alice Coote sem fer með titilhlutverkið en óperan verður á fjölunum í Covent Garden á fimmtán sýningarkvöldum fram til 17. nóvember.

Áhugasamir geta kynnt sér ýmis gögn varðandi sviðsetninguna á vef Sallýjar: www.sallypotter.com.


**Landsbankadeildarauglýsingin (hluti)** Stensilverk eftir Harra er grunnur herferðarinnar „til að koma boltanum á götuna“.

# ÚÐABRÚSAMEISTARI OG LÆRLINGAR HANS

Veggjakrotarinn frá Bristol hefur víða áhrif.

Herferð Landsbanka Íslands fyrir fyrrverandi fyrstu deild íslenska fótboltans, Við elskum fótbolta, eða Landsbankadeildina, vakti athygli á síðasta hausti, ekki aðeins fyrir snjalla hugmyndavinnu í sjónvarpshluta verkefnisins og úrlausn, heldur ekki síður fyrir notkun á úðuðum myndum í blaðaauglýsingum sem minna óneitanlega á verk hins kunna veggmálara Banksy. Það er Íslenska auglýsingastofan sem stóð fyrir herferðinni og segir Hörður Kristjánsson hugmyndahönnuður að þeir félagar sem unnu hugmyndina hafi viljað „fá boltann af grasinu á götuna, koma honum á steypuna“. Hann segir okkur tengja stensilmyndir götunni og þeir hafi jafnvel gert sér vonir um að myndin kæmist á veggi. „Auk mín voru í þessum kjarna Daníel Freyr og Þormar Melsted.“ Stenslarnir fyrir herferðina voru unnir af Harra og eru í fullri líkamsstærð: „Hann er bestur í þessu. Það er með stensl-aðar myndir eins og aðrar að sumar eru góðar en aðrar lakari. Auglýsingabransinn fylgist vel með hvað gerist í veggjakrotinu.“


**Sigur Rós** Stensilmyndin sem lengi hefur fylgt hljómsveitinni er þekktasta íslenska graffitímyndin.

Notkun á stenslum í veggmálverkum á byggingum í opinberri eigu og einkaeign hefur verið nokkur hér á landi, jafnvel verkum með pólitísku ívafi eins og verk Banksy eru nær alltaf. Hann hefur haft gífurleg áhrif um allan hinn vestræna heim á síðasta áratug en ferill hans hófst í Bristol fyrir nær tíu árum þar sem hann heldur til. Þar hóf hann feril sinn sem hluti af þríeyki sem vann verk sín á veggi, DBZ. Hann náði athygli árið 1998 þegar haldin var hátíð graffití-listamanna alls staðar að úr Evrópu í Bristol. Hann tók að starfa víðar og verk hans byggðust á einföldum myndum, andúð á yfirvaldi og gráum húmor. Hann varð fljótt eftirlýstur fyrir skemmdarverk og frægðin var studd nafnleysi, enginn vissi fyrir víst hver hann var. Þegar hann hélt sýningu í vöruskemmu í London þar sem lifandi dýr voru notuð sem efni til að mála á kom lögreglan og lokaði sýningunni vegna slæmrar meðferðar á dýrum.

En athyglinni og nafnleysinu fylgdi frægð: verk hans tóku að seljast dýrum dómum á netinu og þegar hann hélt sýningu í Los Angeles fyrir rúmu ári var hann orðinn frægur í heimi myndlistarinnar. Verkin seldust hratt og brátt fór verðið að stíga: stóru uppboðshúsin seldu verk hans á tuga og hundruð sterlingspunda. Nú stendur yfir sýning á verkum hans í listahúsi Dave Stewart Eurythmics-forkólfs í Covent Garden í London. Hann er tekinn að selja verk sín í virðulegum galleríum, er kominn með eigin vefsíðu, www.banksy.co.uk, þar sem nálgast má verk hans sem öll eru til frjálsra nota. Þar er líka að finna stefnuskrá hans sem er sótt í lýsingu hermanns sem var einn þeirra sem komu í Bergen-Belsen fangabúðirnar 1945. Hann lýsir að þangað hafi borist með birgðum kassi af sterkrauðum varalit og hafi varalitum verið dreift meðal fanganna. Þeir hafi sett á sig varalit. Honum hafi ofboðið þar til hann skildi að farðinn var merki um lífsvon og mannlega reisn. Ber að skilja það svo að listamaðurinn líti á verk sín sem lit á annars gráan heim?


**Verk eftir Banksy, „Stúlka gælir við sprengju“.** BIRT ÁN LEYFIS LISTAMANNSINS.

Verk Banksy má nú finna í virðulegum galleríum og þau eru ekki ódýr. Hefur hann selt sig? Ekki segir hann sjálfur. Sér standi nokk á sama um sölu og viðtökur, hann haldi sínu striki og láti verkin tala. Enda eru þau pólitísk í andúð á neyslu, hernaði og yfirvaldi.

Hann segir áhrif graffití-lista fara dvínandi í Evrópu líkt og gerðist í New York á áttunda áratugnum þar sem málarar eins og Basquiat áttu upphaf sitt í veggjakroti. Nú orðið hafi auglýsingagerðarmenn einir not fyrir graffití: „Sem tíska í listum er graffití liðið fyrirbæri. Það lifir í auglýsingum þegar gefa þarf vörum yfirbragð götunnar til að ná til ungra neytenda margmilljarða fyrirtækja.“

Veggjakrot heldur áfram að vera vandamál í borgum og bæjum um alla vesturálfu og miklum fjármunum er eytt í að afmá verk nafnlausra listamanna, þótt veggir með myndum Banksy hafi fengið vernd og öðlast verðmæti eftir leik hans með brúsa og stensil. Hann stingur sér víða niður: í dýragarðinn í London komst hann inn óséður og úðaði á vegg í búri mörgæsanna: Hér er of kalt.

Verk hans og stíll vekja snögg viðbrögð. Þess vegna sjáum við áhrif hans í auglýsingum á borð við þær sem Landsbankinn hefur kostað til að vekja athygli á fyrstu deildinni sem svo hét í eina tíð.



FRUMSÝNING: 4. OKTÓBER
AÐRIR SÝNINGARDAGAR: 6., 10., 12., 14. OG 19. OKTÓBER
Richard Strauss
ARIADNE
KOLBEINN
Hanna Dóra Sturludóttir
BERGÞÓR
ANNA MARGRÉT
ÁSGEIR PÁLL
BRAGI
DAVÍÐ
HALLVEIG
GUÐRÚN JÓHANNA
ÁGÚST
Arndís Halla Ásgeirsdóttir
INGVAR
HLÖÐVER
HRAFNHILDUR
JÓN
ÞORSTEINN HELGI
ÞORVALDUR
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: KURT KOPECKY
AÐSTOÐARHLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON
LEIKSTJÓRI: ANDREAS FRANZ
LEIKMYND: AXEL HALLKELL JÓHANNESSON
BÚNINGAR: DÝRLEIF ÝR ÖRLYGSDÓTTIR
OG MARGRÉT EINARSDÓTTIR
LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON
ÍSLENSKA ÓPERAN
MIÐASALA Á WWW.OPERA.IS
MIÐASÖLUSÍMI 511 4200

PISTILINN SKRIFAÐI

Ingi Freyr Vilhjálmsson

# Hugsað á ensku í Aldingarðinum





ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON

Þegar ég las smásagnasafnið Aldingarðinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, sem fékk íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir bókina árið 2006, fannst mér eins og ég væri að lesa þýðingu. Einstök orð, orðasambönd og setningar í bókinni hljóma eins og tilraunir til að þýða úr ensku yfir á íslensku. Mér þótti málið á bókinni einkennilegt og stirt og því bar ég enska útgáfu hennar, Valentines, saman við Aldingarðinn. Niðurstaða mín er að margar setningar í bókinni hljóma eins og Ólafur Jóhann hafi hugsað þær á ensku og þýtt yfir á íslensku. Þessi niðurstaða er auðvitað huglæg; íslenskan í dæmunum sem ég tek úr bókinni er yfirleitt ekki röng, aðeins óíslenskuleg og óþjál.

Þýðingarbragurinn í Aldingarðinum sést til dæmis á blaðsíðu 143 og 144 þegar Ólafur lýsir manni sem paníkerar og frýs („panicked and froze“ bls. 107), og er eins og sekkur þegar hann fellur útbyrðis úr bát („like a sack falling out of the boat“ bls. 106). Og á blaðsíðu átta stendur: Þegar markaðurinn tók dýfur ... („When the market took a dive ....“ bls. 6). Á blaðsíðu 73 segir Ólafur að sögupersónan Tinna brosi „hálfu brosi“. Í ensku útgáfunni stendur „... Jenny half smiled ...“ Á íslensku er ekki talað um að brosa hálfu brosi en það gengur á ensku. Á sömu blaðsíðu, 73, er sagt um sögupersónuna Finn: Nancy segir mér að þú sért gamall keppnismaður (á skíðum). Ég skildi þessa setningu ekki fyrr en ég fletti upp í ensku útgáfunni á blaðsíðu 54 en þar stendur: „Nancy tells me you used to compete.“ Orðið keppnismaður er yfirleitt ekki notað í þeirri merkingu í íslensku að hafa keppt í einhverju. Tiltekinn maður getur verið sagður keppnismaður á íslensku án þess að hafa keppt í einhverri íþrótt eða öðru.

Líkt og í síðasta dæmi eru margar setningar í Aldingarðinum þjálar og skiljanlegar á ensku en ekki íslensku. Sú staðreynd rennir stoðum undir þá tilgátu að Ólafur hafi hugsað bókina á ensku. Þegar Ólafur lýsir útliti konu á blaðsíðu 13 segir hann: „En hann sá hana fyrir sér í borg eins og París með mjóan og langan hálsinn og fuglslegar herðarnar sem hann saknaði stundum að geta ekki strokið lengur. París eða Róm eða Flórens. Þar áttu svona herðar heima.“ Á blaðsíðu 9 í Valentines segir hann: „But he could picture her in a city like Paris with her long slender neck and those birdlike shoulders. Paris or Rome or Florence. That´s where shoulders like that belonged.“ Orðið fuglslegur virðist vera þýtt beint úr ensku.

Slík dæmi eru mörg í Aldingarðinum. Engin af sögunum tólf er laus við þýðingarbraginn, þótt hann sé mismikill. Á blaðsíðu 7 segir: „En að lokum lækkaði hann flugið og flugfreyjurnar fengu sér sæti og þeir sem voru hræddir fóru með bænirnar sínar og hétu því að lagfæra það sem betur mætti fara í lífi sínu.“ Sama málsgrein á blaðsíðu 5 í Valentines: „But at last he began the descent, the flight attendants took their seats and those who were afraid said their prayers, promising to lead better lives in the future.“ Orðanotkunin „to lead a better life“ er þekkt og skiljanleg í ensku. Hins vegar hljómar einkennilega að segja á íslensku: „lagfæra það sem betur mætti fara í lífi sínu.“ Þarna virðist Ólafur þýða enska hugsun yfir á íslensku.

Í eftirfarandi dæmi er þýðingarbragur á íslenskunni. Sérstaklega eru það orðin „prentað“ og „ávarpið“ sem benda til þess að höfundur hafi snarað úr ensku því samkvæmt íslenskri málvenju eru þau ekki notuð í þessum skilningi: „Það var tekið vel á móti þeim; í herberginu beið þeirra kort frá hótelstjóranum sem bauð þau velkomin og skrifaði meira að segja sjálfur undir prentað ávarpið“ ( 5). Á ensku (38): „They were greeted warmly; a welcoming card from the manager awaited them in their room, with his handwritten signature under the printed message.“

Loks er enskuskotið orðalag á blaðsíðu 150 í bókinni þar sem segir: „Hann hafði kynnst mörgu og vissi að í híbýlum sálarinnar voru margar vistarverur“ (bls. 150). Á ensku: „He had seen it all and knew that the human soul contained many different compartments“ (bls. 111).

Í einhverjum tilfellum notar Ólafur einnig orðasambönd sem eru ekki til í íslensku. Á blaðsíðu 262 í Aldingarðinum segir: „Í austri var fölur máni og meinleysislegar skýjaslæður sem liðu fyrir hann öðru hverju.“ Í ensku útgáfunni hljómar setningin svona: „There was a pale moon in the east, a few harmless wisps of cloud drifting across it from time to time.“ Orðasambandið að líða fyrir e-ð er ekki til í þessari merkingu í íslensku; að líða fyrir e-ð merkir að maður þurfi að þjást vegna einhvers sem hann hefur gert. Þarna reynir Ólafur að þýða orðasamband úr ensku.

Annað dæmi er á blaðsíðu 280 þar sem Ólafur segir „... eftir að Gísli gekk í bindindi ...“ Á íslensku er ekki sagt að ganga í bindindi heldur að fara í bindindi. Orðasambandið sem Ólafur notar er ekki til í íslensku.

Að mínu mati er þýðingarbragurinn á Aldingarðinum það augljós og truflandi að ég furða mig á því hvernig Ólafur gat fengið Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir hana í fyrra. Það jaðrar við að vera siðlaust að verðlauna mann fyrir að skrifa svona íslensku. Sú krafa hlýtur að vera gerð að höfundurinn sem fær Íslensku bókmenntaverðlaunin hafi frumsamið verðlaunabókina á íslensku og að málið á henni sé ekki svona slæmt, enskuskotið og í einhverjum tilfellum jafnvel rangt.

Jón Kalman Stefánsson

MYND/EINAR FALUR



***Jón Kalman Stefánsson*** gefur út nýja skáldsögu á forlagi Bjarts í haust sem hann kallar Himnaríki og helvíti. Við birtum hér brot úr upphafi verksins.

# HIMNARÍKI *og helvíti*

Það er ólíkt að sofa við opið haf og hér í Plássinu sem liggur inni í firði, á milli hárra fjalla, eiginlega á botni heimsins og sjórinn verður stundum svo gæfur að við förum niður í fjöru til að strjúka honum, en hann er aldrei gæfur utan við búðirnar, ekkert virðist geta lægt ólgu hafsins, ekki einu sinni kyrrar nætur, stjörnuþaninn himinn. Sjórinn flæðir inn í drauma þeirra sem sofa við opið haf, vitundin fyllist af fiski og drukknuðum félögum sem veifa dapurlega með uggum í stað handa.

Pétur vaknar alltaf fyrstur. Hann er líka formaður og vaknar þegar enn er dimmt af nótt, varla meira en tvö en hann lítur aldrei á klukkuna, hún er auk þess geymd niðri, undir einhverju drasli. Pétur fer út, lítur upp í himininn og þéttleiki myrkursins gefur upp tímann. Hann fálmar eftir fötunum, kamínan logar ekki á nóttunni og kuldi marsmánaðar hefur síast í gegnum þunna veggina. Andrea andar þungt við hlið hans, sefur fast, hún er á botni drauma sinna, Einar hrýtur og kreppir hnefana í svefninum, Árni sefur andfætis honum, strákurinn og Bárður bæra ekki á sér, risinn Gvendur svo stálheppinn að hafa rúm útaf fyrir sig og samt er það fulllítið, þú ert tveimur númerum of stór fyrir heiminn, sagði Bárður einu sinni og Gvendur varð svo dapur að hann þurfti að fara afsíðis. Pétur steypir peysunni yfir sig, fer í buxurnar, staulast ofan og út í nóttina, hægur andvari að austan og grillir í fáeinar stjörnur, þær blika með sín eldgömlu tíðindi, mörg þúsund ára gömul ljós. Pétur pírir augun, bíður þar til svefninn fer alveg af honum, þar til draumarnir hafa gufað upp og skilningarvitin náð skarpleika sínum, stendur álútur, skakkur, eins og óskiljanlegt dýr, nasar af loftinu, rýnir í dimm skýin, hlustar, nemur skilaboð í vindinum, rymur, fer aftur inn, lyftir hleranum með svörtu höfðinu, segir, við róum, segir það ekki hátt en það dugir samt, rödd hans nær ofan í dýpstu drauma, sundrar svefninum og þau eru öll vöknuð.

Andrea klæðir sig undir sænginni, fer framúr og kveikir upp í kamínunni og lampanum, lýs, milda ljós, og lengi vel segir enginn neitt, þeir klæða sig bara og geispa, Gvendur rorrar hálfsofandi á rúmbríkinni, svo ringlaður á landamærum svefns og vöku að hann veit ekki hvar hann er staddur. Þeir klóra sér í skegginu, þó ekki strákurinn, hann er ekki með neitt, einn af þeim fáu sem eyða tíma í að skafa það af sér, að vísu ekki mikið verk, það er bæði gisið og lítið, vantar karlmennskuna í þig, sagði Pétur einu sinni og Einar hafði hlegið. Bárður er með þétt, brúnleitt skegg, snyrtir það reglulega, hann er helvíti myndarlegur, Andrea horfir stundum á hann og þá eiginlega bara til að horfa, eins og við horfum á fallega mynd, á birtuna yfir hafinu. Kaffið sýður, þeir opna skrínin, smyrja rúgbrauðið með þumalfingri, mikið af smjöri og kæfu og kaffið snarpheitt og svart eins og dimmasta nótt en þeir setja kandís út í, bara ef við gætum sett sykur út í nóttina og gert hana sæta. Pétur rýfur þögnina, sötrið öllu heldur, smjattið og stöku vindgang, og segir: hann er að austan, hægur, nokkuð hlýr en snýst í norðrið einhverntíma í dag, þó varla fyrr en seint, við róum því djúpt.

Einar andvarpar ánægjulega. Róa djúpt, það er eins og sálmur í hans eyrum. Árni segir, já, auðvitað, hann bjóst nefnilega við þessu, við róum örugglega djúpt, hafði hann sagt við Sesselju sem sagði þá, æ, láttu sjóinn ekki taka þig.

Fiskurinn hafði verið tregur á grynnri miðunum fyrir veðurteppudagana og sjálfsagt að reyna dýpra núna, þeir seilast allir aftur ofan í skrínin eftir annarri sneið. Róa djúpt, það þýðir allt að fjögurra tíma þrotlausan róður, vindur of hægur fyrir segl, og minnst átta eða tíu tíma úthald, kannski tólf og þá eru nákvæmlega tólf tímar þar til þeir borða næst, gott er brauðið, gott er smjörið og líklega er ekki hægt að lifa án þess að drekka kaffi. Þeir drekka síðustu kaffikönnuna hægt, njóta þess, úti bíður hálfdimm nóttin eftir þeim, hún nær frá hafsbotni og upp í himininn þar sem hún kveikir stjörnur. Hafið andar þunglega, það er dökkt og þögult og þegar hafið þegir þá þegir allt, líka fjallið fyrir ofan, hvítt og svart til skiptis. Dauft ljós frá lampanum, Andrea hafði aðeins skrúfað niður í honum, maðurinn þarf ekki mikla birtu til að drekka síðasta kaffisopann. Hver í sínum hugarheimi, horfandi framfyrir sig án þess að horfa, Pétur hugsar um róðurinn framundan, fer yfir öll verk í huganum, undirbýr sig, það gerir hann alltaf, Árni orðinn óþolinmóður, kappsamur, vill hefjast handa, Einar hugsar líka um róðurinn, um átakið, hann andvarpar djúpt inni í sér og finnur til rósemdar, blóðið sem er iðulega of heitt og rennur svo óþægilega hratt um æðarnar að það er eins og hann klæi stöðugt undan, hefur breyst í lygnt fljót á milli gróinna bakka. Kaffið, átakið framundan, Einar er þakklátur maður og þykir næstum vænt um mennina sem sitja þarna undir risinu, hálfbognir yfir síðustu kaffidropunum, hann getur meira að segja horft á fáráðlingana tvo, Bárð og strákinn, án þess að finna til reiði, stundum trylla þeir hann algerlega með þessum eilífa helvítis lestri, eilíflega að vitna hvor fyrir annan í einhver kvæði, helvítis ósómi, helvítis fúi í sálarlífinu sem gerir þig of linan gagnvart lífinu, en nei, ekki einu sinni þetta æsir blóðið núna, það er lygnt fljót. Einar smjattar á kaffinu og lífið er gott.

Nú kemur kvöld
og kufli steypir
heldur húmleitum
yfir hvaðvetna,
fylgdi þögn því,

les Bárður í Paradísarmissi, hallar bókinni þannig að skíman af lampanum nái til hennar, ljós sem nær að lýsa upp góða ljóðlínu hefur áreiðanlega náð tilgangi sínum. Varirnar bærast, hann les línurnar aftur og aftur og í hvert sinn stækkar veröldin aðeins innra með honum, þenst út. Strákurinn er búinn með kaffið sitt, slær úr könnunni, kemur henni fyrir í skríninu, horfir útundan sér á Bárð, sér varirnar hreyfast, væntumþykjan fer í gegnum hann og dagurinn í gær snýr aftur með alla þá birtu og sterku nærveru sem fylgir Bárði, sem fylgir vináttunni, hann situr á rúmstokknum og gærdagurinn er í honum. Fálmar síðan eftir flöskunni af kínalífselixírnum sem er mikið og gott meltingarlyf, hressandi og styrkjandi meðal, dugar vel á móti leiðinda vindlofti í þörmum, brjóstsviða, ógleði, óhægð fyrir bringspölum, þetta vita allir, við lesum um það í blöðunum og þar er það staðfest af útlendum mönnum sem innlendum, læknum, hreppstjórum, skipstjórum, allir mæla með kínalífselixírnum, hann hefur bjargað lífum, börn í andarslitrum eftir erfiða inflúensu hafa náð fullri heilsu eftir nokkrar skeiðar, dugar líka algjörlega við sjósótt, 5–7 matskeiðar áður en lagt er frá landi og þú ert öldungis laus við sjóveiki. Strákurinn sýpur á flöskunni. Helvíti er að vera sjóveikur á sexæringi úti á rúmsjó, þurfa að vinna og það eru margar klukkustundir í land. Hann sýpur aftur á því sjóveikin gýs margföld upp eftir langa landlegu. Andrea er búin að fá sér sinn skammt gegn kvefinu sem þyngir höfuðið óþarflega, taktu kínalífselixírinn og óþægindin hverfa eða komast aldrei að þér. Tilvera okkar er þrotlaus leit að lausninni, því sem huggar, því sem veitir hamingju, bægir frá öllu slæmu. Sumir fara langa og erfiða leið og finna kannski aldrei neitt, nema einskonar tilgang, einskonar lausn eða fróun í sjálfri leitinni, við hin dáumst að þrautseigju þeirra en eigum sjálf nógu erfitt með að vera bara til og tökum því kínalífselixír í stað þess að leita, en spyrjum í sífellu, hvað er stysta leiðin að hamingjunni, og finnum svarið í Guði, vísindum, brennivíni, kínalífselixír.



# HEIMURINN KEMUR Í HEIMSÓKN

LANDSBANKINN ER STOLTUR AF STUÐNINGI SÍNUM VIÐ ALÞJÓÐLEGA KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 39250 09/07

# SAMTÍMALIST HVERFUR FRÁ LAUGAVEGI

Breytingar eru yfirvofandi hjá galleríum og sjálfstæðum söfnum í Reykjavík. Samstarfssamningur Reykjavíkur og Safns á Laugavegi er á enda. Kling og Bang er að missa húsnæði sitt og Nýlistasafnið stendur á tímamótum. Eru frekari breytingar í vændum á vinsælasta hverfi gallería sem kalla til sín fjölda gesta ár hvert og gefa hinni fornu verslunargötu sitt yfirbragð?

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR



Pétur Arason fyrir framan SAFN á Laugavegi í Reykjavík.

Laugavegur hefur um langt skeið einkennst af þróttmiklu starfi einkarekinna sýningarsala og safna. Þar ber fyrst að nefna Safn, einkasafn Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur, en þau hafa á löngum tíma eignast mikilvægt safn verka eftir marga af merkustu listamönnum samtímans, bæði erlenda og innlenda. Þar hefur verið rekin sýningarstefna sem tekið er eftir víða um lönd. Á valdatíma R-listans var gerður umdeildur samstarfssamningur við Safn. Í honum fólst fjárframlag til að bæta aðgengi og öryggi og fær Safn árlega greiddar 14 milljónir sem í lok samningstímans hækkar um tvö og hálft prósent. Safn lánar Listasafni Reykjavíkur verk til sýninga endurgjaldslaust og var litið á samninginn sem tilraun til að styrkja blandaða starfsemi á Laugaveginum.

### Stæðilegt hús en óhentugt

Pétur hefur á síðustu misserum farið fram í gagnrýni á ástandið í miðborginni en þau Ragna búa í bakhúsum Safns en húsið og bakhús hafa um langan aldur verið í eigu fjölskyldu Péturs sem þar rak verslunina Faco. Verk Safnsins eru geymd í húsunum og eftir því sem verðmæti safn-eignarinnar eykst verður brýnni krafa um fullkomlega öruggar geymslur fyrir verðmætin. Varhugavert ástand á Laugavegi hræðir alla þá sem þar geyma verðmæti, bæði verslunareigendur og aðra.

Í nóvember í fyrra sendu þau erindi til Reykjavíkurborgar og lýstu áhyggjum sínum og leituðu eftir lóð á hentugum stað til að reisa nýtt hús fyrir Safn, íbúð, sýningarsali, geymslur og vinnustofu. Erindinu hefur enn ekki verið svarað.

### Samningur ekki endurnýjaður

En að áframhaldandi rekstri Safns steðjar líka sú hætta að menningarmálanefnd Reykjavíkur hætti samstarfi sínu við Rögnu og Pétur. Einkarekin söfn eru nokkur í landinu en reiða sig mörg á opinberan stuðning. Ekki verður á móti því mælt að Safn er einstakt. Raunar ómetanlegt og verðmæti þess talið í hundruðum milljóna. Og er þá undanskilið verð á húseign og lóð. Orðrómur er á kreiki um að Safn sé til sölu. Fáir aðilar munu vera þess umkomnir að kaupa slíka eign. Þar sem safneignin er í endursölu fellur á þau virðisaukaskattur og hefði ríkið af honum vel upp í alla styrki sína til myndlistar það árið ef af yrði.

Ýmsir óttast að verkin verði seld úr landi. Heimildamenn Fréttablaðsins kalla það menningarsögulegt slys.

### „Níutíu og fimm prósent líkur“

Kjartan Magnússon, formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur, segir samning við Safn renna út um áramót og framtíð þess hér á landi sé óráðin. Safn hafi keypt sér annað húsnæði til geymslu og viðræður standi yfir en Safn hafi ekki óskað eftir endurnýjun samnings. Vísar hann á Pétur Arason svo málið verði skýrt.

Pétur Arason segir það afráðið að Safn loki um áramót. „Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg rennur þá út og það er eins þeirra að óska eftir áframhaldandi samstarfi og okkar,“ segir hann. „ Við leggjum miklu meira til þessa samstarfs en þau og þau vita það.“ Hann segir Safn í æ ríkari mæli lána verk erlendis. „Það eru 40 verk frá okkur í Manchester á sýningu núna,“ segir Pétur. Hann segir að erlendir aðilar hafi sýnt safninu áhuga, en Safn sé íslenskt og verði áfram hér á landi. „Það varð til fyrir velvilja myndlistarmanna sem syndu á Annarri hæð og fer ekki úr landi.“

### Hræringar fyrirsjáanlegar

Fleiri söfn og gallerí við Laugaveg standa nú á tímamótum. Nýlistasafnið hefur um nokkurt skeið verið til húsa á annarri hæð á Laugavegi 26. Það var stofnað 1978 og verður því þrítugt á næsta ári. Nýlistasafnið er sjálfseignarstofnun, rekið af samtökum listamanna sem heitir Félag Nýlistasafnsins. Starfsemi þess hófst í 50 m² geymsluhúsnæði í Mjölnisholti. Árið 1979 flutti það í bakhúsið að Vatnsstíg 3b og síðan í framhúsið.

Núverandi húsnæði Nýlistasafnsins er á Laugavegi 26. Nýlistasafnið var stofnað á rústum SUM og yfirtók húsnæði þess. Þeir sem störfuðu í félaginu eða sýndu á þess vegum lögðu eitt verk inn í safneignina og hefur Nýló, eins og það er kallað, því náð saman einstöku safni íslenskra og erlendra listaverka. Það, rétt eins og Safn, hefur búið við erfiðar aðstæður til geymslu á verkunum.

### Færri sýningar

Áherslubreytingar innan veggja safnsins eru nú í undirbúningi: „Áætlað er að fækka sýningum í 6-8 íburðarmiklar sýningar árlega og gefa listamönnunum þannig tækifæri til þess að njóta sín til fullnustu í stóru rými safnsins og auka fjármagn við hverja sýningu. Íslensk samtímalist er í mikilli sókn um þessar mundir og augu umheimsins beinast æ meir til Íslands. Því er mikilvægt að bjóða upp á viðamiklar sýningar upprennandi íslenskra listamanna með fjölbreyttri dagskrá.“ Auk þessa er það stefna Nýlistasafnsins að kynna erlenda myndlistarmenn fyrir landi og þjóð með því að sýna a.m.k. tvo framúrstefnulega erlenda listamenn ár hvert. Nýlistasafnið nýtur styrks af fjárlögum og frá Reykjavíkurborg.

### Rifið hús

Kling og Bang fór af stað sem samstarfshópur yngri listamanna um sýningaraðstöðu á Laugavegi 23. Síðar þróuðust mál svo að eigendur gamla Hampiðjureitsins buðu hópnum þar vinnuaðstöðu og húsnæði, sem annars var fyrirsjáanlegt að stæði autt, og fylltist það af lífi. Þar voru uppákomur af ýmsu tagi, auk þess sem fjöldi manna fékk þar starfsaðstöðu. Þegar þar kom að húsin áttu að fara sundraðist hópurinn, en hélt áfram sýningarhaldi á Laugavegi 23. Nú eru þau að pakka og húsið verður rifið.

Erling T. V. Klingenberg segir þann átta manna hóp sem stendur á bak við Kling & Bang ehf. vera að leita að nýju húsnæði en þau eiga að vera komin út um mánaðamót.

Októbermánuð verða þau með stóra sýningu í Berlín hjá listvininum Ingo Frölich á Torstrasse 111 svo víðar eru Þórsgötur en í Þingholtum. Þar verða nær tuttugu listamenn að vinna og sýna, en þegar heim verður komið er allt í óvissu: „Við leitum logandi ljósi að húsnæði. Það verður að vera yfir 100 fermetrana en það sem býðst er annaðhvort að hverfa eða svo fáránlega dýrt. Við erum opin fyrir öllu þannig að ef Kópavogur kallar eða Hafnarfjörður hringir getum við flutt.“

### Iðandi mannlíf

Utan þessara þriggja safna og sýningarhaldara eru fleiri gallerí í einkaeign eða sameiginlegum rekstri í þvergötum við Laugaveg og Bankastræti: gallerí 101 í bakhúsi, Gallerí Turpentine í Ingólfsstræti, og eru þá ekki öll upptalin. Öll þessi gallerí hafa styrkt hverfið sem verslunarsvæði svo um munar. Þrátt fyrir erfiðleika við leit að bílastæðum eru gangandi vegfarendur, íslenskir og erlendir, tíðir gestir á þann myndlistarvettvang sem er á götunni og nágrenni.

Edda Jónsdóttir og Börkur Arnarson hafa í nær ellefu ár rekið gallerí í miðborginni, fyrst í Ingólfsstræti 8 og síðar á Klapparstíg. Galleríið heitir i8 og hefur sérstöðu í hópi íslenskra gallería því það hefur um árabil afmarkað sig í sýningarhaldi við tiltekinn hóp listamanna. Sumir ganga svo langt að kalla þann hóp sem þar sýnir skóla, fulltrúa fyrir tiltekna stefnu í myndlist.

### Útflutningsfyrirtæki

Gallerí i8 sinnir sölu á verkum þeirra jafnframt. Innan vébanda þess er nokkur hópur erlendra listamanna og eru margir þeirra í fremstu línu listamanna í vesturálfu. Innlendum listamönnum undir sínum verndarvæng sinna þau Edda og Börkur ekki síður á erlendum vettvangi. Þau sækja erlendar myndlistarmessur og kynna þar verk sinna manna. Þau hafa verið tíðir gestir á listastefnunni í Basel og dótturstefnu hennar í Miami. Þau verða á listastefnunni í Berlín í þessum mánuði og sænskri stefnu sem nú er haldin í þriðja sinn, Market, í Svíþjóð innan skamms. Tilgangurinn er að selja verk til erlendra gallería og safna, koma íslenskri list á framfæri á stærri markaði en hér er. Vegna þessa sérkennis hefur Gallerí i8 notið styrks frá Reykjavíkurborg um nokkurt skeið sem komst á í tíð R-listans. Rennur sá samningur út 2008 og er 1,2 milljónir á ári.

Börkur Arnarson segir að húsnæði Gallerí i8 sé löngu sprungið. Það sé óhentugt að ýmsu leyti þótt staðsetningin sé góð. Hann viðurkennir að þau mæðgin hafi um nokkurt skeið svipast eftir öðru húsnæði á þessum slóðum en umhverfis Laugaveg er allt í uppnámi vegna umbreytingar á byggð við götuna.

## Galleríin hverfa á braut



Húsið sem hefur hýst Kling og Bang verður brátt rifið. og hópurinn er á götunni.



Gallerí i8 er að leita að nýjum samastað í miðborginni.

# ÉG ER ENGIN STJARNA, BARA SPÝTU-STRÁKUR

**MIÐASALA HAFIN**

## GOSI



**EFTIR CARLO COLLODI**
**Leikstjóri** Selma Björnsdóttir
**Leikmynd** Vytautas Narbutas
**Leikgerð** Karl Ágúst Úlfsson
**Tónlist** Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
**Búningar** María Ólafsóttir

**LEIKARAR**

Víðir Guðmundsson
Halldór Gylfason
Aðalbjörg Árnadóttir
Jóhann Sigurðarson
Sverrir Þór Sverrisson (Sveppi)
Pétur Einarsson
Kristjana Skúladóttir
Magnús Jónsson
Davíð Guðbrandsson
Unnur Elísabet Gunnarsdóttir

**SÝNINGARTÍMAR**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fös** | 12/10 | kl. 20 | **FORSÝNING** |
| **Lau** | 13/10 | kl. 14 | **FRUMSÝNING** |
| **Sun** | 14/10 | kl. 14 | |
| **Sun** | 28/10 | kl. 14 | |
| **Lau** | 3/11 | kl. 14 | |
| **Sun** | 4/11 | kl. 14 | |
| **Sun** | 11/11 | kl. 14 | |
| **Lau** | 17/11 | kl. 14 | |
| **Sun** | 18/11 | kl. 14 | |
| **Lau** | 24/11 | kl. 14 | |

**MIÐASALA Í SÍMA 568 8000 - www.borgarleikhus.is**

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

Leikkonan
Eline McKay



# Frelsi og fjötrar

LEIKLIST VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR SKRIFAR

Leikfélagið Fjalakötturinn þreytir frumraun sína í íslensku leiklistarlífi þegar það frumsýnir 16. nóvember leikritið Heddu Gabler eftir Henrik Ibsen í Tjarnarbíói. Verkið fjallar um yfirstéttarkonu sem hrífst af ævintýralegu líferni og valdi sem hún upplifir í tengslum við líf karla. Þar sem hana skortir hugrekki til að ná tökum á sínu eigin lífi, bregður hún á það ráð að reyna að stjórna lífi annarra með skelfilegum afleiðingum.

Eline McKay fer með hlutverk Heddu. „Hedda er afar dularfull persóna. Það er erfitt að lýsa henni og því líklega best að hver dæmi fyrir sig hvers vegna hún er svona köld í samskiptum sínum við aðra. Ibsen var á undan sinni samtíð í þessu verki þar sem hann varpar bæði fram gagnrýni á stöðu konunnar og veltir fyrir sér skilgreiningum á frelsi og fjötrum einstaklingsins. Verkið hefur því staðist tímans tönn,“ segir Eline.

Mikið er lagt í alla umgjörð uppfærslunnar. Búningarnir, sem verða leigðir frá London, verða í anda fatnaðar sem yfirstéttarfólk klæddist um aldamótin þarsíðustu. Enn fremur mun leikmyndin, sem Helga Rún Pálsdóttir hannar, vera í stíl sem framkallar anda þess tímabils. Af öðrum listamönnum sem koma að uppsetningunni og leggja sitt af mörkum til að ljá henni aldargamlan blæ má nefna Ragnheiði Gröndal sem sér um tónlistina og Björn Gunnlaugsson sem leikstýrir.

Eline segir að umgjörð sýningarinnar geti skipt sköpum fyrir upplifun leikhúsgesta á verkinu sjálfu. „Með því að halda í útlit tímabilsins sem verkið var samið á, sem og orðfæri þess tíma og kurteisisvenjur, vona ég að hægt sé að veita áhorfendum innsýn í þá menningu sem ríkti á þeim tíma. Fólk var að mörgu leyti frekar bundið hefðum og siðum þá en í dag og getur það varpað ljósi á suma hegðun persóna leikritsins.“

Eline er ekki aðeins aðalleikkona verksins heldur þýddi hún það einnig. „Við vildum reyna að hafa þessa uppfærslu á því máli sem talað var við upphaf tuttugustu aldarinnar og halda í þéringar og slíkt. En um leið vildum við hafa hana hreina og beina og skiljanlega fyrir nútímaáhorfendur. Þær þýðingar sem voru til hérlendis voru ýmist of háfleygar fyrir okkar smekk eða á nútímamáli. Því lá einfaldlega beint við að þýða verkið upp á nýtt,“ segir Eline, en við þýðingarnar studdist hún við norska útgáfu af verkinu frá árinu 1905.

Það eru tæplega 40 ár síðan Hedda Gabler var sett upp við miklar vinsældir í Iðnó með Helgu Bachmann í aðalhlutverki en frammistaða hennar er ennþá minnisstæð í hugum margra. Eline segir að nú gefist nýrri kynslóð leikhúsgesta færi á að kynnast verkinu. „Það er kominn tími til að setja Heddu Gabler upp aftur. Mér fannst það ákveðinn styrkur þegar ég uppgötvaði það að við Helga eigum sama afmælisdag þannig að við erum sennilega frekar líkar í skapferli. Það boðar gott fyrir þessa uppsetningu.“

Enn fremur segir Eline að það sé alltaf fyrir hendi viss markhópur sem hefur áhuga á að berja klassísk leikverk sem þessi augum. „Svo er það bara þannig fyrir okkur leikarana að ef við eigum okkur draumahlutverk þýðir lítið fyrir okkur að bíða eftir því að leikhúsin setji verkið upp fyrir okkur. Við verðum einfaldlega að drífa í þessu sjálf.“

Frumsýning verður 16. nóvember en það var einmitt 16. nóvember árið 1890 sem Henrik Ibsen skilaði af sér endanlegri útgáfu af handritinu. Sýningin gengur í Tjarnarbíói í nóvember og desember, en samhliða henni mun kvikmyndaklúbburinn Fjalakötturinn sýna gullmola kvikmyndasögunnar á sunnudögum og mánudögum.

Miðasala á leiksýninguna er hafin á www.midi.is og nálgast má frekari upplýsingar um sýninguna á heimasíðunni www.hedda.is.

# ELSTU SKÁLDSÖGURNAR

Á liðnu ári hafa útgáfur á eldri skáldsögum íslenskum tekið kipp, ekki færri en fimm skáldsögur á íslensku skrifaðar á síðari hluta 18. aldar og fyrri hluta 19. aldar hafa komið út en farið hljótt. Fjórar sögur eftir Jón Oddsson Hjaltalín (1749-1835) komu út á vegum Stofnunar Árna Magnússonar, en meiri tíðindum sætti útgáfa á Ólandssögu Eiríks Laxdal (1743-1816) sem þau María Anna Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Antonsson gáfu út.



María Anna Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Antonsson rithöfundur.

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Ætla mætti að útgefendum væri þorrið þrek eftir hina miklu sögu Eiríks Laxdal sem kom út fyrr á þessu ári. Sagan er 532 síður í stóru broti, unnin eftir handritum með erfiðri hönd. Fylgir Þorsteinn söguni úr garði með ítarlegum formála og gerir grein fyrir ferli handrita og hugmyndum seinni tíma um efni og eðli sögunnar og jafnframt fyrir hinum flókna og snúna söguþræði sem sagan geymir.

Útgáfan á Ólandssögu á sér langan aðdraganda í rannsókn Maríu Önnu á hinni skáldsögunni sem þekkt er eftir Eirík Laxdal, Ólafs sögu Þórhallssonar, sem þau síðan gáfu út sjálf 1987. Báðar útgáfur á sögum Eiríks eru frumútgáfur. Í fyrstu sögum bæta þau um betur: Þar koma á prent í fyrsta sinn Víðferlissaga Eiríks Björnssonar. Höfundur greinir frá ferðum sínum til Indlands og Kína á árunum næstu fyrir 1770. Einnig frá sama tíma Sagan af Níels eldra og Níels yngra, sjóferðarævintýri til hins fjarlæga lands Frýgíu sem fannst í handriti Jóns frá Grunnavík að einu samtímalýsingunni sem til er af eldinum í Kaupmannahöfn. Einnig Sagan af Árna ljúflingi yngri eftir Jón Espólín, frá því um 1830, ein af fyrstu skáldsögunum eftir Íslending. Svo og frá níunda áratug 19. aldar skáldsaga Skúla Bergþórssonar um Eirík Loftsson og Jón Geirmundarson. Þá fylgir fimmti bitinn með: Í bókarlok er ritgerð Ólafs Davíðssonar þjóðsagnasafnara og fræðimanns, Bókmenntir kvenna, frá því um 1880, gamansöm og nútímaleg frásögn af framlagi kvenna til heimsbókmenntanna fram á tíð höfundarins. Ritgerð Ólafs hefur til þessa verið allsendis óþekkt.

Í útgáfum sínum fylgja þau Þorsteinn og María Anna þeirri stefnu að færa stafsetningu handrita höfundanna til okkar tíma en fyrrnefnd útgáfa Stofnunar Árna Magnússonar á sögum Jóns Oddssonar er stafrétt eftir handritum og annaðist M. J. Driscoll hana.

Nýja safnið er 404 síður. Sögur þessar hafa verið þekktar um áratuga, jafnvel aldaskeið, en fáum aðgengilegar og því hafa afar fáir lesið þær af núlifandi mönnum. Á sínum tíma gengu þær um í afritum, eins og tíðkaðist gjarna um handrit sem ekki komust á prent. Útgáfur á eldri skáldsögum íslenskum hafa tekið kipp, ekki færri en fimm skáldsögur á íslensku skrifaðar á síðari hluta 18. aldar og allt til loka 19. aldar. Fimmti textinn í safninu er áður óprentaður texti eftir Ólaf Davíðsson þjóðfræðing um framlag kvenna til bókmennta fyrri alda.

Hvað rekur fólk í svona útgáfu? „Það varð náttúrlega einhver að gera það,“ segir María, „Sumt af þessu er búið að liggja óútgefið í meira en tvö hundruð ár. Þegar maður kynnist þessum textum finnst manni að aðrir verði að fá að njóta þeirra. Það er ekki peningum varið í svona útgáfur.“ Hvað var upphafið? „Sá sem hefur lesið Ólafs sögu Þórhallssonar leiðist inn á þessa braut. Þorsteinn var að gramsa á þjóðdeildinni í Þjóðarbókhlöðunni og las handritin. Það voru margir sem vissu af Ólafs sögu en það er hægara sagt en gert að lesa þessi handrit. Það sem rak mann áfram var óstjórnleg forvitni. Það var með ólíkindum að þetta skyldi ekki gefið út fyrr. Við reyndum að fá útgefendur en þeir fóru margir á hausinn, Nú er orðið auðveldara að gefa út stafrænt, þú getur prentað jafnharðan.“

Ekki segir María að þau hafi fengið laun fyrir sína vinnu: „Þetta er tómstundagaman, sumir horfa á sjónvarp, aðrir klífa fjöll. Þetta er eins og að ganga á fjöll, þú vilt komast upp hjallann og sjá hvað er hinum megin. Það er ekki hægt að lesa þessi handrit sér til ánægju, maður verður að gera afrit og hæfileikinn að lesa svona forna skrift þjálfast. Ef það koma hlé á vinnuna er maður fljótur að týna niður leshæfileikanum, næstum að maður byrji upp á nýtt.“

Þau ætla sér að halda áfram samstarfi sínu og eru nú að rannsaka texta Steingríms Thorsteinsonar: Það eru smásögur sem Steingrímur Thorsteinsson þýddi,“ segir María. „Þetta eru heimspekilegar sögur eftir ýmsa, Turgenief, Mark Twain og fleiri. Þær eru eins og sjálfshjálparbækurnar núna: kenna manni að meta heiðarleika, líf, dauða, sannleika. Og svo erum við að vinna í ljóðaþýðingum hans frá námsárunum um miðja 19. öld. Það eru prósaljóð eftir Turgenief, Petofi hinn ungverska og fleiri.“

Útgáfur þeirra sæta miklum tíðindum og hafa í raun fært út mörk íslenskrar bókmenntasögu sem miðast alla jafna við það sem er kunnugt og þekkt í útgáfum sem sátt og hefð skipa að skuli talið til sögunnar.




María Anna og Þorsteinn Antonsson rithöfundur. Þau hafa unnið þrekvirki í útgáfu eldri prósatexta og skjóta stærstu útgefendum ref fyrir rass: Bókmenntir fyrri alda af ýmsu tagi eru í stórum stíl óútgefnar.

## Philip Roth með nýja skáldsögu

**Ný skáldsaga eftir** Philip Roth kemur út austan og vestan hafs 6. október. Hún kallast Exit Ghost og segir frá endurkomu Nathan Zuckerman til heimaborgar sinnar New York eftir ellefu ára fjarveru. Roth leitar aftur til sinnar fornu söguhetju í þessari sögu en þessi nýja er sú níunda í sögusveig um Zuckerman sem hófst með Ghost Writer 1979 og fylgdu næstu árin þrjár aðrar sögur sem hafa hann að miðju og að auki hefur hann komið við sögu í fjórum öðrum verkum hans.

**Í níundu sögunni** kemur Zuckerman heim eftir langa fjarveru og einangrun þar sem ekkert hefur truflað skáldið, en Zuckerman, sem er rithöfundur eins og Roth, á svo mörg líkindi með skapara sínum að hann er sem annað sjálf skáldsins. Í New York liggja að skáldinu þrír þræðir: hann býður ungum hjónum íbúðaskipti og finnur til girndar á konunni. Hann hittir forna vinkonu, sem var áður félagi fyrirmyndar hans og átrúnaðargoðs, E. I. Lonoff, sem beindi skáldinu ungu á braut skáldskaparins, og loks verður á vegi hans ungur ævisöguritari Lonoff sem vill grafa upp leyndarmál hans með aðstoð Zuckermans. Úr þessu efni spinnur Roth nýjan vef sem vafalítið mun gleðja aðdáendur hans. - pbb



Reykjavík
International
Film
Festival



Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

# 27. SEPTEMBER
# 7. OKTÓBER
2007

Miðasala á **riff.is**

BAUGUR GROUP

# CHINA POWER STATION II

Nafnið minnir á vél sem veltur stjórnlaust áfram. Nýlega var opnuð í Osló stórsýning, önnur í röðinni af fjórum, með kínverskri samtímalist ungra listamanna. Hún kemur flestum á óvart. En hvenær hefur Kína ekki komið okkur á óvart?



Kína er að leggja undir sig myndlistarheiminn: hvert sem litið er til stærri landa eru kínverskir listamenn að hasla sér völl. Stórar og smáar myndlistarsýningar eru í boði sem kynna nýjar kynslóðir kínverskra listamanna, bæði þeirra sem eru á miðjum aldri og muna tímana tvenna, og hinna sem eru um þrítugt og búa við allt annan veruleika. Á sama tíma hefur það gerst að alheimsmarkaðurinn í myndlist hefur stækkað: uppboðshúsin evrópsku hafa komið sér fyrir í Asíu og stór uppboð eru haldin þar eystra þar sem asísk myndlist er í öndvegi og innfluttir málarar vesturlanda lúta í lægra haldi fyrir heimamönnum. Þeir koma ekki bara frá Kína, öll Asía er að eignast nöfn í myndlist sem menn telja að verði áhrifamikil þar og síðan um allan heim.

Gunnar Kvaran, safnstjóri á Astrup Fernely-safninu í Osló, og Hans Ulrich Obrist, sýningarstjóri Serpentine í London, hafa um nokkurra ára skeið unnið að undirbúningi á stórum sýningum fyrir söfn sín. Fyrsti árangur þessa samstarfs þeirra og Juliu Peyton-Jones leit dagsins ljós í fyrra með stórsýningum í Osló og London: China Power Station Part I lagði undir sig stóru gömlu orkustöðina í Battersea en hún er í eigu kínverskra aðila og mun er fram líða stundir hýsa kínverskt verslunarhverfi í miðri London.

## Dropi úr hafi

Fyrir tveimur vikum var China Power Station Part II opnuð í Osló og mun fara eftir tíma sinn þar til London og síðar Lúxemborg. Fyrsta hlutanum var beint að myndbandalist, annar hlutinn beinist einkum að innsetningum og skúlptúrum. Verkin eru öll eftir yngstu kynslóð kínverskra myndlistarmanna, fólki um þrítugt.

Gunnar Kvaran segir þá Hans hafa beitt álíka vinnuaðferðum og notaðar voru við undirbúning sýningar með bandarískri list sem hingað kom í Listasafn Reykjavíkur í fyrra: safnað var stórum fæl með listamönnum og síðan valið úr. „Þá vorum við að velja úr tvö þúsund nafna hópi, nú stóð valið milli um fjögur hundruð nafna lista,“ segir Gunnar.

## Leit að sjálfi

Innkoma asískra listamanna á myndlistarmarkað vesturálfu hefur komið mönnum í opna skjöldu, ekki aðeins vegna efnistaka, heldur ekki síður sökum þess að áhugamenn um listir verða að kynnast nýjum heimi, nýjum nöfnum. Sumir safnarar hafa lýst því sem vonlausu verki að koma sér inn í kínverska samtímalist. Þeir sem höfðu vit og tækifæri til að sinna nýju áhugasviði og fjármagn til fjárfestinga í kínverskri list á síðasta áratug eða jafnvel fyrr uppskáru ríkulega. Vestrænir kaupendur höfðu lítið sótt til Kína, markaðurinn var óplægður, verðið lágt og auðvelt að eignast verk sem voru athyglisverð. Núna er sá tími liðinn.

Gunnar segir kínverska myndlistarmenn vel menntaða og kunnáttusama í tækni. Greinileg séu kynslóðabil í viðfangsefnum þeirra. Yngsta kynslóðin sem leggur verk sín inn í China Power Station hefur meiri áhuga á asískri neyslumenningu en horfnum tíma. Hún er í uppgjöri við samtímann en ekki hið liðna. Það er horfið, liðið. Japanskar teiknimyndasögur, tölvuleikir, asískur auglýsingastíll og popp vesturlanda heillar þá kynslóð meira en hin forna saga og þær pólitísku hræringar sem hafa gengið yfir Kína á síðustu öld: „Þetta eru börn millistéttarinnar, menntaðir krakkar í leit að identiteti. Þeir ferðast mikið og fylgjast vel með tískunni.“

## Önnur kynslóðin fór

Staða ungra myndlistarmanna í Kína er þessi sökum vinnu eldri kynslóðarinnar; manna sem nú standa á miðjum aldri. Á áttunda áratugnum var mikil gróska í kínversku samfélagi, frá borg til borgar, landshlutanna á milli. Kynslóðin sem þá steig fram hafði búið við einangrun og var mörkuð pólitískum bagga, rétt eins og fólk var á Vesturlöndum eftir heimsstyrjöldina seinni og kalda stríðið sem það braust gegn, fyrst með abstrakt-expressjónisma og seinna pop-listinni.

Menn þykjast greina tímamót í afstöðu þessa hóps með blóðbaðinu á Tiananmen-torginu og þeirrar deiglu sem þar ólgaði þótt lok væri lagt yfir með hervaldi. Margir listamenn af þeirri kynslóð komu sér úr landi og hafa haldið starfsstöðvar sínar í erlendum heimsborgum síðan. Þeir rufu gat á múrinn sem umlukti Kína fyrir vestrænum augum með áleitnum verkum, bæði í ljósmyndum og málverki.

## Hvar vorum við 1981?

Nú eru börn þeirrar kynslóðar að stíga fram og árangurinn má sjá í sölum Astrup Fernsley. Og heima í Kína eru menn teknir að líta til baka: um síðustu helgi var í Sjanghæ sýningin „1981“ um hvað á gekk það árið í listaheimi Kína. Þannig

## Fyrsti keisarinn í Kína

Einn helsti viðburður í sýningarhaldi stóru safnanna í London er nýopnuð sýning British Museum á hluta af leirmannaher keisarans Quin Shihuangdi en flogið var með þá frá Kína – Saga Class. Sýningin var opnuð 13. september og mun vara til 6. apríl á næsta ári. Fundur leirmannahersins var á sínum tíma talinn einn merkasti fornleifafundur síðustu aldar þegar þorpsbúar úr nálægu þorpi grófu niður á herinn og keisara hans. Hafa margir Kínafarar gengið til móts við herinn þar sem hann stendur í fullum herklæðum í gröf keisarans í Xian.

Qin Shihuangdi var fyrsti keisari Kína og þegar hann féll frá var honum komið í haug ásamt fylgdarliði og mörgum góðum gripum sem skyldu fylgja honum á æðri staði tilverunnar. Á sýningunni í British Museum má sjá marga þessara gripa, auk nokkurra leirmannanna sem eru úr varðliði hans í haugnum. Þar er einnig gerð grein fyrir uppgreftrinum á þessu svæði sem enn stendur yfir og hvernig haugurinn var skipulagður á þriðju öld fyrir Krist, en Quin sameinaði ríki á þeim slóðum 221 og skóp þar með elstu pólitíska einingu í veröldinni sem enn er til. Hermennirnir sem standa nú í Readingsalnum í British Museum eru af ýmsum gráðum en þeir eru ekki steyptir í sama mót heldur er hver og einn sérstæður persónuleiki. Hafa á síðustu tíu árum fundist æ fleiri fulltrúar hirðar keisarans líka úr leir: fimleikamenn, skriffinnar, hljóðfæraleikarar auk fugla úr bronsi. Skyldi fylgdarliðið skemmta hans tign í næsta lífi.

Jane Portal sýningarstjóri fulllyrðir að veldi keisarans hafi staðist samanburð við Rómaríki hið forna, en ekki eru öll kurl komin til grafar um þennan veraldlega höfðingja stærsta ríkis heims. Það geta menn metið á sýningu vetrarins í British Museum.



**Bogmaður krýpur,** terra cotta-leir, Qin-tímabilið (221-206 f. Kr.) Safn leirstríðsmanna og hesta Qin Shihuang keisara, Lintong, Shaanxi-héraði, Kína.
MYND/BRITISH MUSEUM

**Faðir og dóttir** eftir Zhang Xioagang, olía á striga, 2006-2007, 120x150 cm.
MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI LISTAMANNSINS OG LISTASAFNS AKUREYRAR.



# Kínverska málverkið á Akureyri

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

**Næsta vor verður stórsýning á kínverskri myndlist í Listasafni Akureyrar í tengslum við Listahátíð. Hátíðin mun enn sækja út fyrir höfuðborgarsvæðið og er sýningarhaldið nyrðra hluti af þeirri útþenslu hátíðahaldsins. Sýningin sem Hannes Sigurðsson safnstjóri hefur unnið að um nokkuð langt skeið mun kallast Facing China. Á henni er lögð áhersla á að kynna íslenskum áhugamönnum um myndlist og öllum almenningi hvað er á seyði í kínverska málverkinu en málarar frá Kína hafa á síðustu árum vakið gríðarlega athygli fyrir verk sín í alþjóðasamfélagi listanna.**

**Á sýningunni verða verk eftir níu kínverska myndlistarmenn af millikynslóðinni svokölluðu og kemur hluti málaranna hingað til lands. Hannes segir að hann hafi kunnað það ráð helst til að komast í samband við strauma í kínverskri myndlist að fara þangað. „Ég hef aldrei upplifað annað eins,“ segir hann. „Þegar maður kemur til Kína verður maður að leggja öll sín viðmið til hliðar, þau gilda ekki þar. Þar eru vinnustofur listamanna stórar skemmur, galleríin stærstu eru rekin af fyrirtækjum eins og byggingaverktökum. Það ægir öllu saman í myndlist þeirra. Margt finnst manni bara drasl en annað er hreint stórkostlegt. Ég vildi forðast að setja saman sýningu sem bæri vitni einhverjum framandleik, exotisma. Á endanum ákvað ég að einbeita mér að portrett-**



**Hannes Sigurðsson**, safnstjóri Listasafns Akureyrar.



Cao Fei: China Tracy, 2007. **Myndbandsinnsetning.** BIRT MEÐ LEYFI VITAMIN CREATIVE SPACE. MYND/ANDERS VALDE



**Gunnar Kvaran** listfræðingur og safnstjóri í hinu virta Astrup Fernley safni í Osló.

**um, andlitsmyndum og þaðan er nafnið á sýninguna komið: við stöndum augliti til auglitis við andlit Kína.“**

**Verkin eru bæði úr einkaeigu aðila sem tók snemma að safna kínverskri list eftir að hennar tók að gæta á Vesturlöndum, í þann tíma þegar kaupa mátti stór og máttug málverk þar eystra fyrir smáaura en verðmæti verka eftir marga þá sem eiga verk á sýningunni hefur margfaldast á síðustu misserum eftir því sem alþjóðlegur listaverkamarkaður hefur áttað sig á nýnæmi og erindi þessa hóps málara á heimsvísu.**

**„Þetta hefur hlaðið utan á sig og er orðinn öflugur bolti, hingað koma menn á borð við Zhang Xioagang, Liu Ye, Fang Lijun og Yue Minjun, allt eru þetta stór nöfn orðin í málverkinu. Það sem kom mest á óvart var hvað hefðin í handverkinu stendur á fornum grunni, gríðarleg tæknikunnátta er í málun. Menn áttu von á því þegar Rússland opnaðist að þaðan kæmi stór hópur listamanna, en það varð ekki, allir þeir sem skiptu máli voru þegar búnir að ná athygli. Öðru gegnir um Kína. Þaðan er enn straumur af athyglisverðum verkum, enda eru sýningar með kínverskum verkum út um allt. Ósló og Louisiana í Humlebæk eru þær næastu. Og nú Akureyri.“**

**Samhliða sýningunni verður gefin út stór sýningarskrá með myndum af helstu verkum á sýningunni og ritar Li Xianting, einn helsti fræðimaður um kínverska samtímalist, þar inngang. Afar fátítt er að hingað berist sýningar sem byggja á verkum á striga og er verðmætið oft þröskuldur sökum tryggingakostnar. Listasafnið á Akureyri er komið yfir þann þröskuld og mun sýningin koma mörgum á óvart. Þegar hafa komið fram óskir frá erlendum söfnum um að hún fari víðar.**

að þar eystra eru menn nú teknir að líta til baka.

Gagnrýnandi Aftenposten, Truls Ramber, segir sýninguna í Osló benda til að yngri myndlistarmenn nálgist nú jafnaldra sína í vesturálfu, áherslan hafi í kínverskri list flust frá málverkinu til verka sem lýsi stökki Kína inn í tæknisamfélagið, með öllum sínum skruðningum og fjörbrotum hins gamla, svo ótrúlegt sem það sé: öll verkin sem hann tilnefnir í gagnrýni sinni bendi til þess að heimar sem lengst af voru langt frá hvor öðrum nálgist nú hratt: vestrið og austrið. Hann hrósar Gunnari og félögum fyrir framkvæmdasemina. Það er raunar synd að það samstarf sem var komið á milli Aastrup Fernley, Serpentine og Listasafns Reykjavíkur skuli ekki hafa fært okkur fleiri samtímasýningar, en þá má ekki gleyma að hingað er að koma yfirlitssýning frá Serpentine með safni verka Hreins Friðfinnssonar sem verður sett upp í Listasafni Reykjavíkur í haust.



Xu Zhen: 18 days, 2006. **Blönduð tækni** BIRT MEÐ LEYFI LISTAMANNSINS OG SHANGHART, SHANGHAI MYND/ANDERS VALDE




# „ÞETTA ER LÍKA BARA ÆVINTÝRI“

LEIKLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Fram undan er frumsýning hjá *Gísla Erni Garðarssyni* – hann er bundinn í báða skó: í Hamskiptunum sem frumsýnd verða eftir rétt hálfan mánuð er hann bæði í aðalhlutverki og við leikstjórn, ásamt David Carr. Sýningin var á fjölum Hammersmith-leikhússins í London í vetur og er nú komin heim, íslenskir leikarar í öllum hlutverkum. Páll Baldvin Baldvinsson hitti Gísla milli mála í vikunni.



Hann verður seinn, segir systir hans, Rakel, á skrifstofu Vesturports í Skuggahverfinu: „Ég þekki mitt heimafólk.“ Hún hringir í bróður sinn: „Ertu ekki að koma?“

Ferill Gísla hefur frá þeim tíma að hann sat í Leiklistarskólanum einkennst af framkvæmdasemi. Hann er ódeigur, vílar ekki fyrir sér að takast á við ný verkefni á sviðum sem hann þekkir lítið til. Á skólabekk brá hann sér til Rússlands í sumarferð og hafði hug á að gera heimildarmynd um ferðina. Þannig hittumst við fyrst.

Hann stofnaði ásamt tólf félögum sínum losaralegan leikhóp, Vesturport, leigði húsnæði og setti af stað lítið leikhús við Vesturgötu.

Hann ákvað að setja upp sýningu á Rómeó og Júlíu og kallaði sér til aðstoðar fimleikamenn frá sænska sirkushópnum Cirkus Cirkör til að þjálfa upp leikarahópinn og réði Hallgrím Helgason til að vinna nýja þýðingu af textanum. Sýningin kom upp með tilstyrk Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins og átti eftir að fara víða. Sumir sem sáu hana á öllum stigum fullyrða að hún hafi náð fullum blóma á fyrra sýningarskeiði í London.

Gísli tók þátt í að koma af stað samstarfi um gerð kvikmyndar sem óx svo í smíði leikhópsins og leikstjóra að úr urðu tvær kvikmyndir. Söngleikur fyrir eldri leikara og áhugamenn um söng, Ást, hefur gengið vel í Borgarleikhúsi. Hann hefur tekið þátt í tveimur sviðsetningum á Bretlandseyjum sem leikari og önnur var frumsýnd á Olivier-sviðinu stóra í Breska þjóðleikhúsinu. Þá er ótalin sviðsetning hans á Woyzeck í Barbican.

Enginn íslenskur leikhúsmaður hefur náð jafn fjölbreyttum ferli jafn víða á svo skömmum tíma sem hann. Fram undan eru ný verk: Hamskiptin fyrst síðan alþjóðleg sviðsetning eftir kvikmyndinni Tillsammans, sviðsetning á Faust eftir Goethe og kvikmyndun á Brimi eftir leikverki Jóns Atla Jónassonar þar sem hann átti eftirminnilegan leik á sinum tíma.

### Hreinn og beinn

Gísli hefur einarðlega framkomu, setur sig ekki á stall, kemur til dyra eins og hann er klæddur: Jú, víst er rosalega mikið að gera hjá honum, segir hann, jú hann sé bara hamingjusamur með það. Er það tilviljun að verkefni hans hafa svona mörg verið úr verkum þýskra höfunda: Kafka, Buchner, Goethe?

„Það er alger tilviljun. Nei, alls ekki. Woyzeck var alger tilviljun. Þeir voru að setja saman prógram í Barbican eftir höfunda sem voru yngri en 26 ára. Buchner sem skrifaði Woyzeck var einn af þeim og ég mátti velja úr nokkrum höfundum, Baal eftir Brecht kom lengi til greina, en þar sem þetta var fyrir stóra sviðið í Barbican þótti mér Woyzeck henta betur. Það að hann var þýskur var aukaatriði. Ég var að leika í sýningu í Hammersmith sem hét Night at the Circus og hitti leikhússtjórann þar. Hann hafði séð Rómeó og Júlíu og Woyzeck og vildi fá mig til að setja eitthvað upp þar. Við veltum upp alls kyns hugmyndum. Hann stakk upp á Hamskiptunum og hafandi lesið hana sem krakki einhvern tíma og mundi sterkt eftir henni fannst mér það spennandi áskorun út frá svona fýsiskum vinkli. Hann stakk upp á því að við myndum leikstýra því saman og ég myndi leika pödduna. Mér fannst það spennandi og var til í það. Svo kemur Faust og ég spurði Nick Cave hvort hann væri til í að gera það með mér sem hann var. Að þetta sé allt þýskt – það er alger tilviljun. “

### Faust í fimleikum

Fýsik er orð sem á eftir að koma oft fyrir í samtali okkar. Gísli var þjálfaður fimleikamaður sem barn og unglingur. Sýningar hans hafa enda sótt mikið í líkamlega beitingu, ekki aðeins sem stílfærsla heldur hafa þær sumar heimtað mikla færni í stökkum, klifri – leikarar hanga og sveifla sér, kafa og synda. Hann sækir miskunnarlaust í tækni fjölleikahússins.

Í fréttum var gefið í skyn að þú sért að fara í upphafssöguna og sambærilegar sögur frekar en Goethe?

„Ég sæki grunninn úr Urfaust, nei sko það er til Urfaust, og svo Faust 1 og Faust 2. þetta er Faust 1.“

Já þessi sem Gunnar, Róbert, Baldvin og Sigríður Þorvalds léku hérna í Þjóðleikhúsinu og Trúbrot spilaði undir?

„Var það flott sýning?“

- Já, hún var athyglisverð. Það var sett smápopp í hana og ein stelpa var ber að ofan sem þótti róttækt þá. Tímarnir breytast svo. Greinirðu sjálfur einhverja breytingu í þessum sýningum, hvað þig sjálfan og áhugamál þín á sviðinu varðar? Ertu mjög meðvitaður, alltaf að hugsa; nú er ég kominn af þessari hillu og farinn á þessa hillu. Eða er þetta bara hamingjusamur göngutúr?

„Nei, í rauninni hef ég aldrei haft leikstjóralegar „ambitionir“ sem slíkar. Ég hef aldrei litið á það sem svo að ég sé á einhverri karríer-braut sem leikstjóri. Þetta hefur bara einhvern veginn æxlast þannig. Ef ég finn eitthvað sterkt konsept að sýningu og það kveikir í mér þá er ég til í að gera það. Ég myndi aldrei leikstýra sýningu af því bara, af því það er gott fyrir karríerinn eða bara … Ég gæti ekki tekist á við hvað sem er. Ég verð að finna eitthvert konsept í kringum það, ef ég finn það sterkt, þá bara kviknar í mér og þá bara veð ég af stað með það.“

### Myndir í huganum

Eru það meira myndir sem þú sérð fyrir þér sem kveikja í þér?

„Já, leikhúsið er þess eðlis fyrir mér að þegar ég fer að sjá sýninguna fyrir mér myndlega, þá kviknar í mér, eins og í Hamskiptunum þá story-boardaði ég alla sýninguna. Meira að segja – hann fer þangað og hún þangað. Þannig sat ég með leikmyndahönnuðinum og leikurunum og við teiknuðum hana alla, líka vegna þess að herbergi Gregors er uppi á vegg og þá verður maður að sjá nýtinguna fyrir sér. Það er samt ekki á kostnað innihaldsins, fyrir mér er þetta líklega alltaf innihaldið versus praktíkin: konseptið. Líka vegna þess að maður er með einhverja hugmynd um sýninguna, eins og í Hamskiptunum að herbergið hans er á hvolfi og ekki þarna niðri og þá um leið er maður farinn að segja að ef herbergið er á hvolfi, en ekki fyrir honum heldur fyrir fjölskyldunni, þá er maður að spyrja: hver er orðinn ruglaður? Er það hann eða þau? Mér finnst ég aldrei taka léttvægt á hlutunum hvað varðar innihaldið.“

- Hafðirðu notað story-boardið áður? Kanntu að skissa?

„Nei, Börkur sér um það, ég skrifa bara niður nákvæma lýsingu fyrir mig. Þegar ég gerði Rómeó og Júlíu var þetta öðruvísi. Þá langaði mig að nýta kunnáttu mína úr fimleikunum sem leikari. Við höfðum oft verið að díla við ástarsögur í skólanum og þá rak maður sig oft á það hvað það er erfitt að endurspegla ástina á sviðinu. Hún getur verið svo ástandskennd. Þannig að mig langaði að tækla ástina á mjög fýsiskan hátt. Ég ákvað að nota Shakespeare af því að myndmálið í textanum hjá honum er svo sterkt. Svo ákvað ég að leikstýra líka svo að ég gæti fundið rými fyrir allar þær hugmyndir sem ég var með um nýtinguna á fýsikinni. Þannig að ég óð af stað með þessu fólki og saman rákum við okkur á alla þá praktísku veggi sem stóðu í vegi fyrir grunnhugmyndunum. Þetta var mikill skóli. Eins var með Woyzeck. Um leið og ég datt niður á þessa vatnshugmynd þá leystist allt. Þannig að ég er vissulega upptekinn af því hvernig sviðsetningarnar eru á endanum.“

Þú ert í rauninni með þrjár sýningar í vinnslu á þessu ári? Faust, Hamskiptin og Tillsammans. Hvað dró þig að Tillsammans?

„Aftur, ég sá myndina og fannst þetta fyndin mynd og var mjög hamingjusamur þegar ég var búinn að sjá hana. Hún skildi eftir skemmtilega tilfinningu. Hún gefur mjög góða mynd af okkur sem manneskjum. Síðan þá hef ég verið að gæla við að gera sýningu úr þessu og svo mörgum árum seinna hef ég samband við Lukas Moodyson og spyr hvort ég megi það og hann segir já og þá fer þessi bolti að rúlla. Maður talar um það í einhverju leikhúsi og þeir segja; við höfum geðveikan áhuga á því og getur þú gert það í mars og þá er praktíkin farin að spila inn í. Svo hittir maður þessa leikara, Gael og þá, og segir: ég er að fara að gera þetta og þeir segjast hafa áhuga á að vera með og þá fara menn að púsla saman plani. Já, þetta er slatti þetta árið og það liggur svo sem ekkert á en það hefur bara raðast svona niður.“

### Útrásin heldur áfram

- Tillsammans kemur upp á nokkrum stöðum í heiminum?

„Já.“

-En hvenær kemur að lögfræðinni og öllum samningunum?

„Svo kemur það og sá helvítis hausverkur allur saman. Það bara lærist á leiðinni. Svo er þetta eins og í bíó – maður er kominn með standard-samninga og veit hvernig þetta virkar.“

- Er hann flókinn heimur þessi co-production-heimur? Þið hljótið að vera orðin nokkuð skóluð?

„Nei, maður áttar sig á því að þetta er mjög lítill heimur. Leikhúsum í London stjórna fimm einstaklingar. Og það hefur gengið vel þar og þá er maður kominn inn undir hjá þeim og þegar maður kemur með nýja sýningu þá talar maður við einhvern af þeim og þeir eru yfirleitt til í samstarf. Hitt er pappírsvinna og praktík.“

- Og launin – getið þið borgað sæmileg laun?

„Það er bara sanngjarnt og í samræmi við það sem gengur og gerist. Í upphafi á Vesturgötunni var þetta allt í sjálfboðavinnu þannig að menn hafi efni á þessu og þurfi ekki að borga með sér. Svo fá menn önnur verkefni út frá þessu. Það er nú með leikara að þeir eru ævintýramenn í eðli sínu. það er líka það – bara ævintýri. Eins og að leika í vetur á sviðinu í Þjóðleikhúsinu í London, þetta var náttúrlega óvænt reynsla. Ég man þegar ég útskrifaðist úr skólanum hér, að ég hugsaði að það væri leiðinlegt að geta aldrei unnið í útlöndum – af því ég hafði búið þar mikið. Maður yrði bara sviðsleikari á Íslandi og vonandi í einhverjum bíómyndum.“

## SELTJARNARNESBÆR

# ÚTBOÐ

Seltjarnarnesbær óskar eftir tilboðum í jarðvinnu fyrir stúku, félagsaðstöðu og bílastæði við íþróttasvæði bæjarins við Suðurströnd.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Losun klappar | : | ~ 1.000 m3 |
| Uppgröftur og brottakstur | : | ~ 5.500 m3 |

Verktími 15. okt - 20. nóv. 2007

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu VSÓ Ráðgjafar ehf. Borgartúni 20, 105 Reykjavík frá og með mánudeginum 24. september 2007.

Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en þriðjudaginn 2. október 2007 kl. 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

VSÓ RÁÐGJÖF

# Bílauppboð

**Bandaríska Sendiráðið óskar eftir tilboðum í eftirtaldar bifreiðar.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| PJ146 | VW transporter | 2001 ekinn 40814 | Blár Sjálfsk. diesel |
| VL226 | VW transporter | 2001 ekinn 19589 | Rauður Sjálfsk. diesel |
| YD361 | Land Rover Freelander | 2000 ekinn 60101 | Grár Sjálfsk. Bensín |
| AT197 | Subaru Forester | 2000 ekinn 61033 | Hvítur Sjálfsk. Bensín |

Bifreiðarnar verða til sýnis mánudaginn 24. og þriðjudaginn 25. september n.k. í samráði við Ismar Hadziredzepovic í síma 693 9206 Eða Guðmund Eyjólfsson í síma 693 9219. Athygli bjóðenda er vakin á að bifreiðarnar eru seldar ótollafgreiddar og er greiðsla aðflutningsgjalda á ábyrgð kaupenda.

**Tilboðum skal skilað á þar til gerðum tilboðsblöðum í lokuðu umslagi í Bandaríska Sendiráðið fyrir kl. 17.00 fimmtudaginn 27. september.**

Ásbjörn

Ásbjörn Ólafsson ehf.

**LAGERMAÐUR**

Ásbjörn Ólafsson ehf. leitar að lagermanni í vöruhús fyrirtækisins.

**STARFSSVIÐ**

Móttaka á vörum, tiltekt pantana, lestun, losun, talning o.fl.

**HÆFNISKRÖFUR**

Að viðkomandi sé duglegur, röskur, áreiðanlegur og nákvæmur. Lipur í mannlegum samskiptum. Lyftararéttindi.

Umsóknir skulu berast fyrir 5. október á asbjorn@asbjorn.is. Nánari upplýsingar veittar í s: 414-1100.

**Ásbjörn Ólafsson ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi, sölu, markaðssetningu og dreifingu á matvörum, sælgæti, búsáhöldum o.fl.**

## KÓPAVOGSBÆR

# LAUS STÖRF
## Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

***Leikskólakennarar! Kynnið ykkur nýjar samþykktir Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í kjarasamningum Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga***

**Arnarsmári: 564 5380**
- Leikskólakennarar

**Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 1600**
- Leikskólakennarar

**Dalur: 554 5740**
- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi

**Efstihjalli: 554 6150**
- Leikskólakennari
- Aðstoð í eldhús 75%

**Fífusalir: 570 4200**
- Starfsmaður í sérkennslu
- Deildarstjóri á eldri deild
- Deildarstjóri á yngri deild

**Grænatún: 554 6580**
- Leikskólakennari
- Starfsmaður vegna stuðnings 80-100%

**Kópahvoll: 554 0120**
- Leikskólakennari 100%

**Kópasteinn: 564 1565**
- Leikskólakennari 100%
- Hlutastarf e. hádegi

**Marbakki: 564 1112**
- Aðstoð í eldhús, hlutastarf

**Núpur: 554 7020**
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu
- Aðstoð í eldhúsi 80%

**Rjúpnahæð: 570 4240**
- Leikskólakennarar

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu/þroskaþjálfi

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***

smi Real Estate Group

SMI ehf. er alþjóðlegt fasteignafélag, sem er með starfsemi á Íslandi, Færeyjum, Lettlandi, Litháen, Rúmeníu og Búlgaríu.

Félagið byggir nú m.a. 20 hæða verslunar- og þjónustubyggingu við Smáratorg 3, í Kópavogi.

Á fyrstu hæð byggingarinnar verða verslanir ToysRus, The Pier auk útibús Kaupþings.

Á efri hæðum byggingarinnar munu Deloitte, Fjárstoð, Kaupþing, Lagerinn, Perla Investment, SMI o.fl. verða með starfsemi sína.

Á fimmtándu hæð byggingarinnar mun World Class reka glæsilega líkamsræktarstöð og á efstu hæðum byggingarinnar munu veitingastaðirnir Nítjánda og Turninn veisluþjónusta, bjóða upp á veitingar og þjónustu í óviðjafnanlegu umhverfi.

www.smi.is



## Hefurðu gaman af mannlegum samskiptum ?

### Móttökustjóri í glæsilegu umhverfi

Starfssvið:

- Stýring og umsjón móttöku
- Móttaka viðskiptavina og símaþjónusta
- Eftirlit með ræstingu og öryggismálum
- Þjónusta við innri og ytri viðskiptavini
- Almenn skrifstofustörf og starfsmannamál

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sambærilegu, hæfni í mannlegum samskiptum, ríka þjónustulund og skipulagshæfni. Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg.

### Móttökuritari

Starfssvið:

- Móttaka viðskiptavina og símaþjónusta
- Almenn skrifstofustörf
- Þjónusta við innri og ytri viðskiptavini

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sambærilegu auk hæfni í mannlegum samskiptum og mikla þjónustulund. Góð íslensku- og enskukunnátta er jafnframt nauðsynleg.

**Umsóknarfrestur** er til og með 5. október nk. Gengið verður frá ráðningum skv. nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá **STRÁ MRI**.

**Guðný Harðardóttir** og **Gunnar Hólmsteinn Ársælsson**, hjá **STRÁ MRI** veita nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15 alla virka daga. Vinsamlega sendið umsóknir / starfsferilskrár til **stra@stra.is**. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

**Fagmennska í 20 ár**

# BÓKARI

Héðinn Schindler lyftur sér um sölu og viðhald á lyftum og rennistigum. Fastir starfsmenn eru 12 talsins.

Fyrirtækið er hluti af Schindler Group.

## Héðinn Schindler lyftur ehf. óska eftir að ráða bókara.

**Starfssvið**
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamannabókhald
- Launaútreikningar
- Greiðsla reikninga
- Innheimta
- Uppgjör
- Almenn skrifstofustörf
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Góð þekking á bókhaldi og launavinnslu
- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Geta til að vinna sjálfstætt
- Góð þjónustulund
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# ERTU KLÁR?

Capacent er stærsta rannsóknar-, ráðgjafar- og ráðningarfyrirtæki landsins þar sem yfir 100 sérfræðingar með fjölbreytta reynslu og menntun stuðla að bættum árangri viðskiptavina. Markmið Capacent er að starfsfólk sé ánægt í starfi og hafi tækifæri til að vaxa og þróast á sínu sviði. Þetta teljum við að skili okkur hæfara starfsfólki og fyrirtækinu betri árangri. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á vefsíðu Capacent: www.capacent.is.

## Capacent óskar eftir að ráða einstakling til starfa við hugbúnaðargerð. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
- Endurgerð og nýsmíði sérsmíðaðra lausna
- Vinna við verkefnaáætlun og þarfagreiningu
- Hugbúnðarhönnun og forritun

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða kerfisfræði
- Reynsla af hugbúnaðargerð og vinnu við gagnagrunna
- Þekking á SQL, ASP.Net og C#
- Þekking á helstu ferlum og aðferðum hugbúnaðargerðar æskileg

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

# AÐSTOÐARMAÐUR/ RITARI

## Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir aðstoðarmanni/ritara í fullt starf í tæpt ár vegna fæðingarorlofs.

**Æskilegt er að sá sem ráðinn er geti hafið störf fljótlega.**

**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið hefur verið tekin.**

**Starfssvið**
Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf á skrifstofu þingmanna, allt frá gagnaöflun og úrvinnslu til almennra ritarastarfa.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Umsækjandi þarf að hafa háskólagráðu á sviði stjórnmálafræði og/eða annarra félagsvísinda og hafa mjög gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli og ensku. Leitað er að einstaklingi sem er sjálfstæður í vinnubrögðum, sveigjanlegur og áhugasamur um samfélagsmál.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# VERKEFNASTJÓRI

STAÐLARÁÐ ÍSLANDS — ÍSLENSKIR STAÐLAR

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003. Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum. Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC, evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

## Staðlaráð óskar eftir að ráða verkefnastjóra til starfa sem fyrst.

**Starfssvið**
- Þátttaka á fundum tækniráðs CEN og samráð við innlenda hagsmunaaðila vegna þess, yfirumsjón með þátttöku í tæknilegu staðlastarfi hjá CEN
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði bygginga og mannvirkjagerðar, og kynningu á því starfi
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði gæða- og umhverfisstjórnunar og á skyldum sviðum og kynningu á því starfi
- Ritari Byggingarstaðlaráðs og Fagstjórnar um stöðlun í gæðamálum
- Önnur stöðlunarverkefni skv. ákvörðun yfirmanns

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í byggingarverkfræði
- Starfsreynsla í byggingariðnaði æskileg
- Reynsla af gæðastjórnun og notkun staðla
- Góð íslensku- og enskukunnátta, önnur tungumál kostur, hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

**Staðlaráð er ein af Fyrirmyndarstofnunum SFR árið 2007.**

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2007

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

vinna.is
atvinnumiðlun



Vinna.is
Sími 511 1144 www.vinna.is

VEGAGERÐIN

# HÚSASMIÐUR HVAMMSTANGA

Staða húsasmiðs hjá vinnuflokki Vegagerðarinnar Hvammstanga er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Samiðnar.

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

**Starfssvið**
- Vinna við brúasmíð
- Ýmis tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Sveinspróf í húsasmíði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# VERKEFNISSTJÓRI

Forsætisráðuneyti óskar eftir að ráða verkefnisstjóra fyrir vefinn www.island.is. Leitað er að kraftmiklum og hugmyndaríkum einstaklingi til að leiða þróun vefsins. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins við ráðningar í störf hjá ráðuneytinu.

**Starfssvið**
- Þróun, innleiðing nýjunga og ritstjórn
- Dagleg umsjón með vefnum
- Kynning vefsins
- Áætlanagerð og undirbúningur samninga
- Samskipti við samstarfs- og þjónustuaðila
- Þátttaka í nefndarstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Þekking og reynsla af uppbyggingu og umsjón vefkerfa nauðsynleg
- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni æskileg
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7.október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SAMSKIP

# REKSTRARSTJÓRI BÍLAREKSTRARDEILDAR

Samskip óska að ráða öflugan einstakling í fjölbreytt og krefjandi starf rekstrarstjóra bílarekstrardeildar.

Samskip er fjölbreyttur og krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Samskip bjóða viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá Samskipum starfa nú um 1400 starfsmenn á 56 skrifstofum í 23 löndum.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á bíla- og tækjarekstri Samskipa
- Öflun tilboða og samningagerð við birgja
- Kaup, sala og leiga tækja
- Umsjón og eftirfylgni með viðhaldi tækja
- Áætlanagerð, uppgjör og virkt kostnaðareftirlit
- Ýmis önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Grunnþekking í viðgerðum og viðhaldi tækja og bíla
- Menntun á sviði rekstar mikill kostur
- Haldgóð reynsla af rekstri, stjórnun og eftirfylgni
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Kappsemi, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Gott frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



# Spennandi framtíðarstörf

**Fyrir alla**
Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

**www.husa.is**

## Pípulagnaverslun Skútuvogi

**Viljum ráða áhugasama sölu- og afgreiðslumenn í pípulagnaverslun okkar Skútuvogi**

**Um starfið:**
- Starfið felst í sölu, ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini
- Menntun eða einhver reynsla af pípulögnum æskileg
- Reynsla úr sambærilegu starfi kostur

**Viljum einnig ráða starfsmenn á lager**

**Um starfið:**
- Starfið felst í tiltekt pantana
- Móttöku á vörum
- Og öðrum tilfallandi störfum

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, **atvinna@husa.is**. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is.**

HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál

**VélRás ehf.**
**Bifreiða & Vélaverkstæði**

Óskum eftir aðila til sendistarfa ásamt aðstoð á lager.

Upplýsingar í s. 860 1850
Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi.

**VélRás ehf.**
**Bifreiða & Vélaverkstæði**

Starfsmaður óskast til að sjá um innkaup og lagerhald.

Upplýsingar í s. 860 1850
Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi.

**GARÐABÆR**
www.gardabaer.is

**Sjálandsskóli Tómstundaheimili**
**Leiðbeinandi**

**"Börn eru besta fólk"**

Hér er áhugavert starf fyrir þig sem hefur reynslu af listum, íþróttum, útivist eða gaman af að umgangast börn. Þetta starf hentar vel með framhalds- eða háskólanámi.

Um er að ræða hlutastarf eftir hádegi.

**Umsóknarfrestur er til 30. september.**

Umsóknir berist skólastjóra sem veitir nánari upplýsingar í símum 590 3100 og 820 8505 eða á helgi@sjalandsskoli.is

Laun eru samkæmt kjarasamningi LN og Starfsmannafélags Garðabæjar

*Deildarstjóri skóladeildar*

**Fræðslu- og menningarsvið**

您想在全球环境下工作吗

...eða með öðrum orðum hefur þú áhuga á að starfa á alþjóðlegum vettvangi?



Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

## Starf sérfræðings í klínískum rannsóknum

Klínískar rannsóknir (e. Clinical Department) er hluti af þróunarsviði Íslands og hefur umsjón með framkvæmd frásogsrannsókna fyrir Actavis Group. Rannsóknir eru framkvæmdar bæði fyrir Evrópumarkað og Bandaríkjamarkað. Deildin er í samstarfi við erlend rannsóknarfyrirtæki í Kanada, Ameríku og Indlandi.

Starfið felur m.a. í sér söfnun gagna um eiginleika lyfja, mat og utanumhald á gögnum, hönnun rannsóknaráætlunar, eftirlit með rannsóknum, túlkun á reglum og reglugerðum sem varða frásogsrannsóknir. Starfið krefst umtalsverða samskipta við erlenda verkefnastjóra rannsóknarfyrirtækja, sérfræðinga, starfsmenn fyrirtækisins og skráningarfirvalda.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í lyfjafræði eða sambærilegum greinum. Gerð er krafa um nákvæmni, sjálfstæði og góða ensku- og tölvukunnáttu.

**Nánari upplýsingar veitir Harpa Þ Böðvarsdóttir á starfsmannasviði Actavis Group, hbodvarsdottir@actavis.com.**

Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:
- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is undir **Störf í boði** fyrir 1. október n.k.

Actavis Group hf. Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com

actavis

www.arion.is

Arion verðbréfavarsla hf.

# Áhugaverð störf hjá framsæknu fyrirtæki

Vegna aukinna verkefna leitar Arion að metnaðarfullum og traustum einstaklingum til starfa.

## Innlent uppgjör – Vörslu og uppgjörssvið

Innlent uppgjör sér um frágang viðskipta með íslensk verðbréf.

**Helstu verkefni**
- Frágangur/uppgjör viðskipta á innlendum markaði
- Uppgjör á íslenskum verðbréfum á erlendum mörkuðum
- Umsjón með flutningi verðbréfa
- Dagleg samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini Arion
- Þróun nýrra afurða tengdum innlendum viðskiptum
- Þátttaka í hópverkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Ákveðni og jákvætt viðmót
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund

## Þróun – Upplýsinga- og tæknisvið

Ýmis þróun á upplýsingakerfum Arion. Allir gagnagrunnar Arion eru í MS SQL Server 2005. Þróunarumhverfi Arion er MS Visual Studio 2005, þ.á.m. Reporting Services og Integration Services.

**Helstu verkefni**
- Þróun á skýrslum fyrir starfsmenn Arion
- Greining og úrvinnsla verkefna á þjónustuborði
- Þróun á upplýsingakerfi fyrir yfirstjórn Arion (MIS kerfi)
- Þróun á nýjum kerfum sem styðja við vöruþróun Arion
- Þátttaka í greiningu á breytingum og viðbótum við aðkeypt kerfi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði, eða sambærileg menntun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af gagnagrunnsforritun er kostur
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Reynsla af fjármálamarkaði er kostur

ENNEMM / SÍA / NM26676

## Fyrirtækjaaðgerðir – Vörslu og uppgjörssvið

Fyrirtækjaaðgerðir framkvæma allar aðgerðir er varða verðbréf, aðrar en bein kaup eða sölu bréfa. Helstu aðgerðir eru dreifing á jöfnunarbréfum, samrunar og yfirtökur og útgreiðsla arðs í formi peninga eða bréfa ásamt afborgunum skuldabréfa.

**Helstu verkefni**
- Útsending tilkynninga vegna fyrirtækjaaðgerða til viðskiptavina Arion
- Móttaka fyrirmæla frá viðskiptavinum Arion ef um valkvæða aðgerð er að ræða
- Samskipti við erlenda vörsluaðila Arion
- Framkvæmd og eftirfylgni fyrirtækjaaðgerða í viðskiptakerfum Arion á líftíma aðgerðarinnar
- Samskipti við innri deildir Arion, s.s. bókhald, eignavörslu og uppgjör viðskipta
- Fjöldi annarra verkefna sem tengjast fyrirtækjaaðgerðum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- BSc. í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Mjög góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Viðkomandi þarf að vera töluglöggur
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Rík ábyrgðartilfinning
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir starfsmannasvid@arion.is.
Umsóknarfrestur er til og með **2. október**.
Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið
**starfsmannasvid@arion.is**.

Arion verðbréfavarsla hf. er þjónustufyrirtæki fyrir innlend og erlend fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóði og lífeyrissjóði. Viðskiptavinir Arion í dag eru Kaupþings samstæðan, 19 alþjóðlegir bankar, íslenskar verðbréfamiðlanir, sparisjóðir, fjárfestingabankar, verðbréfasjóðir, lífeyrissjóðir og fjárfestingafélög. Arion býður sérsniðnar og hagkvæmar lausnir varðandi uppgjör og umsjón með verðbréfum og er eina sérhæfða fyrirtækið á því sviði á Íslandi. Arion er í dag með um 2.500 milljarða króna verðbréfaeign í sinni vörslu fyrir hönd viðskiptavina.

Hjá Arion starfa 88 vel menntaðir og metnaðarfullir starfsmenn. Einkunnarorð starfsmanna eru: Áreiðanleiki, þjónustulund, fagmennska og framsækni.

Arion

Arion verðbréfavarsla hf. - Ármúli 13, 108 Reykjavík - S: 528 2800

# KÓPAVOGSBÆR

## Frá Lindaskóla

**Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:**

- **Stærðfræðikennari á eldra stig**
- **Starfsfólk í Dægradvöl**
- **Gangavörður/ræstir**

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar veitir skólastjóri, Gunnsteinn Sigurðsson, í síma 554 3900 eða 861 7100.

Hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um störfin.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

---

SELFOSSI

## Starfsfólk óskast til starfa!

Um er að ræða 2-3 störf við framleiðslu og í vöruafgreiðslu. Viðkomandi einstaklingur þarf að vera stundvís og samviskusamur. Lyftarapróf er kostur.

Nánari upplýsingar veitir verkstjóri í síma 480-1625

Umsóknir skulu berast til MS Selfoss, Austurvegi 65, Selfossi eigi síðar en 28. september nk. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í mjólkurbúinu en einnig má senda umsóknir á netfangið starfsmannasvid@ms.is.

---

HEREFORD STEIKHÚS

## Veitingahús í örum vexti óskar eftir

- yfirmatreiðslumanni,
- matreiðslumanni
- og aðstoðarfólk í eldhús.

Upplýsingar gefnar í síma: 691-2221 Gunnar.

---

**Sunnuhlíð**
**Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi**

## Hjúkrunarfræðingar

Óskast á kvöldin og um helgar. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Frá 1. desember er jafnframt laus 80-100% staða allar vaktir.

Sunnuhlíð er heimilislegt hjúkrunarheimili á góðum stað í Kópavogi. Þar búa 69 heimilismenn og að auki eru þar 4 hvíldarinnlagnarpláss.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Dagmar Huld Matthíasdóttir
hjúkrunarforstjóri
Sími 5604163 eða 5604100
Netfang dagmar@sunnuhlid.is

Sjá einnig heimasíðu Sunnuhlíðar
**www.sunnuhlid.is**

---

**JetX**
**Primera Air**

**JetX – Primera Air er leiguflugfélag staðsett í Kópavogi og flýgur frá Norðurlöndunum til áfanga-staða víðs vegar um Evrópu. Starfsfólkið er vel menntað, áhugasamt, árangursdrifið og fara samskipti að mestu fram á ensku. Við hlökkum til að deila með þér því áhugasama vinnuumhverfi sem við hrærumst í.**

**JetX – Primera Air is a charter airline based in Kópavogur, operating flights out of the Nordic countries to various destinations in Europe. The employees are well educated, motivated, result oriented and communicate mostly in English. We are already looking forward to sharing an inspiring working environment with you.**



**Vegna mikilla umsvifa flugfélagsins höfum við ákveðið að fjölga í starfsliði okkar og leitum að tveimur hæfum einstaklingum í eftirtaldar stöður:**

Upplýsinga- og tæknideild
**STARFSMAÐUR Á ÞJÓNUSTUBORÐ**

Starfssvið:

- Dagleg umsjón með þjónustuborði fyrir aðalskrifstofu og alla flugliða á virkum dögum
- Dagleg umsjón með www.jetx.is og innri vefkerfum
- Dagleg umsjón með pósthólfum flugliða
- Kennsla ásamt ritun leiðbeininga og kennsluefnis
- Önnur tilfallandi störf

Við væntum þess að þú hafir góða þjónustulund, sért þolinmóður, úrræðagóður og vinnusamur einstaklingur.

Hæfnis-og menntunarkröfur:

- Almenn þekking á Microsoft umhverfi og hugbúnaði
- Almenn þekking á staðarnetum, nethögun o.s.frv.
- Mjög góð þekking á vefforritun og grunnþekking í forritun
- Þekking á MS SQL gagnagrunnum og fyrirspurnum æskileg
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta, bæði töluð og rituð
- Stúdentspróf eða önnur sambærilega menntun

Flugrekstrardeild
**YFIRMAÐUR FLUGUMSJÓNAR**

Þú munt vinna náið með flugrekstrarstjóra og staðgengli hans og helstu ábyrgðarsviðin eru:

- Yfirumsjón með flugumsjón og daglegum verkefnum þar að lútandi
- Fylgjast með og fylgja eftir stundvísi í flugrekstrinum
- Þróa, móta og koma verkferlum í framkvæmd
- Stöðug eftirfylgni með flugáætlunum og framkvæmd þeirra á sem hagkvæmastan hátt
- Umsjón með efni flugrekstrarhandbóka sem rekstur okkar byggir á.

Við gerum ráð fyrir að þú sért sjálfstæður í vinnubrögðum og ákveðinn en hafir einnig góða eiginleika til að vinna í hóp. Staðan krefst þess að þú sért vel skipulagður og rökvís og hafir góða stjórnunarhæfileika.

Starfið getur krafist þess að þú vinnir reglulega utan venjulegs vinnutíma þar sem ætlast er til að þú takist á við ólík mál sem upp koma í flugrekstri á öllum tímum.

Til þess að koma til greina í stöðuna þarftu að:

- Hafa mikla þekkingu og reynslu á flugrekstarsviði flugiðnaðarins
- Hafa góða almenna menntun eða stúdentspróf, stjórnunarreynsla er kostur
- Búa yfir mjög góðri enskukunnáttu, bæði talaðri og ritaðri
- Kunna vel á Excel, Word, Outlook og hafa aðra almenna tölvuþekkingu
- Hafa tök á því að ferðast ef þess gerist þörf

Fyrri starfsreynsla sem flugumsjónarmaður eða flugmaður verður talið umsækjanda til tekna.

**Due to expansion, we are recruiting two skilled individuals for the following vacancies:**

IT Department
**A PERSON TO RUN OUR IT HELP DESK**

Areas of responsibility:

- Running IT help desk for head office and crew members
- Supervising www.jetx.is and intranet websites
- Supervising crew mailboxes
- Training and writing of instructions and manuals
- Other miscellaneous duties

We expect you to be service minded, patient, resourceful and a hard working individual.

Skills and education required:

- General knowledge of Microsoft environment and software
- General knowledge of networks and IT architecture
- Extensive knowledge of web programming and basic programming skills
- General knowledge of MS SQL databases and SQL is preferred
- Fluency in English and Icelandic
- Good general education or college degree

Flight Operations Department
**FLIGHT OPERATIONS MANAGER**

Working closely together with Director Flight Operations and his Deputy, your overall areas of responsibility will be:

- Supervising our Operations Control and our daily operations
- Monitoring and improving our On Time Performance
- Developing, streamlining and implementing procedures
- Follow up on our Flight Planning, performance tools and procedures
- Oversee the content of Flight Operations Manuals on which we base our operation

We expect you to be independent and decisive whilst still a good team player. The position requires you to be well organized with strong analytical skills and good management skills.

Due to the nature of the job, you should expect to regularly work outside normal office hours, as you will be expected to manage various situations at whatever time they arise.

Additionally, to be considered for the position you should:

- Have a thorough knowledge of and experience in the operational part of the airline industry
- Have a good general education or college and preferably administrative experience.
- Be fluent in English, both spoken and written
- Be skilled in Excel, Word, Outlook and have a good general knowledge of computers
- Be prepared to travel when required

Previous experience as Dispatcher or Airline pilot will be considered an advantage.



Áhugasamir eru beðnir um að senda ferilskrá ásamt mynd í tölvupósti sem merktur er 'IT' eða 'Flight Operations Manager' eftir því sem við á, á **job@jetx.is**. **Umsóknarfrestur er til 7. október 2007**. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Vinsamlega hafið samband ef frekari upplýsinga er þörf.

Please send your detailed CV and a picture to **job@jetx.is**. with the subject 'IT' or 'Flight Operations Manager' accordingly. **The application deadline is 7 October 2007**. All applications will be answered and considered confidential. Should you have additional questions, feel free to contact us.

**Primera Air. JetX**

JetX - Primera Air | Hlíðasmári 12 | 201 Kópavogur | S. 527 6000 | Fax. 527 6001 | jetx.is

---



**Firma BYGGINGARF.GYLFA &GUNNARS HF**

poszukuje operatorow sprzetu ciezkiego z uprawnieniami na koparko-ladowarki,koparki obrotowe do 17 ton i wiecej.Zapewniamy prace na dlugi okres czasu.Nasza firma to jedna z wiekszych i dobrze prosperujacych w islandii.Zapewniamy dobre warunki.

Wszelkie informacje mozna uzyskac pod numerm 6630317/Arek-po polsku/Dziekujemy za kontakt.

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

---



# Gröfumaður á hjólavél

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum manni á nýlega hjólagröfu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Nánari uppl. gefur Jón Hákon í síma 693-7319.

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is



# Hjúkrunarfræðingar

Við hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) erum að leita að áhugasömum og kraftmiklum hjúkrunarfræðingum til að vinna við ungbarnavernd og skólahjúkrun á heilsugæslusviði og dagdeild, hand-og lyflæknisdeild og hjúkrunardeild á sjúkrahússviði. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er sjúkrastofnun í markvissri sókn. Hér ríkir afbragðsgóður starfsandi, góðum hugmyndum starfsmanna er tekið fagnandi sem og nýjungum í starfsemi.

Heilsuvernd barna er ný deild innan heilsugæslusviðs, HSS. Heilsuvernd barna sinnir ung- og smábarnavernd og skólaheilsugæslu á öllum Suðurnesjum nema Grindavík.
Eingöngu er unnið á dagvinnutíma í heilsuvernd barna frá 8-16 en að öðru leyti er hægt að aðlaga vinnutíma að þörfum viðkomandi.
Dagdeildin tilheyrir sjúkrahússviði og er 5 daga endurhæfinga- og göngu-deild. Deildin er 16 rúma deild og að stærstum hluta fyrir skjólstæðinga sem koma í endurhæfingu og í aðgerðir.
Nánari upplýsingar veitir Þórunn Benediktsdóttur, hjúkrunarforstjóri í gegnum netfangið thb@hss.is eða í síma 422-0625

Hjúkrunardeildin Víðihlíð er 25 rúma deild innan sjúkrahússviðs og er staðsett í Grindavík. Hjúkrunardeildin er deild fyrir einstaklinga með fjölþættan heilsufarsvanda ásamt færnistapi sem þarfnast langtímahjúkrunar. Nánari upplýsingar veitir Edda Bára Sigurbjörnsdóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri í gegnum netfangið edda@hss.is eða í síma 426-7600

Um er ræða framtíðarstarf og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Umsóknir sem greina frá menntun, fyrri störfum og meðmælendum skulu berast til Bjarnfríðar Bjarnadóttur starfsmannastjóra , Mánagötu 9, 230 Reykjanesbæ eða með tölvupósti á netfangið bjarnfridur@hss.is.
Umsóknarfrestur er til og með 7.október 2007 og geta umsóknir gilt í 6 mánuði.

**Öllum umsóknum verður svarað.**

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA
SKÓLAVEGI 6 • 230 REYKJANESBÆ • WWW.HSS.IS • HSS@HSS.IS



Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi.

# Vélahönnuður

Vélahönnuð vantar í vöruþróunarferli Marel. Starfið felur í sér hönnun á stöðluðum vörum fyrirtækisins fyrir matvælaiðnað. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð og þarf viðkomandi að geta unnið sjálfstætt sem og í teymisvinnu. Öll hönnun fer fram í SolidWorks.

**Þú hefur:**

- tæknimenntun á vélasviði
- þekkingu á teikniforriti

**Við bjóðum:**

- þjálfun í SolidWorks
- afbragðs vinnuaðstöðu og mötuneyti
- fjölskylduvænt vinnuumhverfi og sveigjanlegan vinnutíma
- aðgang að íþróttaaðstöðu og gott félagslíf
- styrki til símenntunar og íþróttaiðkunar

*Nánari upplýsingar um starf vélahönnuðar veitir Kristján Hallvarðsson, framkvæmdastjóri vöruþróunarferlis, kristjan@marel.is, í síma 563 8000.*

*Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf., www.marel.com fyrir 28. september nk. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.*

RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com
marel food systems

# Fjármálastjóri

KLASI

Klasi hf. sérhæfir sig í þróun og rekstri fasteigna. Félagið er í örum vexti og vinnur nú að mörgum spennandi þróunar- og fjárfestingarverkefnum bæði hérlendis og erlendis. Meðal verkefna er uppbygging á nýjum miðbæ í Garðabæ, þróun og uppbygging á svæði fyrir eldri borgara í Reykjanesbæ og bygging hótels og heilsumiðstöðvar í Kaupmannahöfn. Nánari upplýsingar á www.klasihf.is.

**Klasi óskar eftir að ráða til sín fjármálastjóra. Um er að ræða spennandi, fjölbreytt en jafnframt krefjandi starf hjá fyrirtæki í mikilli sókn.**

**Starfssvið**

- Yfirumsjón með bókhaldi
- Mánaðarleg fjárhagsuppgjör
- Fjárhagsáætlanir
- Fjárstýring og fjármögnun
- Viðskiptaáætlanir fyrir einstök verkefni
- Eignaumsýsla og gerð leigusamninga

**Menntun og hæfniskröfur**

- Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg menntun er skilyrði
- Góð þekking á tölvu- og upplýsingatækni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Metnaður og frumkvæði

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 1. október nk.

Nánari upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Kristín Guðmundsdóttir.
Netföng: **thorir@hagvangur.is** og **kristin@hagvangur.is**

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið

# Áhugaverð störf í grunnskólum

**Eftirfarandi störf í grunnskólum Reykjavíkur eru laus**

**Austurbæjarskóli, v/Vitastíg, sími 411-7200**
• Stuðningsfulltrúi í 50-75% starf

**Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 567-2555**
• Skólaliðar í 50-100% störf

**Borgaskóli, Vættaborgum 9, sími 577-2900**
• Umsjónarkennari á miðstigi frá 1. janúar 2008

**Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, sími 557-3000**
• Dönskukennari á unglingastigi

**Brúarskóli, Vesturhlíð 3, sími 520-6000**
• Stuðningsfulltrúi
• Íþróttakennari í 60% stöðu

**Foldaskóli, Logafold 1, sími 540-7600**
• Umsjónarkennari í 6. bekk, afleysing frá 1. desember vegna fæðingarorlofs
• Kennari á unglingastigi, kennslugreinar danska og enska, afleysing frá 1. desember vegna fæðingarorlofs
• Skólaliði í mötuneyti frá 1. desember
• Stuðningsfullrúi í 70% starf frá 1. janúar 2008

**Hagaskóli, Fornhaga 1, sími 535-6500**
• Skólaliði í 50-100% starf

**Hamraskóli, Dyrhömrum 9, sími 567-6300**
• Stuðningsfulltrúi í 50-75% starf

**Ingunnarskóli, Maríubaugi 1-3, sími 411-7828**
• Umsjónarkennari í 4.-5. bekk, afleysing vegna fæðingarorlofs
• Umsjónarkennari í 6.-7. bekk, afleysing vegna fæðingarorlofs

**Korpuskóli, Bakkastöðum 2, sími 411-7880**
• Umsjónarkennarar á miðstigi

**Langholtsskóli, Holtavegi 23, sími 553-3188**
• Skólaliðar
• Stuðningsfulltrúi í 80% starf

**Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24, sími 411-7444**
• Myndmenntakennari

**Réttarholtsskóli, v/Réttarholtsveg, sími 553-2720**
• Kennari, kennslugreinar stærðfræði og stuðningskennsla
• Sundkennari, 9 kennslustundir eftir hádegi mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga
• Gangavörður, 70-100% starf

**Rimaskóli, Rósarima 11, sími 411-7720**
• Kennari á unglingastigi, kennslugreinar íslenska og stærðfræði, 50% staða
• Skólaliðar

**Safamýrarskóli, Safamýri 5, sími 568-6262**
• Stuðningsfulltrúar

**Seljaskóli, Kleifarseli 28, sími 411-7500**
• Forfallakennari

**Sæmundarskóli, Gvendargeisla 168, sími 411-7848**
• Námsráðgjafi
• Sérkennari í 50-100% stöðu
• Stuðningsfulltrúar í 50-100% störf
• Skólaliðar í 50-100% störf

**Vesturbæjarskóli, Sólvallagötu 67, sími 562-2296**
• Íslenskukennari fyrir erlenda nemendur

**Víkurskóli, v/Hamravík, sími 545-2700**
• Íslenskukennari á unglingastigi í 70% stöðu, möguleiki á 100% stöðu
• Stærðfræðikennari á unglingastigi í 80% stöðu, möguleiki á 100% stöðu, afleysing vegna fæðingarorlofs

**Vogaskóli, v/Ferjuvog, sími 411-7373**
• Aðstoð á bókasafni og gæsla í mötuneyti, 70% starf

**Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is. Þar er einnig að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Endurskoðandi

**Ríkisskattstjóri óskar eftir að ráða endurskoðanda til starfa við eftirlit með félögum sem beita skulu alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu reikningsskila sinna.**

■ Í starfinu felst að hafa eftirlit og meta áreiðanleika reikningsskila með hliðsjón af alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, taka þátt í samstarfi CESR, The Committee of European Securities Regulators (samstafsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði) og draga sjálfstæðar ályktanir um kröfur til reikningsskila hér á landi með hliðsjón af niðurstöðum samstarfsnefndarinnar.

■ Umsækjendur þurfa að hafa lokið löggildingu í endurskoðun, í samræmi við ákvæði laga nr. 18/1997 um endurskoðendur og hafa haldgóða þekkingu á meginatriðum stjórnsýslureglna. Sömuleiðis þarf viðkomandi að geta sýnt frumkvæði, hafa gott vald á rituðu máli, bæði á íslensku og ensku og hæfni til að leysa úr álitamálum.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Skúli Eggert Þórðarson í síma 563 1152 milli kl. 09.30 og 10.30. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.**

Umsóknir er hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, starfsferil og önnur atriði er máli skipta, sendist ríkisskattstjóra Laugavegi 166, 150 Reykjavík – auðkennt starfsmannahald, fyrir 25. september 2007.

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið




# OPNUM FLJÓTLEGA NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN Í HOLTAGÖRÐUM

## Óskum eftir duglegu, kraftmiklu og skemmtilegu starfsfólki í allar sérvöru- og matvörudeildir

Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is. Einnig er hægt að fá umsóknareyðublöð í verslunum. Nánari upplýsingar um störfin veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannafulltrúi í síma 563 5000 eða starfsmannahald@hagkaup.is.

Ágúst lauk meistaragráðu í söng frá Síbelíusar akademíunni í Helsinki og upplifir talsverðan mun á óperumenningunni erlendis og hér. „Stærsti munurinn er kannski sá að það er ekki jafn sterk hefð hjá íslenskum áhorfendum að sækja óperur. Ég held að Íslendingum þyki ekki jafn sjálfsagt að fara í óperuna hérlendis og tíðkast víða í Evrópu þar sem fólk hefur alist upp við að sækja óperuna reglulega með vinum og kunningjum. Þessa hefð vantar á Íslandi.“ Hann segir þó að á móti komi að Íslendingar séu frjálsari í nálgun sinni á óperulistina, hér skapist gríðarleg stemning í kringum hverja einustu uppfærslu og að það sé alltaf eitthvað spennandi að gerast.

Ágúst er með mörg járn í eldinum utan hlutverks síns í Ariadne. Til að mynda söng hann nýverið með Sinfóníuhljómsveit Íslands verkið Völuspá fyrir barítón og kór eftir Jón Þórarinsson. Eftir að sýningum á Ariadne auf Naxos lýkur kemur Ágúst meðal annars til með að syngja á ljóðatónleikum í Vídalínskirkju í Garðabæ og hann syngur finnsk tangólög með tangósveit í Iðnó í vetur.

**Kómískt hlutverk**

Þorsteinn Helgi Árbjörnsson tenór syngur hlutverk trúðsins Brighella. „Þetta er karakter sem kemur úr commedia dell'arte og er einn af þessum fimm trúðum sem brjótast inn í óperuna og trufla allt með tilraunum sínum til að hressa Ariadne við.“ Hann segir hlutverk sitt þannig vera fyrst og fremst kómískt, þó svo að það feli í sér samskipti við hina tragísku Ariadne.

Undanfarin ár hefur Þorsteinn verið við nám í Bandaríkjunum. Hann lauk bachelor of music gráðu frá Oberlin Conservatory Ohio árið 2006 og er því að taka þátt í uppfærslu hjá Íslensku óperunni í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir að erlendis bjóðist söngvurum oft og tíðum stærri tækifæri og hlutverk en hérlendis segir Þorsteinn það engu að síður eftirsóknarvert að koma heim og syngja við Íslensku óperuna. „Það er náttúrlega frábært að fá tækifæri til þess að koma heim og syngja; það eru eflaust margir sem

> Það er nauðsynlegt fyrir íslenska söngvara að hafa sungið í það minnsta einu sinni við Íslensku óperuna. – *Arndís Halla Ásgeirsdóttir*

hér sé einhvern veginn séríslensk og skemmtileg eftir því.“

Þegar sýningum á Ariadne lýkur tekur við tónleikahald hjá Hönnu, en þar sem hún á von á barni segist hún þó ætla að taka sér frí frá söngstörfum til þess að sinna fjölskyldunni. „Það verður aðalverkefnið fram á næsta ár,“ segir hún.

**Nálægð við áhorfendur**

Hlutverk hinnar léttlyndu Zerbinettu er í höndum Arndísar Höllu Ásgeirsdóttur sópransöngkonu. „Zerbinetta er mikil skvetta og gríðarlega upp á karlhöndina. Hún er sannkölluð díva en er jafnframt alltaf í gríninu.“ Arndís stundaði

um eins og ég sé alveg ofan í áheyrendum. Þessi nálægð gerir það að verkum að framkoma söngvaranna breytist og við þurfum t.d. að leggja meiri áherslu á fínhreyfingar.“

Uppfærslan leggst afar vel í Arndísi. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég tek að mér hlutverk í óperu hér á landi, en hingað til hef ég aðallega sungið á tónleikum. Það er nauðsynlegt fyrir íslenska söngvara að hafa sungið í það minnsta einu sinni við Íslensku óperuna. Söngvararnir sem taka þátt í uppfærslunni eru mjög góðir og þykir mér sérlega skemmtilegt að syngja eitt burðarhlutverkið á

þar sem hennar bíður frumsýning 20. október. Það er því meira en nóg að gera hjá henni í augnablikinu. „Það er bara um að gera að flýta sér hægt og hafa gaman af þessu,“ segir hún að lokum.

**Skortir hefð**

Ágúst Ólafsson barítónsöngvari fer með hlutverk Harlequin, en hann er einn af trúðahópnum sem veldur usla í harmrænu óperunni um Ariadne. Ágúst telur persónu Harlequin vera fremur einfalda. „Trúðarnir eru með lítið leikrit í gangi sem að mestu gengur út á fíflalæti. Svo viljum við ná í dömuna, Zerbinettu, allir fjórir. Þetta

vilja komast að þannig að manni finnst þetta ákveðinn heiður að fá að taka þátt í þessu og þá sérstaklega með svona góðum hópi.“

Þegar sýningum á Ariadne auf Naxos lýkur bíða Þorsteins spennandi verkefni. Hann kemur til með að syngja á tónleikaröð í Bandaríkjunum á næstunni auk þess sem hann bíður þess að komast á samning hjá óperunni í Nordhausen í Þýskalandi. Hann hefur því ríkan grundvöll til þess að líta framtíðina björtum augum. „Þetta er allt eins og það á að vera, spennandi verkefni fram undan og ekki amalegt að fá að byrja á verkefni sem þessu.“



Tónskáldið Richard Strauss.

## Byggð á goðsögn

**Óperan Ariadne auf** Naxos er að nokkru leyti byggð á grísku goðsögninni um Ariadne, dóttur Mínosar konungs. Hún varð ástfangin af hetjunni Þeseifi sem vann sér það helst til frægðar að drepa skrímslið Mínótár. Ariadne var þó svikin í ástum; hún hljópst á brott með Þeseifi en hann yfirgaf hana á eyjunni Naxos. Ópera Strauss flytur goðsögnina inn í samtíma sinn og hverfist þannig um uppsetningu á óperu um goðsögnina fremur en goðsögnina sjálfa. Verkið er tvískipt og kemur goðsögnin mestmegnis við sögu í seinni hlutanum.

**Verkið hefst á** heimili ríkasta mannsins í Vínarborg. Þar hitta áhorfendur fyrir tvo ólíka hópa sem eru við það að fara að troða upp. Annars vegar er um að ræða hóp óperusöngvara sem hyggst flytja verk byggt á goðsögninni um Ariadne, en hins vegar eru á ferð leikarar sem ætla að skemmta með gamanmálum. Tímaþröng verður þess valdandi að hóparnir tveir neyðast til þess að setja verk sín á svið samtímis. Seinni þáttur óperunnar sýnir svo afrakstur samstarfsins og blandar þannig saman áhrifum gamanleikja og harmleikja. Óperusöngvararnir þurfa að kljást við sífelld innskot og afskipti frá gamanleikurunum sem hafa einsett sér að láta á sér bera ekki síður en söngvararnir.

**Verkið var fyrst** frumsýnt árið 1912, en var talsvert gagnrýnt fyrir hvernig það blandaði saman óperu og leikhúsi. Þótti fyrri hluti verksins, sem var að miklu leyti byggður á leikritinu Le Bourgeois Gentilhomme eftir Moliére frá 1670, taka of langan tíma og draga úr vægi óperunnar sem bar meira á í seinni hlutanum. Verkið sem íslenskir áhorfendur fá að sjá í haust er endurskoðuð útgáfa sem var fyrst sýnd árið 1916. Í þessari útgáfu þykir hafa betur tekist til að samhæfa áhrif úr leikhúsi og óperu og inniheldur verkið þannig aðeins eitt talhlutverk.




# ERT ÞÚ NÝI SÖNGVARINN Í BANDINU HANS BUBBA?

## ÞRJÁR MILLJÓNIR Í PENINGUM OG PLÖTUSAMNINGUR BÍÐA SIGURVEGARA.

Stöð 2 leitar að nýjum rokksöngvurum af báðum kynjum fyrir Bandið hans Bubba, nýjan tónlistar- og skemmtiþátt Bubba Morthens.

Í áheyrnarprufunum fjórum gefst keppendum, 18 ára og eldri, færi á að koma fram og syngja fyrir Bubba. Keppendur ráða hvort þeir syngja óstuddir, spila undir sjálfir, notast við undirleik annarra eða syngja við undirleik af bandi.

Eingöngu er leyfilegt að flytja lög og texta eftir íslenska höfunda og aðeins er leyfilegt að syngja á íslensku. Lögin mega vera í nýjum útsetningum. Sá sem stendur uppi sem sigurvegari fær 3.000.000 króna, samning við umboðsmann og útgáfusamning að launum.

### ÁHEYRNARPRUFUR

VESTFIRÐIR
**KJALLARINN EINARSHÚSI**
Bolungarvík - miðvikudaginn 10.okt.

NORÐURLAND
**VÉLSMIÐJAN**
Akureyri - miðvikudaginn 17.okt.

AUSTURLAND
**RAUÐA TORGIÐ**
Neskaupstað - miðvikudaginn 24. okt.

REYKJAVÍK
**GAUKUR Á STÖNG**
laugardaginn 3. nóv.

**SKRÁNING ER HAFIN Á STOD2.IS**

# Áróðurskennd hugvekja fyrir „þjóð í upplausn“

**ÞJÓRSÁRVER**
**Guðmundur Páll Ólafsson**
✶✶✶

Gagnrýni á tilfinningarök hefur verið nokkur í umræðum um stóriðju- og virkjanamál hér á landi. Stuðningsmenn virkjana segja þá gjarnan að það séu ekki góð rök hjá andstæðingum virkjana að nota tilfinningarök til að rökstyðja mál sitt, til dæmis með því að segja: Þetta landsvæði er fallegt; þess vegna má ekki skemma það. Gegn slíkum tilfinningarökum tefla þeir sem eru hlynntir stóriðju og virkjunum gjarnan nytjarökum. Þeir segja: Ef við gerum þetta verða til ákveðið mörg störf og tekjur ríkisins verða ákveðið háar og svo framvegis.

### „Fegurð er auðlind“

Guðmundi Páli Ólafssyni náttúrufræðingi er umhugað um að eyða þessum greinarmun á tilfinninga- og skynsemisrökum í nýlegri bók um gróðurvinina Þjórsárver. Verin eru í hvilft við rætur Hofsjökuls og eru meðal annars sérstæð vegna þess hversu fjölbreytt gróður- og dýralíf er í þeim. Landsvirkjun hefur verið með það á stefnuskrá sinni í áratugi að reisa virkjanir og miðlunarlón í eða við Þjórsárver, meðal annars hina tvö hundruð ferkílómetra Eyjavatnsmiðlun á sjöunda áratugnum; miðlun sem átti að vera „hornsteinn í heildarnýtingu Þjórsár“. Í bókinni gagnrýnir Guðmundur slíkar hugmyndir harðlega.

Umfjöllun bókarinnar er þríþætt: hún hefst og endar á almennri umfjöllun um Þjórsárver og náttúruvernd; Guðmundur ræðir einnig um jarðfræði, gróðurfar og dýralíf í verunum og aðliggjandi svæðum en lengsti hlutinn er umræða um deilurnar um hvort virkja eigi í og við Þjórsárver eða ekki. Hlutar Þjórsárvera voru friðaðir árið 1981 og er ein helsta niðurstaða Guðmundur í bókinni að það eigi að stækka friðlandið. Hann er hins vegar ekki bjartsýnn að svo verði; síðast í ársbyrjun 2006 greiddi meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur atkvæði gegn byggingu Norðlingaölduveitu við Þjórsárver. Guðmundur er smeykur um að Landsvirkjun muni halda áfram að reyna að virkja á svæðinu. „Enn þá er setið um Þjórsárver,“ segir Guðmundur en hann telur að Landsvirkjun hafi aldrei aflagt hugmyndina um að gernýta Þjórsárver í raforkuframleiðslu.

Guðmundur birtir fjölda fallegra ljósmynda úr Þjórsárverum í bókinni. „Fegurð er auðlind,“ segir Guðmundur. Ég held að sama hvaða skoðanir menn hafa á virkjunum og stóriðju þá geti þeir notið myndanna því þær sýna hversu falleg og sérstæð Þjórsárver eru og jafnframt hvað það er galið að halda því fram að þau séu ekkert nema urð og grjót, líkt og Guðmundur hefur eftir einum stjórnmálamanni í bókinni. Myndir af gullbrám, eyrarrósum, burnirót, blágresi og vel grónu landi undirstrika fegurð Þjórsárvera. Það er ekki auðvelt að komast í verin, sérstaklega ekki þau sem eru vestan megin við Þjórsá, og því getur það komið sér vel fyrir það fólk sem vill kynna sér þau að lesa þessa bók. Bókin hefur því gildi sem fallegt listaverk um verin og sem upplýsingarit um náttúrufræði þeirra.

### Vistfræði og heiðagæsir

En rök Guðmundar fyrir verndun Þjórsárvera eru ekki aðeins fagurfræðileg, því umfjöllun hans um náttúru- og gróðurfar er ætlað að undirstrika visfræðilegt mikilvægi veranna. Á einum stað segir Guðmundur að vistfræðirannsóknir í Þjórsárverum séu lykill að skilningi á íslenskri náttúru auk þess sem fimmtán til tuttugu prósent heiðagæsastofnsins í heiminum verpir í þeim. Önnur rök Guðmundar gegn byggingu frekari virkjana í Þjórsá eru þau að það geti haft slæm áhrif á þorskstofninn við landið vegna þess að ákjósanlegustu aðstæður hans til að hrygna eru við ósa jökuláa. „Virkjanir jökulvatna með stíflum og uppistöðulónum skaða lífríki strandsjávar alvarlega,“ segir Guðmundur.

### Deilir á yfirvöld og Landsvirkjun

Guðmundur deilir á íslensk yfirvöld í bókinni fyrir hugsunarleysi í umhverfismálum í gegnum tíðina. Hann segir meðal annars að Íslendingar hafi verið langsíðastir þjóða á Norðurlöndunum til að taka upp náttúruverndarlöggjöf. Umhverfisráðuneytið kallar hann „bastarð“ sem alla tíð hafi verið í nánu samkrulli við iðnaðarráðuneytið og útvegi því framkvæmdaleyfi á tilteknum svæðum gagnrýnislaust í staðinn fyrir að standa vörð um náttúruna. Hann segir meðal annars að Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra hafi í kringum aldamótin lagt niður allar stofnanir ríkisins sem báru nafnið náttúruvernd, meðal annars Náttúruverndarráð árið 2001 en í staðinn fyrir það kom Umhverfisstofnun sem hafi verið handbendi Landsvirkjunar í Þjórsárveradeilunni: „Á sínu fyrsta ári hafði Umhverfisstofnun sniðgengið lög um friðlandið í Þjórsárverum og margar greinar laga um náttúruvernd,“ segir Guðmundur.



**Oddkelsver** Í bók Guðmundar Páls er fjöldi fallegra ljósmynda úr Þjórsárverum. FRÉTTABLAÐIÐ/GPÓ



**Guðmundur Páll Ólafsson** Bók hans er hápólitísk ádeila á virkjanahugmyndir í og við Þjórsárver. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Verstu útreiðina fær Landsvirkjun. Í bókinni birtir Guðmundur tölvupóst frá Ragnhildi Sigurðardóttur líffræðingi sem var fengin til að skrifa hluta af matsskýrslu um Norðlingaölduveitu árið 2000. Ragnhildur segir frá því í bókinni að skýrslu hennar hafi verið breytt og send til Skipulagsstofnunar að henni forspurðri því Landsvirkjun hafi talið að umhverfisáhrifin sem hún taldi verða af Norðlingaölduveitu væru of mikil, meðal annars að hún gæti valdið uppblæstri í Þjórsárverum. Saga Ragnhildar er fróðleg en sorgleg. Ef hún er sönn þá er ótrúlegt að Landsvirkjun hundsi niðurstöður vísindamanna sem henta fyrirtækinu ekki. Um samskipti Ragnhildar og Landsvirkjunar segir Guðmundur að ekki séu þekkt dæmi um það í orkugeiranum í Vestur-Evrópu að hálfopinber stofnun hafi gengið svo hart gegn vísindamönnum sem hafi mótmælt vinnubrögðum þeirra.

Niðurstaða Guðmundar er að bæði stjórnvöld og Landsvirkjun hafi brugðist skyldu sinni í Þjórsárveradeilunni með því að fjalla ekki um fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir, meðal annars Norðlingaölduveitu, á réttan og hlutlausan hátt.

### Einstefna

Eins og sést af umfjölluninni hér að framan þá er bók Guðmundar gagnrýnin og hápólitísk. Ég fékk það á tilfinninguna við lesturinn að hann væri stundum ekki sanngjarn í umfjöllun sinni: reyndi ekki að skilja og segja frá skoðunum andstæðinga sinna eins vel og hann gæti. Af þessum sökum tel ég bókina á köflum vera áróðurskennda. Guðmundur tekur oft sterkt til orða og á gildishlaðinn hátt, talar til dæmis ekki um álver heldur „orkufrekar málmbræðslur“ og að sökkva eða farga landsvæðum eða náttúruarfleifð undir miðlunarlón.

Auk þess beitir hann gjarnan því bragði að spyrja áhrifamikilla spurninga sem hann svarar ekki: „Er framtíð íslenskra öræfa best varðveitt í áli?“, og „Verður næsta framlag okkar til heimsbyggðarinnar að spilla öðru djásni öræfanna, Þjórsárverum, sem eru á heimsminjaskrá yfir mikilvægustu votlendi jarðar?“ Þetta er stílbragð sem einkennir áróður.

Vegna þess hversu afdráttarlaus og harkalegur Guðmundur




Páll er í orðalagi og framsetningu glatar hann trúverðugleika sínum meira en ella. Hann hefði hæglega getað sleppt þessu því hann er með góð rök í höndunum fyrir máli sínu: betra hefði verið að láta rökin ein tala frekar en að beita mælskubrögðum.

### Aðrir gallar

Annar galli á bókinni er tengdur þessum. Texti Guðmundar, einkum í byrjun og lok bókarinnar, ber merki þess sem Þórbergur Þórðarson kallaði uppskafningu í þekktri ritgerð: þegar mál verður það skáldlegt og upphafið að það verður tilgerðarlegt. „Fuglar fara um stakir eða í hópum og kveða stef í annríki daganna á meðan landið hlustar en [um] dældirnar smýgur lágfóta í skjóli grósku og eigin felulita.“ (bls. 14) Ég held að orsökin fyrir þessum galla á bókinni sé hin sama og áður: Guðmundi Páli er svo annt um það sem hann fjallar um í þessari bók að stundum gleymir hann sér þegar hann talar um Þjórsárver og náttúru Íslands. Kannski hefði gagnrýninn ritstjóri getað aðstoðað Guðmund Pál við að lagfæra þetta.

Aðrir gallar bókarinnar eru af sama meiði. Bókin virðist vera skrifuð í nokkrum flýti því setningarnar eru á köflum hroðvirknislegar, auk þess sem margar innsláttarvillur hafa slæðst inn í hana. Guðmundur birtir mikið af löngum beinum tilvitnunum í stjórnmálamenn, fundargerðir og viðtöl í bókinni; slíkt er merki um að hratt hafi verið unnið. Bókin verður fyrir vikið sundurlaus á köflum. Betra hefði verið að vinna betur úr upplýsingunum til þess að halda rauða þræðinum; það er óþægilegt að lesa texta sem er brotinn svo mikið upp með beinum tilvitnunum.

### Tilfinningasemi og breytt hugsun

En tilfinningasemin og reiðin sem kraumar í Guðmundi Páli út af umhyggju hans fyrir náttúru Íslands er jafnframt einn helsti styrkur bókarinnar, þótt hún beri hann stundum ofurliði, enda segir Guðmundur bókina vera skrifaða fyrir vanrækt land vegna þjóðar í upplausn. Orð sem ríma ágætlega við hræddu þjóðina sem Andri Snær Magnason skrifaði Draumalandið sitt fyrir í fyrra. Bókin á því, að ég held, fyrst og fremst að vera hugvekja fyrir Íslendinga því hún er skrifuð af ástríðu sem lesandinn á auðveldara með að skilja þegar hann sér myndirnar úr Þjórsárverum.

Með bókinni vill Guðmundur líklega sýna lesandanum hvað er í húfi í Þjórsárverum og hann hamrar á því að hugsað verði um náttúruna á annan hátt en gert hefur verið á Íslandi „svo hvorki ríkisstjórn né Alþingi sé heimilt að eyðileggja fjársjóði náttúrunnar“. Þessu markmiði vill hann meðal annars ná með því að binda friðlýst land eins og Þjórsárver í stjórnarskrá svo „tækisfærissinnað stjórnvald“ geti ekki „fargað“ því. Guðmundur spyr tengdrar spurningar í bókinni, sem hann svarar að vísu ekki eins og svo mörgum öðrum: „Hafa lífverur, aðrar en maðurinn, einhvern rétt, einhvern frumburðarrétt?“ Guðmundur veltir því fyrir sér sams konar spurningum um réttindi dýra og náttúrunnar og forvígismenn mannréttindahugtaksins fyrir 250 árum. Og rétt eins og í tilfelli mannréttinda má ætla að helstu rök Guðmundar fyrir náttúru- og dýraréttindunum sem hann ýjar að séu byggð á tilfinningum.

Bókin snýst því líka um annað og meira en verndun Þjórsárvera því í henni er vísir að hugsun um náttúruna sem getur breiðst út með aukinni meðvitund um umhverfisvernd og vitneskju um orsakirnar fyrir hlýnun jarðar. Bók Guðmundar er merkileg að mörgu leyti og er undarlegt að ekki hafi verið fjallað meira um hana í fjölmiðlum því slíkar gagnrýnar og ögrandi bækur um málefni líðandi stundar eru sjaldgæfar hér á landi, auk þess sem hún er einnig fallegt listaverk um svæði sem fáir landsmenn þekkja.

**Ingi Freyr Vilhjálmsson**



30-90% afsláttur!
BÓKA LAGERSALA
VIÐ HLIÐINA Á JL-HÚSINU LAGERSALA
SALA LAGERSALA OPIÐ ALLA DAGA KL. 11–19
DÚNDURTILBOÐ Á SYRPUM 2 FYRIR 1
Allir sem versla á markaðnum fá vandaða bók í kaupbæti.
Öll börn sem koma á markaðinn fá frítt Andrésblað.
Allir sem versla fyrir meira en 10.000 kr. geta valið sér bókina Jesús Kristur – Jesús sögunnar eða Vín – þrúgur gleðinnar að gjöf.
Ostur
890 kr. 65% afsláttur
1.499 kr. 30% afsláttur
1.399 kr. 50% afsláttur
1.299 kr. 44% afsláttur
1.499 kr. 68% afsláttur
Óvinir ríkisins
1.790 kr. 72% afsláttur
Heimur skordýranna
199 kr. 46% afsláttur
999 kr. 80% afsláttur
Dramadrottningar á öllum aldri fá gefins splunkunýja Skóladagbók dramadrottningar 2007–2008.
Edda
JPV ÚTGÁFA



# LISTASAFN ASÍ

29. September – 21. október

**MAGNÚS TÓMASSON**

***DRASL***

*Ferðalag um skissubækur Magnúsar Tómassonar*

Opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13.00-17.00
Aðgangur ókeypis




# Ágætis byrjun og góðir sprettir

**MISTY MOUNTAIN**

**Leikstjóri og handritshöfundur:** *Óskar Þór Axelsson.*

**Aðalhlutverk:** *Warren J. Willard, Ingunn Erla Eiríksdóttir, Steven Zilliax, Guðjón Gamalíelsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Ragnar Már Sigfússon og Margrét Vilhjálmsdóttir.*

✶✶



Stuttmyndin Misty Mountain fjallar um Warren, bandarískan hermann á sjöunda áratugnum sem þjónar við Natóstöð á Íslandi. Öðru hverju ferðast hann inn í framtíðina, þar sem hann kynnist og verður ástfanginn af íslenskri stúlku árið 2006.

Hann neyðist til að snúa aftur til fortíðar en þegar hið raunverulega 2006 er runnið upp hverfur hann aftur til Íslands til að bjarga stúlkunni frá örlögum ástarsorgarinnar.

Leikstjórinn gerir skemmtilegar tilraunir meðal annars þar sem hann notar myndbandsdagbók stúlkunnar sem hluta af frásögninni. Myndatakan er ágæt og klippingin styður vel við frásögnina og vekur stemningu. Einnig er gaman að sjá meðvitaða notkun lita, sem lyftir heildarútliti myndarinnar.

Misty Mountain er lokaverkefni leikstjórans frá kvikmyndadeild New York-háskóla og ber keim af skólaverkefni.

Eflaust er verið að daðra við takta hjá kvikmyndaleikstjórum á borð við David Lynch, Christopher Nolan og jafnvel Terry Gilliam. Samanber hið óræða, misjafnar víddir í atburðarás og tímaflakk. Því miður er sagan of flókin og ekki nógu vel unnið með handrit fyrir stuttmyndasniðið og tímaflakkið örlítið tilgerðarlegt. Leikurinn ber vott af leikstjórn sem stígur sín fyrstu skref, en þó ber að nefna góða spretti hjá íslenskum aukaleikurum og töfrandi Ingunni Erlu Eiríksdóttur í hlutverki ástmeyjarinnar. Misty Mountain er ágætis tilraun og lofandi byrjun.

**Rut Hermannsdóttir**

# Örlögin mætast á heiðinni

**TAKK FYRIR HJÁLPIÐ**

**Leikstjóri og handritshöfundur:** *Benedikt Erlingsson.*

**Aðalhlutverk:** *Charlotte Bøving og Hilmar Jónsson.*

✶✶✶



Jón er þreyttur á lífinu og í sjálfsmorðshugleiðingum þegar hann hittir Gunnu á fáfarinni heiði. Hún er í banastuði, ef frá er talið bensínleysi. Jón nær að rífa sig upp úr þunglyndinu til að redda bensíni en örlögin verða ekki flúin. Líf Jóns og Gunnu verður aldrei samt á ný.

Stuttmyndin Takk fyrir hjálpið er frumraun Benedikts Erlingssonar leikara sem kvikmyndaleikstjóra. Þetta er vandmeðfarið form og margir leikstjórar falla í þá gryfju að segja of stóra og flókna sögu í fyrsta sinn. Það á ekki við um Takk fyrir hjálpið því hún er bæði hnitmiðuð og skondin og smellpassar í stuttmyndaformið. Styrkur Benedikts sem leikari kemur skýrt fram því frammistaða leikaranna Hilmars Jónssonar og Charlotte Bøving er alveg frábær.

Benedikt hefur fengið með sér einvala lið fagmanna en það er Bergsteinn Björgúlfsson sem tekur og Elísabet Ronaldsdóttir sem klippir. Hún er að skipa sér á sess meðal bestu klippara á Norðurlöndum og klippti meðal annars Mýrina, Blóðbönd og stuttmyndina Bræðrabylta sem er komin í forval til Óskarsverðlauna.

Í heildina er Takk fyrir hjálpið skemmtileg lítil mynd og það er full ástæða til þess að fylgjast vel með Benedikt Erlingssyni koma sér betur fyrir í leikstjórastólnum í framtíðinni.

**Rut Hermannsdóttir**

## Í VIKUNNI



**Bruce Springsteen** hefur kallað saman sitt gamla band og er að leggja í túr. Fyrstu konsertarnir verða í Ashbury Park á mánudag og þriðjudag í Convention Hall þar í bæ en þar hefur hann löngum hafið ferðir sínar. Opnun á túrnum, konsertarnir í vikunni eru sagðir opnar æfingar, verður 2. október í Hartford í Connecticut. Sama dag kemur nýr diskur út, Magic. Bandið verður í Evrópu er líða tekur að jólum og er uppselt á flesta tónleika ferðarinnar.


**GERÐUBERG HAUST 2007**
www.gerduberg.is

**SEPTEMBER**



22. september – 11. nóvember
**Handverkshefð í hönnun**
Hönnuðir, lista- og handverksfólk sýna verk sín
Boðið er upp á leiðsögn um sýninguna fyrir hópa
í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands og
Handverk og hönnun



22. september – 11. nóvember
**Í Boganum: Úr ríki náttúrunnar**
Guðmunda S. Gunnarsdóttir, alþýðulistakona,
sýnir málverk og myndverk úr rekaviði og steinum

**OKTÓBER**



Október – desember
**Komdu að kveða í Gerðubergi!**
Kvæðamannafélagið Iðunn
Kvæðalagaæfingar og skemmtifundir í hverjum mánuði
Sjá www.rimur.is



Október – nóvember
**Ertu með eitthvað NÝTT á prjónunum?**
Grunn- og framhaldsnámskeið í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Kennarar: Ásta Kristín Siggadóttir og Halldóra Ingólfsdóttir. Sjá www.heimilisidnadur.is



17. október kl. 21
**Tónleikar - Tríó Vadims Fedorovs**
Tríóið skipa Vadim Fedorov sem leikur á harmoniku,
Gunnar Hilmarsson á gítar og Leifur Gunnarsson á
kontrabassa. Frönsk musett- og valssveifla
í bland við heims- og jazztónlist

**NÓVEMBER**



17. nóvember – 13. janúar
**Í Boganum: Málverkasýning Togga**
Sýning á landslagsmálverkum
Þorgríms Kristmundssonar, alþýðulistamanns



24. nóvember – 13. janúar
**Þetta vilja börnin sjá!**
**Myndskreytingar úr barnabókum ársins**
Boðið er upp á leiðsögn fyrir 8 ára skólabörn
í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur



24. nóvember
**Allt í plati!**
Sigrún Eldjárn: Ritþing og sýning
Stjórnandi þings: Sigþrúður Gunnarsdóttir
Spyrlar: Aðalsteinn Ásberg og Margrét Tryggvadóttir



25. nóvember
**Dagur hljóðfærisins: Fiðlan ræður ríkjum!**
Landslið fiðluleikara býður upp á
fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna!
Í samstarfi við Félag íslenskra tónlistarmanna

**DESEMBER**



6. desember kl. 20
**Dimmalimm** - Íslensku myndskreytiverðlaunin 2007
í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda,
Myndstef og Pennann
Hljómsveitin Tepokarnir leikur fyrir gesti



6. desember kl. 21
**Í Kaffi Bergi: Einn og átta**
Sunna Emanúelsdóttir sýnir handgerða jólasveina
og skötuhjúin Grýlu og Leppalúða

Sýningar eru opnar virka daga frá kl. 11-17 og um helgar frá kl. 13-16
Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar

# LISTASAFN ÍSLANDS

# Ó-NÁTTÚRA
# ALAS NATURE

**20.7. – 21.10. 2007**

OPIÐ DAGLEGA, KL. 11 – 17, LOKAÐ MÁNUDAGA

**ÓKEYPIS AÐGANGUR**
**FREE ADMISSION**

SAFNBÚÐ – LISTAVERKABÆKUR
OG GJAFAVARA

KAFFITÁR Í KAFFISTOFU

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

# Glæpir og gamlir draugar

**ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR**

**Leikstjóri og handritshöfundur:** *Anna Th. Rögnvaldsdóttir.*

**Aðalhlutverk:** *Hilmir Snær Guðnason, Þórunn Lárusdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Eyvindur Örn Barðason, Jón Sæmundur Auðarson, Pétur Einarsson, Helga Jónsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Björn Floberg, Benedikt Árnason og Rúnar Guðbrandsson.*

✶✶✶

Sjónvarpsþáttaröðin Allir litir hafsins eru kaldir, sem sýnd var í sjónvarpinu í byrjun árs 2006, hefur nú verið endurútgefin sem níutíu mínútna sjónvarpsmynd.

Útgáfan er sérsaklega ætluð fyrir erlendan markað og er nú komin út á mynddisk ásamt upprunalegu þáttunum þremur.

Sagan segir frá Ara, lögmanni í Reykjavík, sem er skipaður verjandi ungs ógæfumanns sem er ákærður fyrir morð á öldruðum listaverkasala. Við fyrstu sýn virðist málið einfalt en þegar systir sakbornings, Milla, hefur upp á Ara tekur málið aðra stefnu og draugar fortíðarinnar ryðjast upp á yfirborðið.

Allir litir hafsins eru kaldir er dúndurgóður krimmi. Vel skrifaður og kemur á óvart með óvenjulegu vali á sökudólgi. Persónuleg togstreita Ara, sem er í forræðisdeilu, fléttast vel inn í aðalsöguþráð og það er snilldarlausn að nota soninn, sem Eyvindur Örn Barðason leikur af mikilli kúnst, sem eins konar rödd sannleikans.

Hilmir Snær Guðnason er stöðugur í hlutverki Ara. Þórunn Lárusdóttir er mjög góð Milla og það væri gaman að sjá meira af henni í sjónvarpi eða á hvíta tjaldinu.



Hliðarpersónur eru litríkar þar sem helst má nefna Jóhönnu Vigdísi Arnardóttur sem barnsmóðir Ara, Ólafía Hrönn Jónsdóttir kemur með húmorinn sem húshjálpin Margrét og Jón Sæmundur Auðarson er algjörlega réttur í hlutverk ógæfumannsins Jóa. Þátt hins norska Björns Floberg hefði þó mátt skýra örlítið betur, ásamt lögreglu þar sem sumar persónur urðu helst til keimlíkar.

Glæpasagnamenning á Íslandi virðist blómstra sem aldrei fyrr. Enda ein skemmtilegasta og vinsælasta grein bæði innan bókmennta og myndrænna miðla. Allir litir hafsins eru kaldir er til marks um að innlent leikið sjónvarpsefni hefur ekkert að óttast. Góð og vel sögð saga hrífur, sama hvað tungumálið heitir. Endurgerðin er bæði hnitmiðuð og þétt og vonandi fáum við sem fyrst fleiri sögur úr sarpi Önnu Th. Rögnvaldsdóttur.

## HÁFLÓÐ HJÁ JONI

**Nýtt lagasafn** eftir Joni Mitchell, Shine, kemur út vestanhafs á þriðjudag, sama dag opnar hún málverkasýningu í New York. Þá eru tekin að heyrast lög úr safni eldri laga sem Herbie Hancock hefur tekið saman eftir hana sem hann kallar River: The Joni Letters og er safnið væntanlegt í byrjun október, en nýi diskurinn á þriðjudag inniheldur tíu ópusa og eru það allt söngvar sem urðu til eftir nær tíu ára hlé.




**Á River:** The Joni Letters koma saman Herbie, Wayne Shorter á saxa, Dave Holland bassisti, Vinnie Colaiuta á trommur og Lionel Loueke frá Benín á gítar. Framleiðendur og útsetjarar eru þeir Herbie og Larry Klein en raddir leggja til Joni Mitchell, Corinne Bailey Rae, Leonard Cohen, Norah Jones, Luciana Souza og Tina Turner. Hancock segist nú í fyrsta sinn líta á texta fyrst og þaðan komi allur innblástur við vinnu verksins. Öll lögin utan tvö eru eftir Joni, en þau eru Solitude eftir Duke Ellington og Nefertiti af samnefndu safni Miles Davis sem Hancock og Shorter léku báðir á og endurtaka leikinn nú.



**River kemur út** skömmu á eftir Shine sem kemur á nýju forlagi í eigu Starbucks. Nýja safnið kom til eftir að Joni tók að vinna við ballett fyrir dansflokkinn í Alberta í Kanada sem byggði á verkum hennar, lögum, ljóðum og málverkum. Er ballettinn á dagskrá Bravo-stöðvarinnar í október. Joni segir Shine-safnið vera sitt alvarlegasta og geyma dimma ópusa.

UPPHEIMAR
... blómstrandi bókaforlag

nýjar öndvegisbækur

Kemur út 1. nóvember






Böðvar Guðmundsson
**Sögur úr Síðunni**

**Sögur úr Síðunni** eru tengdar sögur með sameiginlegum persónum. Sögusviðið er íslensk sveit um miðja síðustu öld. Hér kynnumst við heillandi veröld sem er ekki fjarlæg, hvorki í tíma né rúmi, en gæti þó stundum verið í aldafjarlægð því svo margt hefur breyst. Hér segir frá góðu fólki, sumu broslegu en jafnframt örlátu og höfðinglegu þegar á reynir, í frásögn sem leiftrar af kímni.

**Böðvar Guðmundsson** hefur gefið út fjölda bóka. Hann vann hug og hjörtu landsmanna með einstökum skáldsögum sínum um íslenska vesturfara, **Híbýli vindanna** og **Lífsins tré**, en sú bók hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 1996. **Sögur úr Síðunni** birta enn eina hlið þessa fjölhæfa rithöfundar.

Leiðbeinandi verð kr. 4.280- | **Nettilboð kr. 3.420-**

Kemur út 17. október






Gyrðir Elíasson
**Sandárbókin**

Fráskilinn málari sest að í hjólhýsabyggð og hyggst einbeita sér að því að mála tré. Hann hefur orðið fyrir ýmsum skakkaföllum í lífinu og dvöl hans í þessari sérkennilegu byggð er öðrum þræði hugsuð til að freista þess að öðlast hugarró. Ýmislegt reynist þó standa í veginum.

**Gyrðir Elíasson** er einn listfengasti rithöfundur þjóðarinnar og fáir ná betur þeirri dýpt að láta tilfinningar og kenndir krauma undir yfirborði orðanna. **Sandárbókin** er nýr áfangi í höfundarverki hans og kannski hefur Gyrðir aldrei skrifað jafn sterka og áleitna sögu, sem jafnframt er um margt aðgengilegri en fyrri verk hans.

Leiðbeinandi verð kr. 3.280- | **Nettilboð kr. 2.620-**

Kemur út 9. nóvember






Bjarni Bjarnason
**Bernharður Núll**

Hver er hversdagsnjósnarinn **Bernharður Núll**? Við hvaða borð á kaffihúsinu situr hann og njósnar um okkur? Hvenær mun hann stíga inn í líf okkar og taka þátt eða stígur hann út úr okkur sjálfum? Hann er alla vega kominn til Íslands og skráir allt niður sem hann sér á kaffihúsinu.

**Bjarni Bjarnason** er margverðlaunaður höfundur sem sendir nú frá sér sína sjöundu skáldsögu. Beittur stíll, nýsköpun og frumleiki einkenna verk Bjarna og **Bernharður Núll** er þar engin undantekning. Sterk og áleitin samtímasaga þar sem tilvist nútímamannsins er vægðarlaust krufin til mergjar af miklu innsæi.

Leiðbeinandi verð: Kr. 4.280- | **Nettilboð kr. 3.420-**

Kemur út 24. október




Knut Hamsun
**Loftskeytamaðurinn**

**Loftskeytamaðurinn** kom út árið 1904, var kvikmynduð níutíu árum síðar og er stundum sögð skemmtilegasta bók Hamsuns. Hún markaði ákveðin skil í höfundarverki hans. Stíllinn er ekki rökkurkenndur eins og í fyrri bókum heldur skýr, launfyndinn, en jafnframt með ljóðrænum undirtóni.

**Knut Hamsun** er einn af risum heimsbókmenntanna. Hemingway reyndi að skrifa eins og hann, Maxim Gorki dáði hann, Henry Miller sagði að verk Hamsuns hefðu bjargað lífi sínu, og hann hafði ómæld áhrif á Halldór Laxness, Gunnar Gunnarsson og fjölda annarra íslenskra höfunda.
**Jón Kalman Stefánsson** þýddi.

Leiðbeinandi verð kr. 3.180- | **Nettilboð kr. 2.540-**

ATHUGIÐ – forsala á netinu – 20% afsláttur – www.uppheimar.is

# Við erum búin að rífa allt út úr íbúðinni og vitum ekkert hvert við stefnum

**ÓHAPP!**

**Höfundur:** *Bjarni Jónsson.*

**Leikstjóri:** *Stefán Jónsson* **Hljóðmynd:** *Frank Þórir Hall* **Lýsing:** *Lárus Björnsson* **Leikmynd og búningar:** *Börkur Jónsson* **Frumsýning í Kassanum 21. september.**

✶✶✶

Já, hvert stefnum við, er allt þetta byggingarbrölt áhrif frá niðurrifi gamla torfbæjarins?

Fyrsta frumsýning Þjóðleikhússins í ár er á verki Bjarna Jónssonar, Óhappinu, í Kassanum. Kærkomin myndleiklistarsýning þar sem hið nýja gildismat með endalausum frösum, eins og merkimiðum hins leyfilega til þess að vera kúl, er sett á oddinn. Undirliggjandi er allan tímann, hverju á að snobba fyrir og hvernig á að koma snobbinu á, samanber rauðvínstegundin sem sálfræðingurinn mælir með og vonast til að komist inn í kjarnann, það er innkaupalista ÁTVR.

Allir vilja endilega vera með í kjarnanum, alveg sama þótt viðkomandi séu gungur og innantómar skrumskælingar af þykjustufólki.

Ein að mótmæla. Samstaða er asnaleg. Eina manneskjan sem ber hag almennings fyrir brjósti biður afsökunar á sjálfri sér. Kryddblanda með safaríkum hjúp!

Pælið í þessum flottu pakkningum! Óhappið er í raun hörmulegt slys framkallað af tillitsleysi, en þar sem tilhneiging er til þess að koma öllu inn í ákveðnar pakkningar og frasa er óhapp auðvitað miklu heppilegra hugtak og auðveldara að takast á við fyrir þá sem þurfa að afsaka sjálfan sig í þessum heimi nútímagilda.

Fantagóð mynd af fjölmiðlafígúrum og eins hvað innantóm frasaráðgjöf er mikil froða.

Bjarni kann að skrifa, og Stefán kann að lesa úr.

Okkur er boðið upp á leikrænan raunveruleika í sjónvarpsupptökusal þar sem heimili, líf og örlög hjónanna Jóhönnu og Halldórs skarast við hið daglega, yfirmáta hressa morgunsjónvarp. Ljóskurnar tvær sem þar ráða ríkjum eru staðaltýpur nútíma fjölmiðlakvenna. Önnur segir fréttir en skilur ekki bofs í því sem hún er að þylja upp, en álítur sig þó háttsettari en hin sem er líklega ráðin vegna þess að hún er sæt en kann þar að auki að tala við fólk og hlusta. Með þeim er svo kósí kokkur, vinur fólksins sem kann að brosa, hlæja, hæla og laga mat. Við þekkjum hverja einustu persónu verksins, ekki úr bókmenntum og sögu heldur úr matreiðslubók sjónvarpsveruleikans. Tilraun með skilin milli hins leikna raunveruleika og hins eiginlega raunveruleika. Þess vandlega gætt að halda sér innan þeirra ramma sem komnir eru um öll samskipti og gildismat. Undir dægurglansmynd vex átakanlegur harmleikur fram.

Leikararnir voru frábærir, hver um sig, og erfitt að gera þar nokkuð upp á milli. Atli Rafn sem leikur hinn óhamingjusama verkfræðing, eiginmann Jóhönnu, náði einstaklega góðum tökum á menntamanninum með bældu tilfinningarnar.

Elmu Lísu tókst að gera ljóskuna Brynju ekki aðeins trúverðuga heldur kom hún einnig sársaukanum í persónunni vel til skila. Dóra Jóhannsdóttir sem lék hina sjálfumglöðu fréttakonu Rósu náði einnig að glæða sína persónu lífi án þess að yfirleika sem hefði verið auðvelt þar sem fáránleiki í framkomu hennar og orðræðu hefði getað boðið upp á það.

Kjartan Guðjónsson, sem hefur mikla spaugtaug og á auðvelt með að sprikla og glettast, hélt hér aftur af sér og árangur vinnunnar var að hann hefur sjaldan verið betri en í þessu vandræðalega hlutverki sálfræðingsins sem heldur við konu vinar síns og situr í morgunsjónvarpi og blaðrar um sálfræðilegar lausnir.

Kokkurinn var lím sýningarinnar og eins og fulltrúi kórsins hjá Grikkjum lagði hann mat á atburðarásina. Stefán Hallur Stefánsson sýndi hér mikla útgeislun og styrk og þandist einhvern veginn um allt rýmið eins og sá matarilmur sem upp úr heitum pottum hans kom.

Katla Margrét Þorgeirsdóttir í hlutverki Jóhönnu var óaðfinnanleg í hlutverki venjulegu konunnar af holdi og blóði.



Óhapp! eftir Bjarna Jónsson. Leikarar Þjóðleikhússins: Atli Rafn, Elma Lísa, Stefán Hallur Stefánsson og Dóra Jóhannsdóttir.

Meðferð hljóðs og tóna í sýningunni var allan tímann eins og um útvarps- eða sjónvarpsupptöku væri að ræða og eins var sviðið allt gernýtt þannig að ekkert af myndinni allri var uppfylling. Leikmynd Barkar Jónssonar með ísskápinn rauða eins og altaristöflu í guðshúsi nútímans var heillandi. Hann leikur sér með andstæður hita og kulda og ekki laust við að spænskar bíómyndir hafi komið upp í hugann. Kalt verður heitt og heitt verður kalt. Allt á að verða betra eftir að það er orðið mátulegt. Hjálmar Hjálmarsson leikur óborganlegan kverúlant, mótmælanda sem æpir utan úr sal eins og hrærigrautur þjóðarsálarinnar.

Guðrún Lilja Þorvaldsdóttir fer einnig með smáhlutverk mótmælanda, birtist í kanínubúningi eða einhverju þvílíku og verður eins og tákn hins léttvæga og asnalega.

Sýningin er heillandi og greinilegt að hér eru engar happa- og glappaaðferðir notaðar heldur farið af stað með eldklára sýn á heildina. Leikverk sem er svo vel skrifað að það er magnað á köflum.

**Elísabet Brekkan**

# VERK AF *ljósmyndasýningum* SEM NÚ STANDA YFIR

**Í Galleríinu Auga fyrir auga á Hverfisgötu stendur nú yfir sýning á ljósmyndum breska ljósmyndarans Christopher Taylor. Þetta er fyrsta sýning á verkum Taylors á Íslandi. Gallerí Auga fyrir auga er opið fimmtudaga til sunnudaga frá 14–17.**





**Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur er núna stór sýning úr myndasafni Vísis og Dagblaðsins og eru þar margar merkar samtímaheimildir úr önn dagsins. Hér er mynd frá leiðtogafundinum: öryggisverðir að störfum fyrir utan Höfða. Í bakgrunni má sjá íslenska björgunarsveitarmenn. Ljósmyndari: Gunnar V. Andrésson. Ljósmyndasafnið í Grófarhúsi er opið kl. 12-19 virka daga og 13-17 um helgar.**

**MÆLING HEIMSINS** EFTIR **DANIEL KEHLMANN**

# STÓRFENGLEGT MEISTARAVERK



Daniel Kehlmann

## SKEMMTILESTUR AF BESTU GERÐ

**Mæling heimsins** er sambland af vísindasögu og lygasögu. Bókin er skrifuð af stórhug og er skemmtilestur af bestu gerð, full af litlum athugunum sem kitla hugann svo mann langar mest til að hrópa af fögnuði. **Mæling heimsins var næst mest selda skáldsaga heims árið 2006.**

„... grípandi... fyndin..."
**Kolbrún Bergþórsdóttir - Kiljan**

„Flott saga."
**Páll Baldvin Baldvinsson - Kiljan**




**1. SÆTI METSÖLULISTA EYMUNDSSON**

**TILBOÐ Í VERSLUNUM EYMUNDSSON 3.680 kr. INNBUNDIN**

**MÓÐURLAUS BROOKLYN** EFTIR **JONATHAN LETHAM**

# FYNDIN OG FRUMLEG LEYNILÖGREGLUSAGA




**Á METSÖLULISTA EYMUNDSSON Í 8 VIKUR**

Stórfenglegt tilbrigði við hinn klassíska reyfara. Meistaralega skrifuð leynilögreglusaga, fyndin og frumleg. **Á metsölulista Eymundsson síðan hún kom út í júlí.**

„Ein merkilegasta bók bandarískra nútímabókmennta."
– **Washington Post**

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

**SÍMANÚMER MENNINGAR:** 512 5000, menning@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

## ... AÐ TJALDABAKI

**Egill Ólafsson** tónsmiður og tónlistarmaður hefur nú í undirbúningi disk með



íslenskum sálmalögum. Jónas Þórir mun leika undir en upptökustaður er ekki ákveðinn. Egill fetar slóð sem Ellen Kristjánsdóttir, Sigurður Flosason og fleiri hafa ratað en nýtúlkun sálma hefur reynst vinsælt efni hér á landi. Egill er einnig með í undirbúningi tónleika með Þursunum, sem koma saman á ný eftir langt hlé. Þeir verða í samstarfi við Caput á þeim tónleikum.

**Íslenskir leikstjórar** eru að sækja sér verkefni erlendis: Þorleifur Arnarson er að vinna í Berlín verk eftir Lars Norén ásamt Sólveigu systur sinni, Hilmar



Jónsson er að sviðsetja nýtt sænskt verk í Örebro og Guðjón Pedersen er orðaður við verkefni hjá Riksteatern í Svíþjóð þar sem hann hefur starfað áður.

**Benedikt Erlingsson** er einnig á förum til Svíþjóðar þar sem hann mun flytja Mr. Skallagrímsson sem gengið hefur fyrir fullu húsi í Landnámssetrinu. Í Svíaríki ætlar hann að leika sýninguna en leikstjóri hennar er Per Enquist sem einnig leikstýrði sýningu Benedikts, Ormstungu, fyrir nokkrum árum.

**Draumalandið eftir** Andra Snæ Magnason kemur brátt út á ensku á vegum Citizen Press, fyrirtæki



Sigurðar Gísla Pálmasonar og Björns Jónassonar í Bretlandi. Fátt er að fregna af fyrirtæki Björns og Eddunnar sálugu þar í landi.

**Diddú og** Jónas Ingimundarson leggja í þessari viku land undir fót og halda til



Rússlands í tónleikahald. Það er í annað sinn sem þau eru með tónleika þar eystra en viðtökur voru slíkar í fyrra sinnið að þau eru velkomin aftur.


KOMDU Í ÁSKRIFT
5 BESTU BLÖÐIN FRAMUNDAN




Klúbbablaðið 4. okt
Kökublaðið 25. okt
Villibráðarblaðið 15. nóv
Léttir réttir og Bestu uppskriftirnar 27. des
Jólablaðið 6. des

DYNAMO REYKJAVÍK

Nú er rétti tíminn til að gerast áskrifandi að Gestgjafanum. Framundan eru fimm bestu blöð ársins! Þeir sem gerast áskrifendur núna fá Klúbbablaðið, Kökublaðið, Villibráðarblaðið, Jólablaðið og tvöfalt áramótablað sem inniheldur Létta rétti og Bestu uppskriftir líðandi árs.

:::: Þú færð 20% afslátt
:::: Þú færð eintakið á aðeins 796 krónur!

Áskrifendur fá aðgang að gestgjafinn.is

Hafir þú ekki áhuga á áskrift eftir tilboðstímabilið hefur þú samband við okkur í síma 515 5555.

20% AFSLÁTTUR

TAKTU ÁKVÖRÐUN STRAX!
:: Hringdu í síma **515 5555** *eða*
:: sendu tölvupóst á **askrift@birtingur.is** *eða*
:: farðu inn á **www.birtingur.is** og kláraðu málið *eða*
:: sendu okkur SMS-skilaboðin „**ge jatakk**" í **821 5521** og við hringjum í þig til þess að ganga frá áskriftinni.

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG



eitthvað alveg
einstakt



Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is

# LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

**Sími 512 3600**
**www.logheimili.is**
**Jónas Örn Jónasson** Lögmaður og lögg. fasteignasali

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • www.logheimili.is

Félag Fasteignasala

### Opið hús í dag sunnudag frá kl. 15:00-15:30



**Norðurbraut 33 Neðri sérhæð** Vorum að fá í sölu fallega hæð með sérinngangi við Norðurbraut. Mikið endurnýjuð eign bæði að utan og innan. **V 25 millj.** Upplýsingar gefur Sigurður í síma 616 8880.

### Opið hús í dag sunnudag frá kl. 16:00 - 16:30

**Langholtsvegur 100.** Vorum að fá í einkasölu fallega neðri sérhæð við Langholtsveg, eignin er mikið endurnýjuð að innan, búið að skipta um rafmagn, gólfefni og fleira. **V: 29,8 millj.** Upplýsingar gefur Sigurður í síma 616 8880



### Opið hús í dag sunnudag frá kl. 16:00 - 16:30



**Álfholt 34 A Hafnarfirði.** Falleg eign á tveimur hæðum með miklu útsýni í Holtunum. Möguleiki á 5 - 6 herbergjum. Eigendur skoða skipti á minni eign í Vallarhverfi. **V: 32.9 millj.** Upplýsingar hjá Þorsteini í síma 662 8822

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

# Hörðukór 3



**WWW.HORDUKOR.IS**

**ÖLL ÞJÓNUSTA Í GÖNGUFÆRI**

**203 KÓPAVOGUR**

**52 ÍBÚÐIR Í BARNGÓÐU HVERFI**

Íbúðir 0201-1101



Íbúðir 0203-1103



### ÞÆGINDI

- Glæsilegt útsýni
- Ísskápur fylgir
- Uppþvottavél fylgir
- HTH eldhúsinnrétting
- HTH fataskápar
- Baðherbergi eru flísalögð í hólf og gólf
- Baðkar og sturtuklefi
- Myndavéladyrasími
- Þvottahús í íbúð
- Geymsla fylgir hverri íbúð
- Stutt í alla þjónustu
- 2 leikskólar í göngufæri
- Grunnskóli í göngufæri
- Stutt í Smáralind
- Stutt í matvörubúð
- Stutt í Íþróttaakademíuna
- Gönguleiðir að Elliðavatni
- Gönguleiðir að Heiðmörk



**OPIÐ HÚS**
**Í dag frá** 14:00 - 17:00

EGG
Húsgögn í sýningaríbúðum eru frá EGG

**HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUAÐILA**
Eða kynntu þér málið nánar á www.hordukor.is

RE/MAX **898 3023 / 899 9493**

STÓRBORG **534 8300**

# Opin hús í dag, sunnudag

### Opið hús í dag á frá kl. 13:30-15:00
## Álfheimar 70, íb. 402.



Til sýnis í dag falleg 4-5 herbergja 113,5 fm. íbúð á 4. hæð í fjölbýli við Álfheima. Stutt í skóla, verslunarmiðstöð og aðra þjónustu. Skiptist m.a. í 3 svefnherbergi, stofur og hol. Endurnýjað eldhús m/fallegri innréttingu. Svalir úr stofu með geysiförgu útsýni yfir borgina. Hagstætt verð 23,9 millj.

**Gústaf sölumaður Höfða (895-7205) sýnir íbúðina í dag frá kl. 13.30 til 15:00.**

### Opið hús í dag á frá kl. 16:00-17:00
## Álfatún 23 - íbúð 102.



Til sýnis í dag sérlega falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 1.hæð í snyrtilegu fjölbýli með innbyggðum bílskúr. Húsið stendur neðst í dalnum og er stutt í frábærar gönguleiðir. Íbúðin er 102,4 og skúrinn 22,8. fm. Rúmgóð geymsla fylgir í kjallara. Húsið er nýviðgert og málað að utan. Verð 28,9 millj.

**Elísabet sýnir íbúðina í dag frá kl. 16:00 til 17:00.**

### Opið hús í dag á frá kl. 14:00-16:00.
## Vesturfold 17, einbýli á einni hæð.





Sérlega glæsilegt 172,5 fm. einbýlishús að mestu á einni hæð ásamt tvöföldum 54,4 fm bílskúr, alls 226,7 fm. Hellulögð innkeyrsla með hitalögn. Húsið skiptist m.a. í fjögur svefnherbergi, stofur, hol og glæsilega innréttað eldhús. Arinn í stofu. Lóðin er með viltum gróðri og holtagróti. Stór verönd með skjólveggjum og útigrilli. Húsið er einstaklega vandað og með íburðarmiklum innréttingum. Sjón er sögu ríkari. Ásett verð 69 millj.

**Daði sölumaður Höfða ( 698-5044) sýnir húsið í dag frá kl. 14-16**

### Opið hús í dag á milli kl. 15:00 og 16:00
## Austurströnd 12 - íbúð 604



Til sýnis í dag falleg og vel skipulögð 3ja herb. íbúð á 6.hæð ásamt stæði í bílageymslu á þessum eftirsótta stað. Íbúðin skiptist í flísalagt anddyri/hol, parketlagða stofu m/útgengi á svalir, flísalagt baðherb., 2 parket á svefnherb. og flísalagt eldhús m/snyrtilegri innréttingu. Mjög gott útsýni er úr íbúðinni yfir sundin og út að jökli. Verð 25,9 millj. **Ásmundur sölumaður Höfða (895 3000) sýnir íbúðina í dag frá kl. 15-16.**

## Veitingahús til sölu.
### Veitingahúsið Catalina í Hamraborg í Kópavogi er til sölu.



Um er að ræða rekstur með góða veltu í eigin húsnæði. Húsnæðið telur m.a. 2 vel innréttaða veitingasali, eldhús m/öllu og spilasal (Gullnáman) þar sem er mikil spilun. Hér er á ferðinni einstakt tækifæri til að eignast veitingarekstur sem byggður er á traustum grunni.

**Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur á Höfða fasteignasölu í síma 565-8000.**

# HÖFÐI FASTEIGNASALA

Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafr., lögg. fast.-skipasali og Kristín Pétursdóttir lögg. fasteignasali

**Suðurlandsbraut 20 – Sími 533 6050 – Fax 533 – 6055 Bæjarhrauni 22 – Sími 565 8000 – Fax 565 8013**

# EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**

Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

Frum

## HAMRABORG – LAUST FLJÓTLEGA



**Glæsilegt verslunar og skrifstofuhúsnæði** á mjög eftirsóttum stað í Hamraborg Kópavogs. Húsnæðið er sérlega vel staðsett. Húsnæðið er á tveimur hæðum sem hægt er að samnýta hæðirnar eða nota í sitthvoru lagi. **Efri hæðin er tilbúin til innréttingar. Neðri hæðin er skráð 140 fm skv. FMR en efri hæðin er skv. seljanda um 170 fm.**










## STUÐ MILLI STRÍÐA Karmalögmálið kemur líka niður á arkitektum

**MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR** VILL AÐ UNNIÐ SÉ FORVARNASTARF Á SVIÐI BYGGINGARLISTAR



Þær eru ansi margar byggingar í borginni okkar sem mér þykja afspyrnu ljótar.

Meðal þeirra get ég nefnt Miðbæjarmarkaðinn, sem er að mínu mati eitt það ljótasta mannvirki sem í henni hefur verið reist. Svo er það húsið á torginu þar sem farþegar Strætó geta ornað sér og borðað pylsur. Það hús er eflaust með ljótari mannvirkjum Norður-Evrópu og þegar það verður jafnað við jörðu mun ég standa á Arnarhóli og júbla af kæti.

Verst bara að það sé ekki hægt að flytja þessi ferlíki í heilu lagi og koma þeim fyrir í einhverri auðn utan við borgina. Þannig væri hægt að skapa svona „hryllingsbæ“ til áminningar um fagurfræðileg spellvirki sem hér hafa verið unnin. Verktakar, arkitektar og aðrir sem koma að einhvers konar deiliskipulagi gætu þannig gert sér ferð í hryllingsbæinn og barið augum það sem kalla mætti víti til varnaðar. Hús sem ekki á nokkurn hátt gleðja auga né anda og drepa hann jafnvel niður. Hús sem minna á guðsvolaða afkima jarðar á borð við Murmansk eða aðra staði þar sem mannsandinn fær sjaldan notið sín.

Reykjavík er ekki gömul borg og þar af leiðandi eru húsin í henni ekki gömul heldur. Það má segja að hún sé enn í uppbyggingu og því ætti að vera hægt að læra af mistökum eins og Miðbæjarmarkaðinum við Aðalstræti og húsinu ljóta sem stendur við Lækjartorg.

Ný hús þurfa ekki að vera forljót æxli sem allir vilja að hverfi. Hryllingshlunkar sem drepa niður gott borgarkarma. Hæstaréttarbyggingin er til að mynda gott dæmi um vel heppnaða nýbyggingu. Klassísk og gerð úr góðum efnum.

Mig langar til að minna alla sem að byggingariðnaði koma á ábyrgð sína. Þið eruð ekki bara að búa til summu á eigin bankareikning heldur er einnig verið að skapa umhverfi komandi kynslóða með húsum sem eiga að standa um ókomin ár.

Því er um að gera að vanda vel til verksins og sleppa fagurfræðilegum sparnaði - (já, sveiattan, þið vitið hverjir þið eruð).

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Kínadagar í Kópavogi

Í eina tíð þótti Kópavogur býsna rauður bær og dagana 29. september til 7. október mun bregða á hann rauðum bjarma þegar bærinn tekur á móti kínverskum gestum frá borginni Wuhan í Hubei-héraði. Hátíðin er haldin í samstarfi við sendiráð Kína, lista- og menningarstofnanir í Kópavogi og fleiri samstarfsaðila. Markmið kínverskrar menningarhátíðar í Kópavogi er að gera Íslendingum kleift að upplifa fjarlæga en heillandi list Kína. Áform eru uppi um að borgin Wuhan í Hubei-héraði og Kópavogur verði vinabæir.

Margt góðra gesta kemur að austan: heimskunnir kínverskir listamenn koma fram á tvennum tónleikum í Salnum, 3. og 5. október: 20 manna hópur hljóðfæraleikara og söngvara, þjóðlagahljómsveit Söngleikja- og dansstofnunar Wuhan-borgar sem hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar og komið fram víða um heim. Miðasala á tónleikana er þegar hafin.



**ÞJÓÐLAGAHLJÓMSVEIT** Þjóðlagahljómsveit söngleikja- og dansstofnunar Wuhan er tuttugu manna fjöllistahópur hljóðfæraleikara og söngvara sem borið hefur hróður Kína víða um heim.

Í Gerðarsafni er kínverskur menningararfur frá Wuhan til sýnis, merkar fornminjar og listmunir. Þar er að sjá rjómann af sögulegum menningararfi Wuhan-svæðisins sem endurspeglar bæði hin ýmsu sögulegu menningarstig svæðisins og almenna listræna sköpun í Austurlöndum. Á meðal sýningargripa má finna allt frá munum úr bronsi, keramik, jaði og bambus til skrautskriftar og málverka. Sýningin verður opnuð almenningi sunnudaginn 30. september kl. 11 og stendur fram til 11. nóvember.

Þriðji þátturinn í heimsókninni er koma Fjölleikaflokks Wuhan sem mun sýna loftfimleika í íþróttamiðstöðinni Versölum. Bókasafn Kópavogs kynnir kínverskar bókmenntir og sýndar verða kínverskar kvikmyndir í Kórnum í Bókasafni og Náttúrufræðistofu. Kynnt verður kínversk tónlist. Þá verða til sýnis kínverskir listmunir úr einkasafni í Safnahúsinu, húsakynnum Bókasafns og Náttúrufræðistofu.

Náttúrufræðistofa Kópavogs býður upp á sýnikennslu í flugdrekagerð undir leiðsögn kínverska flugdrekagerðarmeistarans Kong Lingmin. Í Kórnum, fundarsal Bókasafns og Náttúrufræðistofu, verður enn fremur boðið upp á fyrirlestra um jarðhita í Kína og á Íslandi, kínverska tónlist og bókmenntaþýðingar.

Í Salnum verður málþing um kínverska menningu laugardaginn 6. október og í Vetrargarðinum í Smáralind verður slegið upp líflegri fjölskylduhátíð sama dag, þar sem kínverska loftfimleikafólkið og tónlistarmennirnir verða meðal þátttakenda. -pbb

**! Kl. 14**

*Hrafnhildur Schram listfræðingur er með leiðsögn í Listasafni Íslands í dag kl. 14. Þar mun hún leiða gesti Listasafnsins um sali sýningarinnar Ó-náttúra þar sem ýmis ólík verk úr safneigninni er varða náttúru landsins hanga uppi.*
















| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| CHUCK AND LARRY | kl. 12:30 - 3 - 5:30-8-10:30 | 12 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 VIP | |
| MR. BROOKS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| BRATZ | kl. 12:30 - 3 - 5:30 -8-10:30 | L |
| DISTURBIA | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 12:30 - 3 VIP | |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 12:30D - 3D - 5:30 | L |
| RATATOUILLE M/- ENSKU TAL | kl. 3 | L |
| HARRY POTTER 5 | kl. 12:30 | 10 |
| **KRINGLUNNI** | | |
| MR. BROOKS | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BRATZ | kl. 12:30 - 3 - 5:30 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 6 - 8 | 7 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 4 - 6:30 - 8:30 | L |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 10 | 14 |
| TRANSFORMERS | kl. 10:30 DIGITAL | 10 |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 4 DIGITAL | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| BRATZ - THE MOVIE | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHOOT ´EM UP | kl. 8 -10 | 16 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 síðustu sýningar | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| MR. BROOKS | kl. 8 | 16 |
| VACANCY | kl. 10 | 16 |
| **KEFLAVÍK** | | |
| CUCK AND LARRY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| SHARK BATE | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| BRATZ THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| DISTURBIA | kl. 10:10 | 14 |
| **SELFOSSI** | | |
| KNOCKED UP | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| VEÐRAMÓT | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| SHARK BATE M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 3:40 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 1:40 | L |
| LICENSE TO WED | kl. 6 | 7 |

Nýtt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CHUCK & LARRY | kl. 1.30, 3.45, 5.45, 8, 10.20 | 12 |
| HÁKARLABEITA ÍSL TAL | kl. 2, 4 og 6 600 kr. | L |
| HAIRSPRAY | kl. 5.45, 8 og 10.20 | L |
| KNOCKED UP | kl. 8 og 10.30 | 14 |
| BRETTIN UPP! ÍSL TAL | kl. 2 og 4 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHOOT'EM UP | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SHOOT'EM UP LÚXUS | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 2 - 4 - 6 | |
| HAIRSPRAY | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| VACANCY | kl. 8 - 10 | 16 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 LÚXUS kl. 3 | 14 |
| KNOCKED UP | kl. 8 - 10.40 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 2 - 4 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 1.30 - 3.45 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| SHOOT'EM UP | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HÁKARLABEITA | kl. 3 - 6 | |
| VACANCY | kl. 8 - 10 | 16 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 3 | |
| RUSH HOUR 3 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 3 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| CHUCK AND LARRY | kl. 3.20 - 5.40 -8- 10.20 | 12 |
| HAIRSPRAY | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| VEÐRAMÓT | kl. 3.20 - 5.40 -8- 10.20 | 14 |
| ASTRÓPÍA | kl. 4 - 6 | |
| BOURNE ULTIMATUM | kl. 8 - 10.30 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| CHUCK AND LARRY | kl. 4 - 8 - 10.10 | 12 |
| HÁKARLABEITA | kl. 2 - 4 - 5.50 | |
| HAIRSPRAY | kl. 5.50 - 8 | |
| KNOCKED UP | kl. 10.10 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 2 | |


# Þriðja platan á þremur árum

**Ný plata söngkonunnar Regínu Óskar kemur út í næsta mánuði. Þetta verður þriðja plata hennar á þremur árum.**

„Platan kemur út í október en ég er ekki komin með nákvæma dagsetningu ennþá,“ segir söngkonan Regína Ósk Óskarsdóttir, sem er að leggja lokahönd á sína þriðju sólóplötu.

„Þetta er þriðja platan á þremur árum, það þýðir ekkert að stoppa! Ég ætla að klára hana um næstu helgi.“ Platan, sem ekki hefur hlotið nafn enn þá, inniheldur eingöngu frumsamið efni. „Ég þarf að ákveða nafnið á næstu dögum. Það eru ýmsar pælingar í gangi. Plötuna vann ég með Karli Olgeirssyni og í sameiningu sömdum við allt efnið, bæði lög og texta. Það hef ég ekki gert áður en fannst það hrikalega gaman.“

Regína segir að platan sé fjölbreytt. „Í raun má segja að platan sé bæði hugljúf og rokk í bland. Þetta eru lög um lífið og tilveruna,“ segir hún og brosir. „Ég er ein á plötunni, að minnsta kosti eins og er. Maður reynir að gera sem mest sjálfur. Svo er Kalli algjör snillingur, við náum vel saman og erum ánægð með útkomuna.“ Regína starfar sem söngkennari í Söngskóla Maríu Bjarkar þegar hún er ekki að taka upp plötur og syngur auk þess í Eurovision-bandi ásamt Friðriki Ómari Hjörleifssyni. Hún segist ekki vita hvort hún komi til með að taka þátt í Eurovision-keppni Sjónvarpsins en undankeppnin mun sem kunnugt er fara fram í allan vetur í laugardagsþætti stöðvarinnar. „Það hefur ekki komið í ljós enn þá. Maður er að heyra ýmsar sögur um fyrirkomulagið og auðvitað veit maður aldrei. Ég útiloka ekki neitt en býst ekkert endilega við því að vera með þótt það sé alltaf gaman að fara út,“ segir Regína, sem þrisvar hefur sungið bakraddir í aðalkeppninni.



**SEMUR SJÁLF** Regína er að leggja lokahönd á þriðju plötu sína, sem kemur út í október. Hún samdi allt efnið á plötunni sjálf í samstarfi við Karl Olgeirsson.

sigrunosk@frettabladid.is

# 50 Cent á niðurleið

Curtis Jackson, öðru nafni 50 Cent, er ekki mjög flókinn persónuleiki. Hann hefur eiginlega ekki áhuga á neinu nema sjálfum sér og flestir textarnir hans fjalla um það hvað hann sé harður nagli og flottur og allir hinir glataðir. Einfalt mál. Þannig hefur það alltaf verið og þeir sem vilja flóknari skilaboð og meira innihald ættu ekki að láta sig dreyma um að hlusta á þessa plötu.

50 Cent er búinn að selja yfir tíu milljón eintök af plötunum sínum tveimur og ástæðan fyrir því er sú að þrátt fyrir bullið og yfirlýsingagleðina þá kann hann að búa til flotta tónlist. Það voru nokkrir ógleymanlegir slagarar á fyrstu tveimur plötunum (In Da Club, Wanksta, 21 Questions, Piggy Bank, Candy Shop, In My Hood…) og þó að Curtis sé á heildina litið síðri en fyrsta platan, Get Rich or Die Tryin‘, þá bætast nokkur flott stykki í safnið með henni.




My Gun Go Off er með snyrtilegu metalgítarriffi, Straight to the Bank er G-funk af gamla skólanum, I'll Still Kill er poppað og kjánalegt með Akon sönglandi viðlagið og í Peep Show kemur Eminem í heimsókn. Það eru samt tvö lög sem standa upp úr á plötunni. Annað þeirra er Ayo Technology sem Timbaland pródúserar og Justin Timberlake syngur í og hitt er snilldarlagið I Get Money sem kemur úr smiðju nýliðans Apex. Bæði mjög flottir hip-hop klúbba tryllar með eiturferskum hljómi og flottum húkkum. Spilist hátt í góðum græjum. Afgangurinn af plötunni er síðri.

Trausti Júlíusson

**TÓNLIST**

**Curtis**

50 Cent

★★★

Þó að Curtis sé of ójöfn að gæðum og ekki nógu framsækin til að teljast frábær eru á henni nokkur snilldarlög, best af þeim öllum klúbbatryllirinn I Get Money.





I NOW PROUNOUNCE YOU CHUCK AND LARRY kl. 12:30 í álfabakka

BRATZ kl. 12:30 í álfabakka , 5:50 í keflavík og kl. 2 á akureyri

RATATOUILLE m. ísl tal - kl. 12:30 í álfabakka, 1:30 í keflavík og Selfossi og kl 2 á akureyri

HARRY POTTER KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA






# Ný prentun af bók Jónsa og Alex

Önnur prentun af myndabókinni Riceboy Sleeps eftir Jón Þór Birgisson úr Sigur Rós og kærasta hans Alex Sommers er komin út á vegum íslenska útgáfufyrirtækisins Moss Stories. Þessi nýja prentun er alveg eins og sú fyrri nema það að hver bók er ekki lengur handnúmeruð.

Bókin, sem er 48 blaðsíður, kom út hér á landi á síðasta ári í eitt þúsund eintökum. Haldin var sýning í Gallerí Turpentine í Reykjavík í nóvember þar sem sýndar voru myndir úr bókinni auk myndbands.

Í október verður nýtt myndbandsverk tengt bókinni sýnt í Gallerí Turpentine.

Hægt er að panta bókina í gegnum heimasíðuna moss-stories.com.



**JÓNSI OG SOMMERS** Jón Þór Birgisson og Alex Sommers á sýningunni í Gallerí Turpentine í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stílisti leikarans **Colin Farrell** í myndinni Miami Vice hefur komist að samkomulagi við framleiðanda myndarinnar vegna skaðabótamáls sem hún höfðaði eftir að hún braut á sér kjálkann á tökustað. Slysið átti sér stað á hraðbát þar sem hún fékk aðskotahlut í andlitið og þurfti að gangast undir aðgerð á kjálkanum. Taldi hún að framleiðendurnir hefðu ekki tryggt öryggi sitt nægilega vel og virðist hafa haft nokkuð til síns máls.



Tíunda sólóplata söngkonunnar **Kylie Minogue** nefnist X. Kemur hún út í nóvember og hefur að geyma þrettán glæný lög sem voru tekin upp í London, Stokkhólmi og á Ibiza. Nefnist fyrsta smáskífulagið 2 Hearts. Þetta er fyrsta sólóplata Kylie í fjögur ár en hún er óðum að jafna sig eftir að hafa greinst með brjóstakrabbamein.



**Dave Grohl**, liðsmaður Foo Fighters, segist ekki hafa verið léttvægur aukamaður í Nirvana. Forsprakki Nirvana var **Kurt Cobain** en Grohl vill að litið sé á hann sem stóran hluta af hljómsveitinni. „Ég var fimmti trommarinn í Nirvana og ef þú hlustaðir á upptökurnar með hinum náungunum og síðan með mér myndirðu sjá að trommuleikurinn er öðruvísi. Ég og Krist Novoselic höfum verið kallaðir aukamenn í fjölda ára og ég er orðinn þreyttur á því. Allir sem hafa verið í hljómsveit vita hvað gerist ef einhver hljómur er tekinn út. Það hrynur allt," sagði hann.



**The Rolling Stones** er tekjuhæsta hljómsveit ársins. Þénaði hún rúma 5,4 milljarða frá því í júní í fyrra þangað til í júní á þessu ári. Stærstur hluti teknanna kom úr vel heppnaðri tónleikaferð Stones, A Bigger Bang. Í næstu sætum á listanum voru Jay-Z, Madonna og Bon Jovi.






## > Sigfús Páll farinn til Vals

Handknattleikskappinn Sigfús Páll Sigfússon gekk loksins í raðir Vals á föstudag þegar Valur komst að samkomulagi við Fram um kaupverð á miðjumanninum. Félögin hafa karpað um málið síðan í sumar en á sama tíma hefur Sigfús Páll æft einn. Kaupverð var ekki gefið upp en leiða má líkur að því að það sé í kringum 3 milljónir króna enda ætlaði Fram ekki að láta hann frá félaginu nema fyrir upphæð nálægt þrem milljónum.



**sport**
sport@frettabladid.is

EDDA GARÐARSDÓTTIR OG OLGA FÆRSETH: UNNU VISA-BIKARINN MEÐ KR Á LAUGARDALSVELLI Í GÆR

# *Árangur KR í sumar er alveg frábær*

Edda Garðarsdóttir og Olga Færseth, leikmenn KR, áttu góðan leik þegar KR vann Keflavík 3-0 í VISA-bikar kvenna á Laugardalsvelli í gærdag. Þær voru því að vonum sáttar í leikslok.

„Það er alltaf gaman að vinna bikarúrslitaleik, alveg það skemmtilegasta í heimi, og þetta toppar gott sumar hjá okkur. Það er ekki slæmt að tapa bara einum leik yfir sumarið og mér finnst það við hæfi að bæði liðin sem unnu bikara í ár töpuðu bara einum leik hvort,“ sagði Edda Garðarsdóttir, sem átti mjög góðan leik á miðjunni hjá KR.

Olga Færseth, fyrirliði KR, sem var mjög ógnandi í leiknum og skoraði eitt marka KR, tók í sama streng og Edda.

„Við erum mjög sáttar með sumarið. Árangur KR hefur verið frekar rýr og þetta hafa verið titlalaus ár, þannig að bikar og annað sæti í deildinni er bara frábær árangur, við bætum bara um betur næsta sumar,“ sagði Olga. Þær sáu samt báðar fulla ástæðu til þess að hrósa liði Keflavíkur.

„Þær mættu ákveðnar og sterkar til leiks og voru með mun sterkara lið en þegar við mættum þeim í deildinni á dögunum. Markið sem við skoruðum í byrjun sló þær aðeins út af laginu og skóp í raun sigurinn fyrir okkur,“ sagði Olga.

„Þær spiluðu fast og voru talsvert betri en við áttum von á, en sóknarlína okkar er bara það öflug að við erum alltaf líklegar til þess að skora,“ sagði Edda.







**TITILL Í VESTURBÆINN** KR-stúlkur horfðu á eftir Íslandsbikarnum á dögunum á Hlíðarenda en bikarinn fór í Frostaskjól. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Helena Ólafsdóttir:

## Stjórnuðum leiknum

**FÓTBOLTI** Helena Ólafsdóttir, þjálfari KR, var sátt með sigur síns liðs í bikarnumúrslitaleiknum. „Við skoruðum þrjú góð mörk og gátum hæglega bætt við fleirum,“ sagði Helena en viðurkenndi samt að hafa verið stressuð fyrir leikinn.

„Ég var smá smeyk út af umræðunni fyrir leikinn um að við værum stóra liðið og að leikurinn væri í raun bara formsatriði fyrir okkur. Mér fannst við vera dálítið stressaðar í byrjun en um leið og við hristum það af okkur, þá stjórnuðum við leiknum frá a til ö,“ sagði Helena og var sátt með afrakstur sumarsins. „Ég er mjög sátt með að ná í titil, við settum okkur það markmið fyrir tímabilið og ég tel að það sé sanngjarnt að þessi tvö góðu lið, við og Valur, deili þessum tveim stóru titlum.“ - óþ


N1 DEILDIN
Sunnudagur 23. sept
KA heimilið kl. 20:00
Akureyri - FH
Fylkishöll kl. 20:00
Fylkir - Grótta
Digranes kl. 20:00
HK - Valur


# Davíð hafði ekkert að gera í Golíat

KR-stelpur unnu góðan sigur á Keflavík, 3-0, í úrslitaleik VISA-bikars kvenna í gær. KR, sem var fyrir leikinn talið sigurstranglegra liðið, gerði sig ekki sekt um vanmat og kláraði leikinn með stæl.

**FÓTBOLTI** KR vann góðan 3-0 sigur á Keflavík í úrslitaleik VISA-bikar kvenna á Laugardalsvelli í gærdag. Þetta var í þriðja skipti sem KR-stelpur hampa bikarnum, en þetta var fyrsti úrslitaleikur sem Keflavíkurstelpur spila. Leikurinn var fjörugur og 757 aðdáendur liðanna náðu að skapa fína stemmningu og létu ekki kulda og vind hafa áhrif á sig.

Jafnræði var með liðunum á fyrsta stundarfjórðungi leiksins eða þangað til KR skoraði fyrsta mark leiksins. Þar var að verki framherjinn skæði Olga Færseth, sem lagði boltann af yfirvegun framhjá Jelenu Petrovic, ágætum markverði Keflavíkur, eftir góða sendingu frá Ólínu Guðbjörgu Viðarsdóttur.

Markið varð til þess að slá Keflavíkurliðið aðeins út af laginu og KR nýtti sér það og skoraði annað mark stuttu síðar. Markið skoraði Hrefna Huld Jóhannesdóttir eftir góðan undirbúning Fjólu Drafnar Friðriksdóttur. Keflavíkurliðið varð fyrir öðru áfalli þegar Guðný Petrína Þórðardóttir, helsti markaskorari liðsins, varð að yfirgefa völlinn en hún var tæp fyrir leikinn vegna meiðsla. KR-liðið hélt áfram að sækja en vörn Keflavíkur náði að halda út hálfleikinn.

Það var ekki langt liðið á seinni hálfleik þegar KR-liðið skoraði þriðja mark sitt og var það Hrefna Huld á ný sem skallaði boltann í markið eftir sendingu frá Hólmfríði Magnúsdóttur.

Róðurinn var því orðinn frekar strembinn fyrir Keflavíkurliðið, en þær gáfust ekki upp og í vel heppnaði skyndisókn þeirra átti Una Matilda Harkin gott skot í stöng. KR-liðið réði þó ferðinni og ógnaði marki Keflavíkur trekk í trekk í seinni hálfleik en náði ekki að finna leið framhjá Jelenu í markinu.

Hún þurfti að hafa sig alla við þegar hún varði fyrst lúmskt skot frá Olgu Færseth og svo stuttu síðar aukaspyrnu Eddu Garðarsdóttur. Í lok leiksins skall hurð nærri hælum þegar sending Olgu Færseth frá hægri kantinum fór í gegnum hóp leikmanna á teignum og endaði í stönginni. Stuttu síðar var flautað til leiksloka og 3-0 verðskuldaður sigur KR liðsins staðreynd. omar@frettabladid.is



**GLEÐI, GLEÐI, GLEÐI** Fögnuður KR-stúlkna á Laugardalsvellinum í gær var fölskvalaus. Stelpurnar kældu sig niður með vatni í fögnuðinum og þær létu það ekki hafa áhrif á sig að það væri skítkalt úti. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**MARKADROTTNING** Hrefna Huld Jóhannesdóttir skoraði tvö af þremur mörkum KR í leiknum. Hún sést hér skora annað þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


www.expressferdir.is
ENSKI BOLTINN
Arsenal–Newcastle Utd.
25.–26. september
Deildarbikarinn
TILBOÐ!
35.900 kr.
Chelsea–Fulham
28.–30. september
TILBOÐ!
37.900 kr.
» Kynntu þér ótrúlegt úrval fótboltaferða á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu
Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express




**FALLEGUR BIKAR** Þær Hrefna Huld og Edda Garðarsdóttir gáfu sér tíma til þess að dást að verðlaunagripnum eftir leik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Salih Porca, þjálfari Keflavíkur:

## Ósáttur með dómgæsluna

**FÓTBOLTI** Salih Heimir Porca, þjálfari Keflavíkur, var sáttur með lið sitt þrátt fyrir tapið. „Ég er mjög ánægður með mínar stelpur og ég óska KR til hamingju. Þær eru með frábært lið og með góðan þjálfara,“ sagði Porca, sem var aftur á móti ósáttur með dómgæsluna. „Það hallaði fannst mér mikið á okkur og ég er mjög ósáttur með alla þrjá dómara leiksins. KR-liðið þurfti ekkert á þessari hjálp að halda og getur sigrað Keflavík án þess að hafa dómgæsluna svona mikið sér í vil.“

Porca ætlar að gefa sér góðan tíma til að hugsa um framtíð sína í boltanum. „Ég er með samning við Keflavík og félagið vill halda mér. Það væri ögrun að koma Keflavík framar og setja meiri pressu á Val, KR og Breiðablik,“ sagði Porca. - óþ

# BT

## 10.000 LÆKKUN



**Panasonic**

DMCFX01BS
PANASONIC LUMIX FX01
6.0 Megapixlar
Leica DC
3.6x Optical zoom

MEGA O.I.S. Hristivörn
Baby Mode
2.5" LCD skjár 207 þúsund punktar
Li-ion hleðslurafhlaða
320 myndir á hleðslu með skjá

**19.999**
29.999

## BT ÚTSALA ÚTSALA BT



**SAMSUNG**

Samsung x160
Dual-Band GSM 900/1800
Þyngd 77 g, með 65 þús. lita
TFT skjá (120x160 punktar)
Ending rafhlöðu allt að
3,5 klst. í tali og 360 klst. í bið
Spilar fjölradda Pólýtóna

Handfrjáls hátalari, vekjari
dagbók og margt fleira
Innbyggt 1,2 MB minni
GPRS gagnaflutningur
WAP, xHTML, HTML og Java netstuðningur
SMS/MMS/EMS skilaboð
1000 nöfn í símasrká

**7.999**
9.999



**NOKIA**

Nokia 6060
Þyngd 93 gr.
Stærð 85 x 44 x 24 mm
Biðtími allt að 350 klst.
Taltími allt að 3,5 klst.
Matrix litaskjár 65,536 litir / 8 línur
Upplausn 160 x 128 punktar
900, 1800 Dual Band og GPRS
SMS og MMS smáskilaboð
Hægt að tengja við PC tölvu
Íslensk valmynd
Íslenskt T9, Styður Java
Polyphonic og MP3 hringitónar
Innbyggður handfrjáls hátalari
Vekjari / Skeiðklukka / Niðurteljari

**9.999**
11.999



**SAMSUNG**

GSM SAMSUNG SGH-X680
Svartur,Rauður eða Orange
GSM 900/1800/1900
Skjár utan á síma (96x96 punktar)

3 klst. í tali og 250 klst. í bið
VGA myndavél 640x480 - hreyfimyndataka
MP3/AAC spilari
Innbyggt 32 MB minni
GPRS/EDGE gagnaflutningur
Bluetooth
1000 nöfn í símasrká

**13.999**

ÓTRÚLEGT VERÐ!!!

40.000 LÆKKUN




**TOSHIBA**

PSPB6E-03H02WN5
TOSHIBA SATELLITE P200-16C
Intel Core 2 Duo T7100
- 1.8 GHz, 2MB L2, 800MHz FSB
17" WXGA TruBrite skjár
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
2GB Vinnsluminni (1024x2)
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
Bluetooth
6xUSB2 / FireWire
Aðeins 3.2kg á þyngd

**139.999**
179.999

BT LÁN™
Verð frá:
**3.956**
59 mánaða

40.000 LÆKKUN



**FUJITSU COMPUTERS SIEMENS**

CCN:ISL-100512-001
FSC SCALEO H CORE2 VISTA
Intel Core 2 Duo E6300 örgjörvi
nVidia GeForce 7300LE 256MB
1024MB Vinnsluminni DDR2 667
250GB Harður diskur (SATA)
DVD Skrifari
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð og mús
Microsoft Windows Vista Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

**69.999**
109.999

BT LÁN™
Verð frá:
**2.103**
59 mánaða

## BT ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!! BT

20.000 LÆKKUN




**MEDION**

MD30036
MEDION 26" LCD SJÓNVARP
Upplausn: 1366x768 HD ready
3D Comb Filter
Contrast: 1:800
Birta cd/m2: 500
Svartími: 8ms
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 1
Scart tengi: 2

**59.999**
79.999

30.000 LÆKKUN




**MEDION**

MD30045
MEDION 37" LCD SJÓNVARP
Skjástærð: 37 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
3D Comb Filter
Contrast: 1:1000
Birta cd/m2: 450
Svartími: 8ms
Textavarpsminni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 1
Hátalarar: 2x5W

**99.999**
129.999

BT Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri

Afturelding-HK:

## Petja bjargaði stigunum

**HANDBOLTI** HK mætti óvæntri mótspyrnu í Mosfellsbæ þegar liðið landaði sínum fyrstu stigum í N1 deild karla í gær. HK marði Aftureldingu, 28-24, í mun jafnari leik en tölurnar gefa til kynna

Gunnar Magnússon, einn þjálfara HK, var allt annað en ánægður með leik sinna manna þrátt fyrir sigurinn. „Þetta var basl. Afturelding er með gott lið sem á eftir að taka fullt af stigum í vetur. Ég var búinn að búa liðið undir erfiðan leik og er mjög ósáttur við okkar leik, sérstaklega í fyrri hálfleik. Ég vil ekki kalla þetta vanmat en ef við spilum svona getum við gleymt toppbaráttunni í vetur. Við sýndum styrk að rífa okkur upp í seinni hálfleik en ég krefst þess að við leikum betur,“ sagði Gunnar.

„Við erum litla liðið en á meðan menn berjast og leggja sig fram getum við strítt hvaða liði sem er,“ sagði Bjarki Sigurðsson, þjálfari Aftureldingar, í leikslok.

„Munurinn á liðunum er að við klikkum á þremur vítum og tökum óþarfa léleg skot. Okkur sárvantar markvörslu á mikilvægum augnablikum á meðan Petckevicius í markinu hjá þeim ver mikið.” **- gmi**

# Eyjamenn kjöldregnir

**Slakir Haukar rúlluðu yfir arfaslaka Eyjamenn í skrautlegum leik á Ásvöllum í gær. Lokatölur 37-21. Eyjamenn voru varla með í leiknum í síðari hálfleik.**

**HANDBOLTI** Það er mikill gæðamunur á Haukum og ÍBV og það sást berlega í gær. Þrátt fyrir ágætan vilja og baráttu voru Eyjamenn kjöldregnir í síðari hálfleik og þeir töpuðu að lokum stórt, 37-21.

Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfeik, sem einkenndist reyndar af ótrúlega ljótum brotum sem eiga lítið skylt við handknattleiks. Arfaslakir dómarar leiksins höfðu ekki kjark til þess að taka málin föstum tökum og fyrir vikið mátti litlu muna að upp úr syði.

Haukar leiddu í leikhléi, 15-12, þrátt fyrir að hafa lítið gert af viti. Það segir sína sögu um styrk Eyjaliðsins, sem var gjörsamlega úti á túni í síðari hálfleik. Í stöðunni 22-18 hrundi leikur liðsins endanlega, Haukar skoruðu ein ellefu mörk í röð og slátruðu leiknum.

Freyr Brynjarsson átti góðan leik hjá Haukum en aðrir áttu ekki eftirminnilegan leik. Hjá Eyjamönnum stóð hinn ungi markvörður Kolbeinn Arnarsson sig vel en þar er á ferðinni mikið efni. Honum var vorkunn í síðari hálfleik þegar Haukar skoruðu nær eingöngu úr hraðaupphlaupum.




**SLAGSMÁL** Eyjapeyjarnir Arnar Pétursson (7) hjá Haukum og Sigurður Bragason ÍBV slógust nánast á Ásvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við vissum að taktík Eyjamanna væri að leysa leikinn upp með einhverjum látum og því reyndum við að halda haus. Í síðari hálfleik gekk leikskipulagið síðan upp, við héldum hraðanum uppi eins og við vildum og keyrðum yfir þá. Við vissum að þeir myndu springa að lokum enda með þunnan hóp,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, ánægður með stigin sem og stemninguna í húsinu. **- hbg**

*N1-deild karla:*

Haukar-ÍBV 37-21 (15-12)
**Mörk Hauka (skot):** Freyr Brynjarsson 9 (13), Arnar Jón Agnarsson 6 (8), Sigurbergur Sveinsson 3 (7), Þröstur Þráinsson 3 (5), Gunnar Berg Viktorsson 3 (5), Jón Karl Björnsson 3 (6/1), Gísli Jón Þórisson 2 (4), Arnar Pétursson 2 (2), Andri Stefan 2 (2) Pétur Pálsson 2 (3), Halldór Ingólfsson 1 (1), Þórður Guðmundsson 1/1 (2/1).
**Varin skot:** Gísli Guðmundsson 16 (37/1) 43%.
**Hraðaupphlaup:** 18 (Freyr 7, Þröstur 3, Jón Karl 2, Pétur 2, Andri 2, Gunnar Berg, Arnar).
**Fiskuð víti:** 2 (Halldór, Pétur).
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk ÍBV (skot):** Nikolaj Kulikov 5 (5), Sigurður Bragason 5/1 (17/1), Zilvinas Griese 4 (10), Sindri Haraldsson 4 (7), Leifur Jóhannesson 2 (4), Janis Grisanovs 1 (5), Grétar Eyþórsson (3).
**Varin skot:** Kolbeinn Arnarson 13 (50/2) 26%.
**Hraðaupphlaup:** 4 (Griese 2, Leifur, Sindri).
**Fiskuð víti:** 1 (Sindri Ólafsson).
**Utan vallar:** 4 mínútur.

Afturelding-HK 24-28 (12-13)
**Mörk Aftureldingar:** Einar Örn Guðmundsson 6/3 (13/4), Magnús Einarsson 5 (8), Haukur Sigurvinsson 4 (9), Hilmar Stefánsson 3 (7/2), Daníel Jónsson 2 (6), Reynir Árnason 2 (3), Davíð Ágústsson 2 (2), Jóhann Jóhannsson (1), Jón Andri Helgason (1)
**Varin skot:** Davíð Svansson 13/1 (40/1) 32,5%, Smári Guðfinnson (1) 0%
**Hraðaupphlaup:** 3 (Einar Örn, Magnús, Haukur)
**Fiskuð víti:** 6 (Einar 2, Magnús 2, Daníel, Hilmar)
**Utan vallar:** 10 mínútur
**Mörk HK:** Augustas Strazdas 8 (10), Ragnar Hjaltested 6 (8), Gunnar Steinn Tómasson 4 (6), Árni Björn Þórarinsson 4 (6), Tomas Eitutis 3 (5), Arnar Þór Sigþórsson 2 (3/1), Ragnar Njálsson 1 (4), Ólafur Ragnarsson (2), Sergei Petroytis (1)
**Varin skot:** Egidijus Petkevisius 22/2 (46/5) 47,8%
**Hraðaupphlaup:** 8 (Ragnar 5, Strazdas 2, Árni Björn)
**Fiskuð víti:** 1 (Arnar Þór)
**Utan vallar:** 8 mínútur


**Íslenska** sem annað tungumál

| Mán. 18–20 | Mið. 18–20 | Lau. 10–12 | Fjöldi stunda |
|---|---|---|---|
| 1. okt. | 3. okt. | 6. okt. | 9 |
| 8. okt. | 10. okt. | | 6 |
| | 17. okt. | 20. okt. | 6 |
| | 24. okt. | 27. okt. | 6 |
| | 31. okt. | 3. nóv. | 6 |
| 5. nóv. | 7. nóv. | 10. nóv. | 9 |
| | 14. nóv. | 17. nóv. | 6 |
| | 21. nóv. | 24. nóv. | 6 |
| 26. nóv. | 28. nóv. | | 6 |
| Samtals | | | 60 |

**Íslenska sem annað tungumál**
Námskeið fyrir útlendinga sem vilja læra íslensku, ÍSA102 og ÍSA202. Námskeiðin hefjast 1. október og kennt verður 2–3var í viku (sbr. yfirlit). ÍSA102 er ætlað byrjendum en ÍSA202 er fyrir þá sem hafa svolitla þekkingu á íslensku. Heildarlengd hvors námskeiðs er 60 kennslustundir. Námskeiðið gefur 2 einingar á framhaldsskólastigi.

Verð: 11.500 kr.

***Icelandic courses for foreign students***
*Icelandic courses for foreign students; ÍSA102 for complete beginners and ÍSA202 for those with a little knowledge in Icelandic. Teaching will take place 2 or 3 times/week (see plan). Total number of lessons given in each course is 60. The course carries 2 credits on the modular credit system.*

*Price: 11.500 kr.*

UPPLÝSINGAR Á WWW.IR.IS
OG Í SÍMA 522 6530

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK


Framarar gerðu góða ferð norður yfir heiðar í gær:

## Yfirlýsingar Akureyringa kveiktu í Frömurum

**HANDBOLTI** Framarar tóku tvö stig með heim í farteskinu eftir sex tíma rútuferð norður á Akureyri í gær. „Ferðin heim er miklu auðveldari eftir sigur,“ heyrðist í hornamanninum knáa Guðjóni Drengssyni eftir leikinn sem Fram vann 26-30. Framarar voru ávallt skrefi á undan en þrátt fyrir að þeim gengi erfiðlega að stíga skrefið til fulls var sigur þeirra í raun aldrei í hættu.

Jafnfræði var með liðunum í fyrri hálfleik þar til undir lok hans þegar Framarar komust þremur mörkum yfir. Björgvin Páll Gústavsson varði vel í marki Fram og ómarkviss skot Akureyringa enduðu oft á tíðum langt frá markrammanum.

Það mátti strax greina í hvað stefndi í upphafi síðari hálfleiks. Framarar náðu þá fimm marka forystu og aðeins Magnús Stefánsson sýndi sitt rétta andlit í sókn Akureyrar en það dugði ekki til.

„Þetta gekk ótrúlega vel. Það gekk nánast allt upp það sem við lögðum upp með,“ sagði markahæsti maður Framara, Jóhann Gunnar Einarsson. „Við sáum auglýsingu frá Akureyringum um að þeir ættu besta heimavöllinn og annað eftir því. Það hleypti bara



**ÁTÖK** Það var hraustlega tekist á fyrir norðan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRIR TRYGGVAS.

auknum krafti í okkur. Okkur hefur gengið ágætlega hér undanfarið, þannig að þetta er að verða frekar þægilegur völlur fyrir okkur,“ sagði Jóhann og glotti við tönn.

Sævar Árnason, þjálfari Akureyrar, var ekki upplitsdjarfur. „Það var allt og margt sem fór úrskeiðis hjá okkur til að við ættum skilið að vinna þennan leik. Við gerðum alltof mörg mistök í sókn og vörn og margir menn voru ekki að spila á sinni getu til að við ættum möguleik. Það vantaði eitthvað upp á í dag, því miður,” sagði Sævar. **- hþh**




Tvö lið tryggðu sér sæti í Landsbankadeildinni í gær og eitt féll í 2. deild:

# Grindavík og Fjölnir í efstu deild

**FÓTBOLTI** Það gekk mikið á þegar næstsíðasta umferðin í 1. deild karla fór fram. Grindavík og Fjölnir tryggðu sér þáttökurétt í Landsbankadeildinni að ári. Grindavík lagði Reyni, sem féll fyrir vikið, 6-0, og og Fjölnir vann Þór frá Akureyri, 2-0. Það verður annað hvort Þróttur eða ÍBV sem fer einnig upp en ÍBV á enn von um að næla í sætið eftir sigur gegn einmitt Þrótti í gær, 1-2.

Leikur Þróttar og ÍBV var hin mesta skemmtun og Eyjamenn máttu að lokum þakka fyrir stigin þrjú enda pressan að marki þeirra mikil undir lokin.

Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, var því að vonum sáttur í leikslok. „Við erum enn á lífi og það er gaman að vera að fara í síðasta leikinn og eiga möguleika á að fara upp," sagði Heimir, sem var ánægður með baráttu sinna manna. „Baráttan var fín og vörnin hélt vel, en við þurfum að vera rólegri á boltanum og yfirvegaðri. Það var auðvitað mikið í húfi og þetta var kannski ekki fallegur fótbolti en góður sigur samt."

Til þess að ÍBV komist upp þarf liðið að vinna Fjölni og treysta á að Reynir vinni Þrótt, en Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, mætir þar sínum gömlu lærisveinum. „Ég er þjálfari Þróttar í dag og við ætlum okkur að tryggja þetta stig sem okkur vantar, þannig að staða Reynis skiptir mig engu máli," sagði Gunnar svekktur.

Það var mikið um dýrðir í Grafarvogi þar sem Fjölnir komst upp í efstu deild í fyrsta skipti í stuttri sögu félagsins.

„Við ætluðum okkur þetta og við klárum dæmið sannfærandi. Mér líður mjög vel núna," sagði Hús-víkingurinn Ásmundur Arnarsson sem stýrir liði Fjölnis en hann hefur unnið mikið afrek með liðið.

„Það má vissulega kalla þetta afrek en þetta er sameiginlegt afrek allra þeirra sem koma að lið-inu. Hér hafa allir lagst á eitt við að ná þessum árangri og það er ánægjulegt að uppskera svona ríkulega eins og í dag," sagði Ásmundur Arnarsson af einstakri hógværð.

- óþ / - esá



**Á LEIÐ Í LANDSBANKADEILDINA** Fjölnismenn tolleruðu þjálfarann sinn Ásmund Arnarsson þegar ljóst var að liðið var komið upp í efstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ÚRSLIT

### 1. deild karla:

Þróttur-ÍBV 2-1
Páll Hjarðar, Ian Jeffs - Hjörtur Hjartarson.
Grindavík-Reynir S. 6-0
Ivan Firer 2, Paul McShane, Marinko Skaricic, Jósef Jósefsson, Jóhann Helgason.
Njarðvík-Fjarðabyggð 3-0
Aron Már Smárason 2, Kristinn Örn Agnarsson.
Víkingur Ó.-Stjarnan 0-0
KA-Leiknir 1-0
Þorvaldur Makan Sigbjörnsson.
Fjölnir-Þór 2-0
Gunnar Már Guðmundsson, Atli Viðar Björnsson.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Grindavík | 21 | 1 | 5 | 2 | 447:20 | 47 |
| **2. Fjölnir** | **21** | **14** | **3** | **4** | **58:25** | **45** |
| 3. Þróttur | 21 | 14 | 2 | 5 | 43:24 | 44 |
| **4. ÍBV** | **21** | **12** | **5** | **4** | **38:20** | **41** |
| 5. Fjarðabyggð | 21 | 10 | 4 | 7 | 22:17 | 34 |
| **6. Leiknir R.** | **21** | **5** | **7** | **9** | **21:27** | **22** |
| 7. Þór | 21 | 5 | 6 | 10 | 31:39 | 21 |
| **8. Stjarnan** | **21** | **5** | **5** | **11** | **37:41** | **20** |
| 9. Njarðvík | 21 | 4 | 8 | 9 | 22:30 | 20 |
| **10. Víkingur Ó.** | **21** | **5** | **5** | **11** | **22:32** | **20** |
| 11. KA | 21 | 5 | 4 | 12 | 13:43 | 19 |
| **12. Reynir S.** | **21** | **3** | **7** | **11** | **22:58** | **16** |

### N1-deild karla:

Akureyri-Fram 26-30
**Mörk Akureyrar (skot):** Magnús Stefánsson 12 (20), Goran Gusic 5/3 (8/4), Jónatan Magnússon 3 (3), Andri Snær Stefánsson 2 (3), Einar Logi Friðjónsson 2 (10), Þorvaldur Þorvaldsson 1 (1), Rúnar Sigtryggsson 1 (4), Hörður Fannar Sigþórsson 0 (1), Heiðar Þór Aðalsteinsson 0 (2).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 9 (20) 31%,Siguróli Sigurðsson 5 (10) 33%
**Hraðaupphlaup:** 4 (Andri Snær, Einar, Goran, Jónatan)
**Fiskuð víti:** 4 (Einar 2, Magnús, Rúnar)
**Utan vallar:** 8 mínútur
**Mörk Fram (skot):** Jóhann Gunnar Einarsson 9 (13), Andri Berg Haraldsson 5/3 (9/3), Filip Kliszcycik 4 (6), Stefán Stefánsson 3 (4), Einar Ingi Hrafnsson 3 (4), Jón Þorbjörn Jóhannsson 2 (2), Haraldur Þorvarðarson 2 (4), Guðjón Drengsson 1 (1), Jón Björgvin Pétursson 1 (2), Hjörtur Hinriksson 0 (2), Daníel Berg Grétarsson 0 (4).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 14 (20) 41%, Magnús Erlendsson 5 (5) 50%.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Jón Þorbjörn 2, Einar 2, Jóhann)
**Fiskuð víti:** 3 (Guðjón, Haraldur, Andri)
**Utan vallar:** 6 mínútur









**ARSENE WENGER** Segir bolta Chelsea ekki hafa verið eins skemmtilegan og frammistaða Mourinho á blaðamannafundum.

Arsene Wenger:

## Mourinho ekki ómetanlegur

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, stjóri Arsenal, sagði að brotthvarf José Mourinho væri óvænt og óvægið en bætti þó við að Mourinho væri ekki ómetanlegur og auðvelt væri að finna mann í hans stað.

„Það er eitt að vera skemmtilegur á blaðamannafundum en það hefur ekki sama gildi og að vera skemmtilegur á vellinum. Fólk elskar góðan fótbolta og ég tel ekki að Chelsea verði í nokkrum vandræðum með að finna verðugan arftaka Mourinho,“ sagði Wenger sem lenti margoft í útistöðum við stjórann portúgalska. **- hbg**



**KASPER SCHMEICHEL** Verður áfram í röðum Man. City. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Kasper Schmeichel:

## Fær nýjan samning

**FÓTBOLTI** Danski markvörðurinn Kasper Schmeichel, sonur Peters Schmeichel, mun á næstu dögum skrifa undir nýjan langtímasamning við Man. City.

Schmeichel hefur þótt koma skemmtilega á óvart á milli stanganna hjá City í vetur og haldið marki sínu hreinu fjórum sinnum í sex leikjum.

Á síðustu leiktíð var hann markvörður númer fjögur hjá félaginu en aðrir markverðir félagsins eru annað hvort meiddir eða horfnir á braut og það hefur Daninn ungi nýtt sér til fullnustu. **- hbg**

## LANDSBANKADEILDIN

**LEIKIR DAGSINS:**

| | |
|---|---|
| FH-Valur | kl. 17.00 |
| Fram-KR | kl. 17.00 |
| Fylkir-Keflavík | kl 17.00 |
| HK-Breiðablik | kl. 17.00 |
| ÍA-Víkingur | kl. 17.00 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 16 | 10 | 4 | 2 | 39:23 | 34 |
| **2. Valur** | **16** | **9** | **5** | **2** | **38:20** | **32** |
| 3. ÍA | 16 | 7 | 5 | 4 | 30:24 | 26 |
| **4. Fylkir** | **16** | **7** | **4** | **5** | **18:17** | **25** |
| 5. Breiðablik | 16 | 5 | 7 | 4 | 26:17 | 22 |
| **6. Keflavík** | **16** | **5** | **5** | **6** | **23:25** | **20** |
| 7. HK | 16 | 4 | 3 | 9 | 16:33 | 15 |
| **8. Fram** | **16** | **3** | **5** | **8** | **22:28** | **14** |
| 9. Víkingur | 16 | 3 | 5 | 8 | 14:26 | 14 |
| **10. KR** | **16** | **3** | **5** | **8** | **15:28** | **14** |

Fyrsti leikur Chelsea án Mourinho er mjög erfiður:

# Avram Grant fer með Chelsea á Old Trafford

**FÓTBOLTI** Þeir eru ekki margir sem gera ráð fyrir því að Chelsea muni bíta frá sér á Old Trafford í dag. Liðið er búið að missa stjóra sinn og vin. Þess utan verður Chelsea meðal annars án Frank Lampard og Didier Drogba.

Lundúnaliðið hefur aðeins fengið eitt stig í síðustu tveim leikjum og Wayne Rooney, framherji Man. Utd, er sannfærður um að sjálfstraust Chelsea muni minnka verulega tapi liðið fyrir United í dag.

„Að fá aðeins eitt stig í þrem leikjum hlýtur að hafa áhrif á sjálfstraustið hjá þeim. Við getum náð þriggja stiga forystu á Chelsea og það væri mjög ljúft enda lítum við á Chelsea sem helsta keppinaut okkar,“ sagði Rooney, sem verður væntanlega í byrjunarliðinu í dag.

Hinn nýi stjóri Chelsea, Avram Grant, er hvergi banginn og hefur trú á sjálfum sér. „Ef ég hefði ekki trú á því að ég hefði eitthvað fram að færa hefði ég ekki tekið starfið að mér. Ég tel mig vel ráða við leikmennina og geta farið lengra með þetta lið.“ **- hbg**



**Í SVIÐSLJÓSINU** Ísraelinn Avram Grant verður í sviðsljósinu í dag þegar hann mætir með Chelsea á Old Trafford. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Úrslitaleikur Landsbankadeildarinnar

**FH tekur á móti Val í Kaplakrika í dag. Óhætt er að segja að um sannkallaðan úrslitaleik sé að ræða enda verður FH Íslandsmeistari með sigri en Valur hrifsar toppsætið af FH með sigri, en þar hefur FH setið síðan sumarið 2004. Valsmenn segja pressuna vera á FH-ingum, sem ætla ekki að verjast heldur spila sinn leik.**

**FÓTBOLTI** Næstsíðasta umferð Landsbankadeildarinnar fer fram klukkan 17 í dag. Stórleikur umferðarinnar er viðureign toppliðanna FH og Vals. Valur er tveim stigum á eftir FH og verður að sækja til sigurs enda dugir jafntefli skammt og tap þýðir að FH verður meistari.

Undirbúningur liðanna er óhefðbundinn og að mörgu leyti eins og fyrir bikarúrslitaleik. Bæði lið gistu á hótelum í gær og þjöppuðu sér saman.

„Við erum á leið á Hótel Örk, það verður fínt. Við munum horfa á fótbolta þar og spila kotru en það er leikur fyrir hugsandi menn,“ sagði Tryggvi Guðmundsson, framherji FH-inga, léttur og kátur. Augljós tilhlökkun var í honum fyrir leikinn.

„Það er ekkert skemmtilegra en að spila úrslitaleiki. Svona á þetta að vera. Við mætum til leiks með sama hugarfar og venjulega og ætlum að sækja til sigurs. Ég hef aldrei skilið þá sem segja að það sé verra að vera með forskot, það truflar okkur ekkert og verður ekki þess valdandi að við bökkum eitthvað. Það er klárlega betra að vera með tveggja stiga forskot,“ sagði Tryggvi en allir leikmenn FH eru klárir í slaginn.

Valur flengdi FH í fyrri leik liðanna í deildinni, 4-1, en FH náði fram hefndum með sætum sigri í bikarnum. FH tapaði síðasta leik sínum gegn Blikum en Valur gerði jafntefli gegn ÍA.

„Við förum vel yfir tapleikinn og vitum hvað fór úrskeiðis þar. Töp hafa aldrei slegið okkur út af laginu, þvert á móti mætum við sterkir í næsta leik og á því verður engin breyting núna,“ sagði Tryggvi.

Helgi Sigurðsson, leikmaður Vals, er spenntur fyrir leik liðs síns við Íslandsmeistara FH á morgun. „Það er frábært að fá að spila svona úrslitaleik og við erum vel gíraðir upp í verkefnið,“ sagði Helgi, sem segir að undirbúningur liðsins sé þó að mestu leyti með hefðbundnu sniði. „Við undirbúum okkur eins fyrir þennan leik og aðra leiki og menn eru fullir sjálfstrausts og stemmningin er góð í liðinu. Valsliðið gisti reyndar á Hótel Loftleiðum í gær til þess að þétta hópinn fyrir átökin.“

Helgi segir pressuna vera alla á FH-liðinu. „Við höfum allt að vinna í þessum leik og þeir hafa öllu að tapa. Þeir eru Íslandsmeistararnir og hafa verið með besta liðið á Íslandi síðustu ár, en í ár erum við búnir að halda í við þá og veita þeim almennilega keppni, þannig að pressan er öll á þeim,“ sagði Helgi, sem er helsti markaskorari Valsliðsins og er því sjálfur einnig að keppa um markakóngstitilinn. „Það skiptir náttúrlega öllu máli að við vinnum leikinn og verðum Íslandsmeistarar, en ég reyni auðvitað mitt besta til að skora mörk og hef hug á því að taka þann titil líka.“ Hjá Valsliðinu eru menn í fínu standi fyrir leikinn, að frátöldum Baldri Bett sem getur ekki leikið vegna meiðsla. **- hbg / - óþ**

**LÍKLEG BYRJUNARLIÐ Í DAG**






**KOMDU MEÐ BOLTANN** Það verður gríðarleg barátta í leik FH og Vals á Kaplakrika í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Níu sinnum hefur einvígi tveggja liða um titilinn endað í úrslitaleik í lokaumferðunum:

# Fyrsti úrslitaleikur Valsmanna í 20 ár

**FÓTBOLTI** Stórleikur FH og Val á Kaplakrikavelli í dag verður níundi óopinberi úrslitaleikur tveggja liða um titilinn í lokaumferðum mótsins síðan deildin innihélt fyrst tíu lið sumarið 1977.

Hér er miðað við að aðeins tvö lið séu að keppa um titilinn á lokasprettinum og að þau mætist í einni af fjórum síðustu umferðum sumarsins.

Valsmenn eru í þeirri stöðu í fyrsta sinn í tuttugu ár að spila óopinberan úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í lokaumferðinni. Valsmenn voru síðast í sömu sporum í 16. umferð 1987 þegar þeir fengu Framara í heimsókn á Hlíðarenda. Valsmenn voru þá í mjög góðri stöðu með fimm stiga forskot á þáverandi Íslandsmeistaralið Fram og nánast gulltryggðu sér titilinn með því að gera markalaust jafntefli við Framliðið í þessum leik.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Valsmanna, getur líka rifjað upp góðar minningar úr svona kringumstæðum en hann fór með KR-liðið í gegnum tvo svona leiki 2002 og 2003 og fagnað Íslandsmeistaratitlinum bæði árin. 2002 gerði KR 1-1 jafntefli við Fylki í Árbæ í 17. umferð og tryggði sér síðan titilinn í 18. umferð og árið eftir lagði KR grunninn að meistaratitlinum með 4-0 sigri á Fylki í 15. umferð.

Síðasta útiliðið til að vinna svona leik var lið ÍBV sem tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn 1998 með því að vinna 0-2 sigur á KR á KR-vellinum í 18. umferð. Eyjamenn léku þá eftir afrek Víkinga sjö árum áður sem unnu þá 0-2 sigur á Fram á Laugardalsvelli í 16. umferð. Úrslit þess móts réðust þó ekki fyrr en á lokasekúndunum í lokaumferðinni. Skagamenn tryggðu sér einnig titilinn á útivelli árið 2001 með því að ná 2-2 jafntefli við ÍBV í Eyjum.

FH-ingar hafa aldrei spilað svona úrslitaleik en þeir hafa hins vegar tryggt sér titilinn í Kaplakrika tvö síðustu ár og geta gert það þriðja árið í röð í dag. FH-ingar tryggðu sér titilinn með 2-0 sigri á Val í 15. umferð 2005 og síðan með 4-0 sigri á Víkingum í 17. umferðinni í fyrra. **- óój**



**GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON** Þarf að eiga góðan leik í dag ætli Valur sér sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÓOPINBERIR ÚRSLITA-LEIKIR Í 10 LIÐA DEILD:**

**(Stig liðanna fyrir leikinn)**

| | |
|---|---|
| 17. umf/2007 | FH (34)-Valur (32) ?-? |
| | FH getur orðið Íslandsmeistari |
| 15. umf/2003 | KR (27)-Fylkir(26) 4-0 |
| | KR varð Íslandsmeistari |
| 17. umf/2002 | Fylkir (33)-KR (32)1-1 |
| | KR varð Íslandsmeistari |
| 18. umf/2001 | ÍBV (35)-ÍA (35) 2-2 |
| | ÍA varð Íslandsmeistari |
| 15. umf/2000 | KR (24)-Fylkir (29) 2-1 |
| | KR varð Íslandsmeistari |
| 15. umf/1999 | KR (33)-ÍBV (30) 3-0 |
| | KR varð Íslandsmeistari |
| 18. umf/1998 | KR (33)-ÍBV (35) 0-2 |
| | ÍBV varð Íslandsmeistari |
| 18. umf/1996 | ÍA (37)-KR (37) 4-1 |
| | ÍA varð Íslandsmeistari |
| 16. u./1991 | Fram (33)-Víking. (30) 0-2 |
| | Víkingur varð Íslandsmeistari |
| 16. umf/1987 | Valur(32)-Fram (27) 0-0 |
| | Valur varð Íslandsmeistari |

# ÚRSLIT

## Enska úrvalsdeildin

ARSENAL - DERBY COUNTY 5-0
1-0 Abou Diaby (10.), 2-0 Emmanuel Adebayor (26.), 3-0 Emmanuel Adebayor (50.), 4-0 Cesc Fabregas (70.), 5-0 Emmanuel Adebayor (79.).

FULHAM - MANCHESTER CITY 3-3
1-0 Simon Davies (13.), 1-1 Martin Petrov (36.), 2-1 Hameur Bouazza (48.), 2-2 Emile Mpenza (50.), 2-3 Martin Petrov (60.), 3-3 Danny Murphy (75.).

MIDDLESBROUGH - SUNDERLAND 2-2
0-1 Grant Leadbitter (2.), 1-1 Julio Arca (14.), 2-1 Stewart Downing (67.), 2-2 Liam Miller (89.).

READING - WIGAN ATHLETIC 2-1
1-0 Dave Kitson (29.), 1-1 Marcus Bent (50.), 2-1 James Harper (90.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Arsenal** | **6** | **5** | **1** | **0** | **15-4** | **16** |
| Man. City | 7 | 4 | 1 | 2 | 8-5 | 13 |
| **Liverpool** | **6** | **3** | **3** | **0** | **11-2** | **12** |
| Man. United | 6 | 3 | 2 | 1 | 4-2 | 11 |
| **Chelsea** | **6** | **3** | **2** | **1** | **7-6** | **11** |
| West Ham | 5 | 3 | 1 | 1 | 8-3 | 10 |
| **Everton** | **6** | **3** | **1** | **2** | **8-6** | **10** |
| Blackburn | 5 | 2 | 3 | 0 | 5-3 | 9 |
| **Newcastle** | **5** | **2** | **2** | **1** | **6-4** | **8** |
| Wigan Athletic | 7 | 2 | 2 | 3 | 8-7 | 8 |
| **Middlesbrough** | **7** | **2** | **2** | **3** | **9-11** | **8** |
| Birmingham | 7 | 2 | 2 | 3 | 7-9 | 8 |
| **Sunderland** | **7** | **2** | **2** | **3** | **7-11** | **8** |
| Aston Villa | 5 | 2 | 1 | 2 | 5-4 | 7 |
| **Reading** | **7** | **2** | **1** | **4** | **5-11** | **7** |
| Portsmouth | 6 | 1 | 3 | 2 | 7-8 | 6 |
| **Fulham** | **7** | **1** | **3** | **3** | **12-14** | **6** |
| Tottenham | 6 | 1 | 1 | 4 | 9-11 | 4 |
| **Derby County** | **7** | **1** | **1** | **5** | **4-20** | **4** |
| Bolton | 6 | 1 | 0 | 5 | 7-11 | 3 |

## Ítalska A-deildin

UDINESE - REGGINA 2-0
1-0 Antonio Di Natale (6.), 2-0 Antonio Di Natale (62.)
*Emil Hallfreðsson lék allan leikinn fyrir Reggina.*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AS Roma** | **3** | **3** | **0** | **0** | **7-0** | **9** |
| Internazionale | 3 | 2 | 1 | 0 | 5-1 | 7 |
| **Udinese** | **4** | **2** | **1** | **1** | **4-6** | **7** |
| Napoli | 3 | 2 | 0 | 1 | 7-2 | 6 |
| **Juventus** | **3** | **2** | **0** | **1** | **8-4** | **6** |
| AC Milan | 3 | 1 | 2 | 0 | 5-2 | 5 |
| **Fiorentina** | **3** | **1** | **2** | **0** | **6-4** | **5** |
| Atalanta | 3 | 1 | 2 | 0 | 5-3 | 5 |
| **Cagliari** | **3** | **1** | **1** | **1** | **5-4** | **4** |
| Palermo | 3 | 1 | 1 | 1 | 5-5 | 4 |
| **Sampdoria** | **3** | **1** | **1** | **1** | **2-3** | **4** |
| Torino | 3 | 0 | 3 | 0 | 5-5 | 3 |
| **Lazio** | **3** | **0** | **3** | **0** | **2-2** | **3** |
| Parma | 3 | 0 | 2 | 1 | 3-5 | 2 |
| **Catania** | **3** | **0** | **2** | **1** | **2-4** | **2** |
| Genoa | 3 | 0 | 2 | 1 | 1-4 | 2 |
| **Reggina** | **4** | **0** | **2** | **2** | **3-7** | **2** |
| Siena | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-6 | 1 |
| **Empoli** | **3** | **0** | **1** | **2** | **1-5** | **1** |
| Livorno | 3 | 0 | 1 | 2 | 4-10 | 1 |

## Norska 1. deildin

Viking FK - Álasund 3-0
1-0 Alexander Adegaard (29.), 2-0 Peter Ijeh (41.), 3-0 Allan Gaarde (68.)
*Hannes Sigurðsson og Birkir Bjarnason komu af bekknum hjá Viking í leiknum. Haraldur Freyr Guðmundsson lék í vörn Álasunds allan leikinn.*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **SK Brann** | **20** | **13** | **3** | **4** | **41-30** | **42** |
| Viking FK | 21 | 11 | 5 | 5 | 40-31 | 38 |
| **Lilleström** | **20** | **10** | **6** | **4** | **37-17** | **36** |
| Stabæk | 20 | 10 | 6 | 4 | 33-27 | 36 |
| **Rosenborg** | **20** | **8** | **5** | **7** | **38-29** | **29** |
| Fredrikstad | 20 | 7 | 8 | 5 | 29-29 | 29 |
| **Tromsö** | **20** | **8** | **3** | **9** | **33-33** | **27** |
| Valerenga | 20 | 7 | 6 | 7 | 23-24 | 27 |
| **Aalesunds FK** | **21** | **8** | **3** | **10** | **32-44** | **27** |
| Lyn | 20 | 7 | 4 | 9 | 31-34 | 25 |
| **Strömsgodset** | **20** | **6** | **4** | **10** | **24-34** | **22** |
| IK Start | 20 | 4 | 7 | 9 | 25-33 | 19 |
| **Odd Grenland** | **20** | **5** | **3** | **12** | **25-31** | **18** |
| Sandefjord | 20 | 4 | 3 | 13 | 24-39 | 15 |



**SIGURREIFUR** Alexander Petersson fagnar hér í leiknum í gær.
NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Þýski handboltinn:

# Flensburg lagði Kiel að velli

**HANDBOLTI** Flensburg gerði sér lítið fyrir í gær og skellti Þýskalands- og Evrópumeisturum Kiel á heimavelli, 37-32. Flensburg skaust með sigrinum á topp þýsku úrvalsdeildarinnar.

Alexander Petersson átti fínan leik í liði Flensburg og skoraði 3 mörk en Einar Hólmgeirsson sat á bekknum allan tímann. **- hbg**

Leikmenn Arsenal frábærir gegn Derby á meðan Liverpool gerði markalaust jafntefli gegn Birmingham:

# Arsenal á fleygiferð í ensku úrvalsdeildinni

**FÓTBOLTI** Það er ekkert lát á góðu gengi Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Skytturnar skutu Derby auðveldlega niður á Emirates-vellinum í gær en lokatölur urðu 5-0 þar sem Arsenal bauð upp á stórkostlegan fótbolta. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, segir sitt lið hafa sent skýr skilaboð til keppinautanna í gær.

„Þetta lið er alvöru og ætlar sér stóra hluti. Við erum ekki hér til þess að monta okkur eða leika okkar. Við erum hér í alvöru baráttu og liðið ætlar sér að fara langt. Það var hrein unun að sjá liðið spila í dag,“ sagði Wenger



**ÁHYGGJUFULLUR** Rafa Benitez var ekki sáttur við sína menn í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

kampakátur og mátti vel vera sáttur. Adebayor átti aftur stórleik og skoraði þrennu að þessu sinni.

„Adebayor lítur út fyrir að vera sterkari en áður og það leynir sér ekki í návigjum. Hann er orðinn gríðarleg ógn við hvaða vörn sem er. Hann var sterkur en það munar mikið um að hann er orðinn mun rólegri í færunum,“ sagði Wenger.

Hinn tvítugi miðjumaður Cesc Fabregas skoraði í sínum sjötta leik í röð og er búinn að skora sjö mörk á tímabilinu. Stuðningsmenn Arsenal virðast vera búnir að finna nýtt átrúnaðargoð í Fabregas og Thierry Henry gleymist fljótt spili Spánverjinn ungi svona áfram.

„Cesc gerir miklar kröfur til sjálfs síns. Ég tók eftir því þegar hann var aðeins sextán ára gamall. Hann er þess utan mjög jarðbundinn og ofmetnast ekki þó svo að honum gangi vel. Þrátt fyrir þennan sigur og spilamennsku tel ég liðið enn eiga inni.“

Það var ekki sami sambaboltinn í boði hjá Liverpool og Birmingham en sá leikur endaði með markalausu jafntefli. Rafa Benitez, stjóri Liverpool, var pirraður í leikslok.



**SJÓÐHEITIR** Þeir Cesc Fabregas og Emmanuel Adebayor fóru mjög illa með varnarmenn Derby í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Þetta er mjög pirrandi. Við reyndum allar aðferðir til þess að brjóta niður vörn Birmingham en inn vildi boltinn ekki. Á endanum urðum við uppiskroppa með hugmyndir og það var ekkert rými á vellinum. Ég tek samt ekkert af Birmingham, sem varðist vel,“ sagði Benitez en það vakti athygli að hann skyldi geyma Fernando Torres á bekknum í klukkutíma.

„Ég er með fjóra framherja og þeir spiluðu allir á endanum. Ég taldi að Voronin og Kuyt væru réttu mennirnir í þennan leik og þess vegna voru þeir þarna,“ sagði Benitez að lokum.

**- hbg**



## > Mariska Hargitay

Mariska Hargitay er dóttir kvikmyndastjörnunnar Jayne Mansfield og fyrrverandi Herra Alheims, Mickey Hargitay. Mariska, sem á ættir að rekja til Ungverjalands, talar ungversku, frönsku, ítölsku og ensku. Hún hefur leikið í fjölda kvimynda og þátta, en er þekktust fyrir hlutverk sitt sem Olivia Benson í Law and Order: SVU. Hún hefur verið tilnefnd til Emmy-verðlauna fyrir leik sinn í fjögur ár í röð.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR DETTUR Í ENN EINA SÁPUNA

# *Fyrst og yfirgefin*

Skilnaðir eru tíðir bæði í raunveruleikanum og á sjónvarpsskjánum. Fyrrverandi eiginkonur er því víða að finna, bitrar, sorgmæddar en sumar guðslifandi fegnar. Í nýjum sjónvarpsþáttum sem hófust á Skjá einum fyrir skemmstu og heita Starter Wife, eða fyrsta konan, leikur Debra Messing Molly Kagan, sem er tilkynnt af eiginmanni sínum til tólf ára að hann vilji skilnað. Þetta kemur flatt upp á Molly, sem hafði vanist hinum ljúfa lífsstíl eiginkonu ríka mannsins.

Við skilnaðinn vakna ýmsar tilfinningar, bæði góðar og slæmar. Molly sér meir og meir hversu mikið fífl hinn fyrrverandi er í raun og veru og smám saman áttar hún sig á því hve heppin hún er að hafa losnað við hann.

Debra Messing er líklega þekktust fyrir hlutverk sitt sem Grace í gamanþáttunum Will & Grace. Hún passar bara nokkuð vel í hlutverk hinnar sviknu eiginkonu og nær að vera bæði gamansöm og dramatísk en ekki eins yfirdrifin og í hlutverki Grace Adler.

Stefnan í sjónvarpsþáttum þessa dagana virðist vera að ráða toppleikara. Þá eru kvikmyndaleikarar ekki lengur hræddir við að skemma ferilinn með því að leika í sjónvarpi. Sem dæmi má nefna Brothers and Sisters þar sem úrvalsleikonan Sally Field fer fyrir fríðum flokki leikara. Sama má segja í First Wife þar sem mótleikkona Debru Messing er hin óviðjafnanlega Judy Davis, sem leikur drykkfellda ríka eiginkonu sem hefur ekkert annað að gera í lífi sínu en fara í lýtaaðgerðir og blanda sér í glas.

Á heildina eru þessi fyrstu kynni af þáttunum mjög jákvæð og líklegt að ég sé dottin í enn eina sápuna.



**STARTER WIFE** Judy Davis, Debra Messing og Miranda Otto.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40** **Sunnudagskvöld með Evu Maríu** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** **The 4400** STÖÐ 2



▶ **20.00** **Dumb and Dumberer: When Harry Met Lloyd** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.30** **Stelpurnar** SIRKUS



▶ **20.10** **Sport Kids Moms & Dads** SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Róbert Bangsi 08.11 Bubbi byggir 08.22 Pósturinn Páll 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Herkúles 09.23 Sígildar teiknimyndir 09.30 Fínni kostur 09.53 Arthur 10.18 Ævintýri HC Andersen

**10.45 Út og suður** e.

**11.15 HM í fótbolta kvenna**

**13.00 Lokamót Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins**

**15.00 Katherine Jenkins** e.

**16.00 Danmerkurleiðangurinn** (5:5) e.

**16.30 Beðið eftir hjartslætti** e.

**17.20 Mótorsport** e.

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Stundin okkar** (18:32)

**18.30 Spaugstofan**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

▶**19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**

**20.20 Höfuð ættarinnar** (1:3) Þýsk framhaldsmynd í þremur þáttum frá 2005. Eftir að eiginmaður Ninu Vandenberg ferst í flugslysi kemst hún að því að fjármál fjölskyldufyrirtækisins eru í rugli.

**21.50 Sunnudagsbíó - Hafið fylgist með** Japönsk bíómynd frá 2002. Samúræi á flótta leitar skjóls í vændishúsi þar sem ung vændiskona verður ástfangin af honum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.45 Leikir kvöldsins**

**00.00 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**

**00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 World Traveler**

**08.00 To Walk with Lions**

**10.00 Catch that Kid**

**12.00 Dumb and Dumberer: When Harry Met Lloyd**

**14.00 World Traveler**

**16.00 To Walk with Lions**

**18.00 Catch that Kid**

▶**20.00 Dumb and Dumberer: When Harry Met Lloyd** Sprenghlægileg saga félaganna Harry og Lloyd.

**22.00 Footsteps**

**00.00 Sniper 3**

**02.00 Alfie**

**04.00 Footsteps**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 Nágrannar**

**14.10 Heima hjá Jamie Oliver** (10.13)

**14.35 Tískulöggurnar NÝTT** (2.6)

**15.35 Til Death** (5.22)

**16.00 Extreme Makeover** (16.23)

**16.55 Weddings from Hell**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir**

**19.05 Örlagadagurinn** (17.31)

**19.40 Monk** (10.16) Fyrrverandi rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og er enn að reyna að komast að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórnar honum og það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir lögreglumann. Monk hefur þó engu gleymt þegar kemur að því að leysa flókin glæpamál. 2006.

**20.25 Næturvaktin NÝTT** Glænýr íslenskur gamanþáttur með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. Næturvaktin er fyrsta leikna þáttaröð sinnar tegundar á Íslandi, uppfull af gráglettnum húmor í anda Seinfeld og The Office. 2007.

**20.55 The Tudors** (5.10) Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Mayers er hér í hlutverki Hinriks VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstitilinn. Í þáttunum er fylgst með lífi og ástum Hinriks sem og þeirra sem stóðu honum næst. (5.10) Hinrik tekst á við vandræði bæði í pólitík og í einkalífinu en svo virðist sem allir séu að snúa við honum baki. Aðalhlutverk: Sam Neill, Jeremy Northam, Steven Waddington, Jonathan Rhys Meyers. Leikstjóri: Ciaran Donnelly, Brian Kirk. 2007. Stranglega bönnuð börnum.

▶**21.50 The 4400** (11.13) Í þessari þriðju þáttaröð halda hinir 4400 áfram að takast á við lífið með nýja hæfileika en vandamálunum er langt frá því að vera lokið. 2006.

**22.35 Agatha Christie - Nemesis** Hörkuspennandi glæpatryllir eftir bók Agöthu Christie. 2006.

**00.10 Saving Grace** (2.13)

**00.55 Ghostboat**

**02.05 Ghostboat**

**03.10 Matchstick Men**

**05.05 Örlagadagurinn** (17.31)

**05.40 Fréttir**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**08.40 Spænski boltinn**

**10.20 Spænski boltinn**

**12.00 Meistaradeild Evrópu fréttaþ.**

**12.30 Meistaradeild Evrópu - endurs.**

**14.15 Meistaradeildin með Guðna Bergs** Farið yfir allt það helsta í leikjum kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

**14.55 Þýski handboltinn** (Flensburg - Kiel)

**16.15 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.

**16.45 Landsbankadeildin 2007**

**19.00 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik í spænska boltanum.

**21.00 Landsbankamörkin 2007** Þáttur um Landsbankadeildina þar sem sýnd eru helstu tilþrifin í síðustu leikjum í deildinni.

**21.30 NFL** Bein útsending frá leik Denver og Jacksonville í NFL-deildinni.

**00.00 Landsbankadeildin 2007**

## SÝN 2

**09.10 Arsenal - Derby** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)

**10.50 4 4** 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.

**12.10 Newcastle - West Ham**

**14.40 Man. Utd. - Chelsea**

**17.15 Bolton - Tottenham**

**18.55 Aston Villa - Everton**

**20.35 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.

**22.00 Newcastle - West Ham** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)

**23.40 Man. Utd. - Chelsea**

## SKJÁREINN

**07.45 Vörutorg**

**08.45 MotoGP** (E)

**13.15 Dr. Phil** (e)

**14.00 Sport Kids Moms & Dads** (e)

**15.00 The Biggest Loser** (e)

**16.00 Blow Out III** (e)

**17.00 30 Rock** (e)

**17.30 Family Guy** (e)

**18.00 Andy Barker, P.I.** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að.

**19.15 Survivor** (e)

▶**20.10 Sport Kids Moms & Dads** (4.8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fylgst er með fimm fjölskyldum sem telja að íþróttir séu ekki bara leikur. Foreldrar sem leggja allt í sölurnar til þess að krakkarnir nái á toppinn í sinni íþróttagrein.

**21.00 Law & Order: SVU** (13.22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Átta ára gamalli stúlku er rænt á leiðinni heim úr skóla. DNA-rannsókn á blóði úr stúlkunni leiðir í ljós að hún þjáist einnig af hvítblæði.

**21.50 3 Lbs** (7.8) Bandarísk þáttaröð um hrokafullan heilaskurðlækni í New York. Stanley Tucci og Mark Feuerstein leika aðalhlutverkin.

**22.40 The Black Donnellys** (e)

**23.30 C.S.I. New York**(e)

**00.20 Raines** (e)

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi**. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.35
### Næturvaktin

Í kvöld er skemmtilegur þáttur af Næturvaktinni með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. Næturvaktin er fyrsta leikna sería sinnar tegundar á Íslandi, uppfull af gráglettnum húmor í anda Seinfeld og The Office. Nú fáum við að kynnast Ólafi Ragnari aðeins betur en það sem fæstir vita er að hann er umboðsmaður hljómsveitarinnar Sól sem er við það að slá í gegn.



### VIÐ MÆLUM MEÐ
### 3 LBS
### Skjár einn kl. 21.50

Bandarísk þáttaröð um hrokafullan heilaskurðlækni í New York. í þætti kvöldsins fær dr. Hanson heimsókn frá fyrrum lærimeistara sínum, dr. Rosalind Halliday, sem biður hann um að framkvæma aðgerð sem aldrei hefur verið reynd áður. Gift kona, sem heldur að hún sé ólétt eftir elskhuga sinn, greinist með heilaæxli en hún vill ekki að eiginmaðurinn komist að því að hún sé ólétt.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunandakt
**08.15** Ársól
**09.03** Landið helga
**10.15** „Markgreifafrúin fór út klukkan fimm"
**11.00** Guðsþjónusta í Víðistaðakirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Gárur
**14.00** Hvað er að heyra?
**15.00** Ættland í norðri
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Úr tónlistarlífinu
**17.30** Úr gullkistunni
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.28** Seiður og hélog
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Útúr nóttinni... og inní daginn
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Brot af eilífðinni
**21.10** Orð skulu standa
**22.15** Leitin að eldsneytinu
**23.00** Andrarímur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**14.30 Hollyoaks** (16.260)

**17.15 Most Shocking**

**18.00 The George Lopez Show** (8.22) (e)

**18.30 Fréttir**

**19.00 Bestu Strákarnir** (22.50) (e)

**19.25 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þótt víðar væri leitað. 2005.

**19.50 The Will** (3.6) Spennandi raunveruleikaþáttur þar sem ættingjar milljónamæringsins Bills Long keppa um erfðarréttinn á stórum búgarði. Í hverri viku keppa ættingjarnir og í lok þáttarins er einn sendur heim. 2005.

**20.30 Windfall** (1.13) (e) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki föl og vandræðin eru rétt að hefjast.

**21.15 Jake 2.0** (10.16) (e) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Nú er hann sterkari og sneggri en nokkur annar og leyniþjónusta Bandaríkjanna ákveður að nýta sér krafta hans.

**22.00 Tekinn 2 NÝTT** (2.14) Þorgrímur Þráinsson rithöfundur er þekktur fyrir góðmennsku en hvað gerir hann þegar risastórt lukkudýr ræðst á hann? Flestir kannast við Ragnhildi Steinunni úr Kastljósi en hvernig bregst hún við þegar hún er tekinn fyrir glæfraakstur? 2007.

▶**22.30 Stelpurnar** (5.10)

**22.55 Smallville** (10.22) (e)

**23.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Cutting It **13.00** Reputations **14.00** Doctor Who **14.45** Doctor Who Confidential **15.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Days that Shook the World **18.00** Great Railway Journeys of the World **19.00** Dangerous Passions **20.00** Growing Up and Up **21.00** The Ship **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Days that Shook the World **0.00** Great Railway Journeys of the World **1.00** The Ship **2.00** Dangerous Passions **3.00** How I Made My Property Fortune

## DR 1

**12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.55** Paul Potts - fra telefonsælger til verdensstjerne **13.25** Sporløs **13.55** Olsenbandens sidste bedrifter **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Mr. Bean **16.25** OBS **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Uventet besøg **17.30** Blandt vilde dyr og bleskift **18.00** Forbrydelsen **19.00** 21 Søndag **19.40** Søndagssporten med SAS liga **20.05** Kronprinsparrets Kulturpris **20.35** Koret **22.15** Höök

## NRK 1

**11.45** VM fotball, kvinner **14.00** Svalbardopplevelser **14.30** Sammendrag VM fotball, kvinner **15.00** Friidrett: Verdensfinalen i Stuttgart **15.30** Åpen himmel **16.00** Lykketenner og bestevenner **16.25** Wummi **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Kvitt eller dobbelt **19.05** Seabiscuit **21.20** Kveldsnytt **21.40** VM fotball 2007, kvinner: VM-magasin **21.55** Orkanen **22.45** Uka med Jon Stewart **23.10** Larry Sanders-show

## SVT 1

**11.30** Pakistan Zindabad **12.55** I love språk **13.55** Världen **14.55** Beckomberga - en betraktelse av ett nedlagt mentalsjukhus **15.25** Dr. John **15.55** Anslagstavlan **16.00** Fem myror är fler än fyra elefanter **16.30** Draken **17.00** Djurgalen **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn **18.30** Sportspegeln **19.15** Agenda **20.10** VeteranTV **20.40** Vetenskap - Lev längre **21.10** Rapport **21.20** Sex med Victor **21.50** Brottskod: Försvunnen










Upplifðu ógleymanlegt kvöld í Súlnasal Hótel Sögu með aðal skemmtikröftum landsins. Fullkomin blanda af söng, gleði og gríni með Hemma Gunn, Ragga Bjarna, Guðrúnu Gunnars, Bjarna Ara og Hara systrum. Undir fjórinu gæðir þú þér á girnilegri 3ja rétta máltíð framreiddri af matreiðslumeisturum hótelsins og að lokinni skemmtidagskrá gerir stuðbandið Saga Class allt brjálað á dansgólfinu. Ógleymanlegt kvöld í Súlnasal Hótel Sögu.

Pantaðu borð núna í síma 525 9900. Verð á mann 8.900 kr. Innifalið er 3ja rétta máltíð, skemmtidagskrá og dansleikur.

**Sýningar: 28. sept. - uppselt, 29. sept., 05., 12. og 13. okt.**

PIPAR • SÍA • 71806

**Radisson SAS Saga Hotel**
Sími: 525 9900
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK

## HVAÐ SEGIR MAMMA ?



*„Að sjálfsögðu er ég ánægð með hann. Hann tók þetta alveg upp hjá sjálfum sér og er mjög sjálfstæður ungur drengur. Hann er með mikla réttlætiskennd og fannst að Randveri vegið.“*

Unnur Ólafsdóttir er móðir Halldórs Eldjárns. Hann safnaði yfir 2.000 undirskriftum til að mótmæla brottrekstri Randvers Þorlákssonar úr Spaugstofunni.

## HIN HLIÐIN ELSA MARÍA JAKOBSDÓTTIR DAGSKRÁRGERÐARKONA

# *Endurtekið Eurovisiontap sár vonbrigði*




**Hvað er að frétta?** Það er bara ljómandi fínt að frétta. Það var mikill léttir að horfa á eftir fyrsta þætti af 07/08 bíó leikhús í loftið síðastliðinn fimmtudag. Svo var ég að kaupa mína fyrstu íbúð.
**Augnlitur:** Mjög blár.
**Starf:** Dagskrárgerðarmaður hjá Sjónvarpinu í Kastljósi og 07/08 bíó leikhús.
**Fjölskylduhagir:** Undanfarið hef ég hlaupið ein um refilstigu þessa lífs sem afi Árni kallaði „að vera upp á sitt hopp og hí“.
**Hvaðan ertu?** Ég er borin og barnfædd á Húsavík og hef einnig alið manninn í Danmörku og Frakklandi.
**Ertu hjátrúarfull?** Já, ég geng aldrei undir stiga og ég er nýfarin að stíga á niðurföll og holræsislok.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Kastljós og 07/08. Stórkostlegir þættir sem ég myndi aldrei vilja missa af!
**Uppáhaldsmatur:** Plokkfiskur í boði Plokkfisksklúbbsins Stevie, jólarjúpan og allt sem Bjarni bróðir minn eldar.
**Fallegasti staðurinn:** Nýja íbúðin mín, þegar hún verður til, verður algjört augnayndi. Heimahagarnir eru líka fagrir.
**iPod eða geislaspilari:** Klárlega iPod.
**Hvað er skemmtilegast?** Að tala, ég geri talsvert mikið af því.
**Hvað er leiðinlegast?** Að mistakast.
**Helsti veikleiki:** Get verið svakalega dramatísk, smámunasöm og óstundvís.
**Helsti kostur:** Leyfi öðrum að dæma um það.
**Helsta afrek:** Það hefur ekki enn verið unnið en það verður eitthvað rosalegt.
**Mestu vonbrigðin:** Á vori hverju, þegar ég átta mig á að við erum ekkert að fara að vinna þessa Eurovisionkeppni.
**Hver er draumurinn?** Mér finnst mjög vandræðalegt að ræða drauma mína nema við mína allra nánustu og þoli ekki þá rassvasaheimspeki sem The Secret er.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Af því fyndna fólki sem ég þekki nefni ég bara sjálfa mig, til að valda ekki vinslitum.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Skriffinnska og vesen.
**Hvað er mikilvægast?** Andleg og líkamleg heilsa mín og þeirra sem mér þykir vænt um. Og að koma íbúðinni í stand, því það gengur ekki lengur að vera á hrakhólum.



**AÐGANGSEYRIR TIL UNIFEM** Aðgangseyrir tónleikanna í Reykjavík rennur til styrktar Ofbeldissjóðs Unifem.

# Góðhjartaðir fiðluleikarar gefa af sér

Franski fiðluleikarinn Gilles Apap mun sækja landið heim í byrjun október á vegum Hjörleifs Valssonar. Fiðluleikarinn mun spila á fimm tónleikum, tveimur á Ísafirði, einum í Akureyrarkirkju og svo loks tveimur í Grafarvogskirkju. Hjörleifur sjálfur hefur veg og vanda af komu hans en Apap þykir einn fremsti fiðluleikari heims um þessar mundir og gekk Yehudi Menuhin jafnvel svo langt að kalla hann „fiðluleikara 21. aldarinnar“.Apap þykir um margt sérstakur en hann býr við strendur Kaliforníu og milli þess sem hann leikur á strengjahljóðfærið sitt stendur hann á brimbrettinu og nýtur síns einfalda lífs.



**VERNDARI VERKEFNISINS** Ingunn Wernersdóttir er verndari þessa verkefnis en einn fremsti fiðluleikari heims, Gilles Apap, mun leika á fimm tónleikum í byrjun október.

Gott málefni verður haft til hliðsjónar á þessum fimm tónleikum og mun allur aðgangseyrir tónleikanna í Reykjavík renna til Ofbeldissjóðs Unifem, málefnis sem er Hjörleifi sérstaklega hugfólgið en hann segir kominn tíma til að vekja athygli á þessu máli. „Þetta er alveg ferlega dýrt en ég er með breitt bak,“ segir Hjörleifur þegar Fréttablaðið hafði tal af honum, en hann er í barneignarleyfi um þessar mundir og nýtur lífsins með erfingjanum. „Sjóvá mun styrkja okkur að einhverju leyti og svo hefur flugfélagið Ernir boðið fram aðstoð sína,“ útskýrir Hjörleifur en það mun meðal annars fljúga með tónlistarmennina til og frá Ísafirði, frítt. Sérstakur verndari þessa viðamikla verkefnis er Ingunn Wernersdóttir en hún keypti einmitt Stradivarius-fiðluna sem Hjörleifur spilar alla jafnan á.

- fgg






## LOGI BERGMANN EIÐSSON: NÝTUR AÐSTOÐAR GÍSLA MARTEINS

# Léttur Logi í nýjum þætti

„Ég hef alltaf haft ákveðnar hugmyndir og skoðanir á því hvernig svona þættir eiga að vera. Þetta er vissulega gamall draumur að rætast,“ segir sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann Eiðsson, sem stjórna mun nýjum spjallþætti á föstudagskvöldum á Stöð 2 í vetur. Þátturinn hefur fengið nafnið Logi í beinni og verður sendur út í beinni útsendingu. Logi er þekktur fyrir léttan húmor sinn sem sannast á því að hann hefur lengi verið vinsæll veislustjóri. Hann býst við því að þau persónueinkenni sín smitist út í þáttinn. „Ég tek hlutina ekkert of alvarlega, verð ekkert að rembast. Þetta snýst bara um að vera með skemmtilegt fólk í þættinum og leyfa því að vera það sjálft. Svo verður auðvitað tónlist í þáttunum,“ segir sjónvarpsmaðurinn. Hann segir erfitt að líkja þættinum við aðra þætti en telur þó að helsta fyrirmyndin sé Michael Parkinson í Bretlandi.

Logi vinnur nú hörðum höndum að undirbúningi þáttanna. Í þeirri vinnu hefur hann meðal annars notið leiðsagnar góðvinar síns, Gísla Marteins Baldurssonar borgarfulltrúa. „Við Gísli erum náttúrlega mjög góðir vinir. Við höfum áður talað um svona hluti og hann hefur gefið mér góð ráð.

Það er ekki slæmt að geta leitað til Gísla, sem er frábær sjónvarpsmaður og gerði svona þátt í mörg ár. Þó ekki væri nema til að hann geti sagt mér að einhver sé ömurlegur viðmælandi,“ segir Logi og glottir. Á þeim nótum er Logi spurður hvort hann sé byrjaður að bóka viðmælendur í þáttinn. „Ég veit alla vega hverja ég vil fá þótt ég sé ekki byrjaður að bóka neinn. Eina krafan sem ég geri er að fólk sé skemmtilegt þannig að ef ég vil tala við einhvern, þá geri ég það. Sumir eru alltaf að kvarta yfir því að í svona þáttum sé alltaf sama fólkið, bara popparar sem eru að gefa út plötur eða þess háttar. Það er nú einmitt ástæðan fyrir því að talað er við þetta fólk, það er ekkert sniðugt að tala við fólk sem er ekki að gera neitt.“



**STJÓRNAR NÝJUM SPJALLÞÆTTI** Logi Bergmann Eiðsson stjórnar spjallþættinum Logi í beinni á föstudagskvöldum á Stöð 2 í vetur. Hann hefur notið aðstoðar góðvinar síns Gísla Marteins Baldurssonar við undirbúning þáttarins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Fyrsti þátturinn af Logi í beinni fer í loftið 19. október næstkomandi. Stjórnandinn segist spenntur fyrir þessu verkefni og sérstaklega því að vera í beinni útsendingu. „Já, það hentar mér mjög vel. Þá er líka ekkert vesen og ekkert verið að draga hlutina með upptökum. En um leið er enn meiri pressa á að þetta gangi allt,“ segir Logi. Hann er að síðustu spurður hvort hann telji sig nógu skemmtilegan til að stjórna svona þætti. „Nei, það held ég nú ekki. Það góða er að ég skipti engu máli, það eru gestirnir sem eiga að vera skemmtilegir. Það er ekki eins og ég ætli að byrja alla þættina á einhverri einræðu.“

hdm@frettabladid.is

# Ingvar í Íslensku óperunni

Ingvar E. Sigurðsson hefur tekið að sér hlutverk ráðsmannsins í óperunni Adriane eftir Richard Strauss sem frumsýnd verður 4. október. Áhorfendur fá þó ekki að njóta sönghæfileika Ingvars en hann fer með eina talhlutverkið í uppfærslunni.

„Strauss skrifaði þetta svona og þetta þykir mjög sérstakt,“ segir Ingvar en til að aðgreina hann enn frekar frá óperusöngvurunum talar leikarinn íslensku en söngurinn fer fram á þýsku. „Ég held að þetta verði bara skemmtilegt og vona að þetta gangi bara upp,“ segir Ingvar. Ingvar er sjálfur ekki mikill óperuunnandi en viðurkennir þó að hann eigi nokkrar óperur á geisladisk heima hjá sér og segist hafa unun af fallegum söng.

Velgengni Mýrarinnar hefur varla farið framhjá nokkrum manni en þar er Ingvar í aðalhlutverki. Hann kvaðst eiginlega vera hálf undrandi á þessu öllu saman. „Maður batt einhvern veginn allar sínar vonir við Ísland og þetta hefur því komið þægilega á óvart.“ Ingvar bíður þó enn eftir gylliboðum að utan. „Það kom mér samt í opna skjöldu að fólk skyldi enn þá muna eftir manni úr öðrum verkum og það er mjög gaman að finna að íslenskar kvikmyndir og íslenskir leikarar séu öðrum minnisstæðir.“



**Í ÓPERU** Ingvar E. Sigurðsson mun tala íslensku í óperunni Adriane en allir aðrir syngja á þýsku.

- fgg

„Þeir sem vilja skilja afleiðingar stríðs ættu að hugleiða frásögn Beah.“

Philadelphia Enquirer

# Um langan veg

## – frásögn herdrengs frá Síerra Leóne

Börn eru eftirsóttir hermenn.
Nú heyja þau stríðin, örvinluð og
uppdópuð með AK-47-riffil í hendi.
Talið er að um 300.000 börn séu látin
berjast í þeim rúmlega fimmtíu
styrjöldum sem geisa í heiminum.
Ishmael Beah var eitt þeirra.






Tólf ára gamall flúði Ishmael undan
morðóðum uppreisnarhermönnum
í heimalandi sínu Síerra Leóne.
Þrettán ára var hann tekinn í her
stjórnvalda og komst fljótt að því
að hann, ósköp venjulegur strákur,
var fær um að vinna grimmilegustu
voðaverk. Sextán ára var honum
bjargað af UNICEF og hjálpað
að hefja nýtt líf.

„Grimm og átakanleg frásögn af því hvernig venjulegum börnum er breytt í atvinnumorðingja.“

The Guardian UK

„Áleitin áminning um það hversu mikla grimmd ljúfasta fólk er fært um að sýna … Maður stendur á öndinni.“

Walter Isaacson rithöfundur

„Mögnuð … ein þýðingarmesta bók okkar tíma … Hún er óskaplega heillandi og grimm um leið.“

Þórunn Sigurðardóttir, stjórnandi Listahátíðar
Samfélagið í nærmynd / RÚV

**ÁRITUN**

Ishmael Beah áritar bók sína, *Um langan veg*
í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18,
sunnudaginn 23. september kl. 15:00.

**HÁDEGISSPJALL**

Ishmael verður á hádegisfundi í Iðnó
í samstarfi við UNICEF mánudaginn
24. september kl. 12:10.

unicef

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA · Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga




**BAKÞANKAR**
Jóns Arnar Marinóssonar

## Biljónsdagbók 23.09.2007

OMXI15 var 7.640,65, þegar ég byrjaði á stefnumótunarferlinu yfir forrétti á Gordon Ramsay í London, og Nasdaq var 2.581,66 þegar ég var búinn að móta stefnuna og þjónninn bar fram aðalréttinn. „Það er þá á hreinu,“ sagði ég við Iwaunt Moore, „hvert er meginmarkmið og grundvallarstefna ká-dsjí-ví-pí-ess, Katla dsjíóþörmal vissdomm and páver senter: Við skilgreinum okkur á markaði sem leiðandi hátæknifyrirtæki í þekkingariðnaði og byggjum upp sérhæfða þekkingarþjónustu kringum þekkingarkjarna á nýtingarsviði hreinnar orku á grundvelli framtíðarsýnar sem felst í eignarhaldi á þeim auðlindum Íslands, sem aðrir fjárfestar eru ekki búnir að fá eignarhald yfir, meiri framlegð og trúverðugri og traustri umframarðsemi.“

**ÞAÐ TÍÐKAST EKKI** á Gordon Ramsay að blóta yfir aðalrétti sem kostar yfirleitt 350 til 400 pund. Þess vegna litu nærstaddir upp með auðstéttarskelfingu í svip þegar Iwaunt Moore horfði á mig eins og naut á nýja virkjun og urraði: Vott ðu hell ar jú tokinga bát!?

**ÉG SAGÐI** að þetta væru niðurstöður eftir stefnumótunarferli fyrir Katla dsjíóþörmal vissdomm and páver senter og stefnan væri einföld: Við ætluðum að græða pening, græða mikinn pening, græða meiri pening en nokkru sinni fyrr og græða út yfir gröf og dauða. Með hliðsjón af síðasttöldu stefnuatriði hefði ég notað orðið „framtíðarsýn“ í stefnuyfirlýsingunni, áur missjón.

**IWAUNT MOORE** sagðist ekki trúa að Íslendingar létu okkur og útlenda spekúlanta hafa allar sínar auðlindir til eignar og einkaafnota um ókomna tíð. Þetta hlyti að vera grín. Ég sagði að þetta væri ekki meira grín en Geysirgrín. Nú vantar bara að finna moldríkan Íslending sem vill skrifa sig fyrir slatta af hlutabréfum í KDVPS, einhvern sem hefur meikað það á eigin verðleikum í útlöndum og Íslendingar fást til að trúa að sé í þessu með okkur af hugsjón. Óli er kominn í sniglaveislu með Grínistunum. Ég er þá að hugsa um að tala við Björk.

**EFTIR** matinn á Gordon Ramsey hringdi í mig frá Íslandi einstæð móðir með tvö börn og spurði hvort ég gæti ekki hjálpað henni með húsaskjól yfir nóttina. Ég skil ekki í þessu fólki. Hvers vegna kaupir það sér ekki íbúð?

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er sunnudagurinn 23. september, 266. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.12 | 13.20 | 19.27 |
| Akureyri | 6.56 | 13.05 | 19.12 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.expressferdir.is/fotbolti

SKELLTU ÞÉR Á LEIK Í ENSKA BOLTANUM!



Express Ferðir bjóða frábært úrval fótboltaferða og gildir einu með hverjum þú heldur, það finna sér allir leik við hæfi hjá okkur. Einnig er fullt af landsleikjum og toppleikjum í Meistaradeild Evrópu á listanum svo það er af nógu að taka. Skoðaðu úrvalið á **www.expressferdir.is/fotbolti**





**Skráðu þig í Fótboltaklúbb Express Ferða!**

Það margborgar sig að skrá sig í Fótboltaklúbb Express Ferða, því félagar fá reglulega sendar fréttir um fótboltaferðir og fá fyrstir upplýsingar um sértilboð og afslátt sem í boði er hverju sinni.

Gakktu til liðs við okkur og skráðu þig á **www.icelandexpress.is/expressfotbolti**

**Arsenal – Newcastle** — 25.–26. september — Deildarbikarinn — TILBOÐ! — 35.900 kr.

**West Ham – Tottenham** — 24.–26. nóvember — Verð á mann í tvíbýli 49.900 kr.

**Liverpool – Bolton** — 30. nóv.–2. desember — Verð á mann í tvíbýli 74.900 kr.

**Chelsea – Fulham** — 30. nóv.–2. desember — TILBOÐ! — 37.900 kr.

**Arsenal – Slavia Prag** — 23.–24. október — Verð á mann í tvíbýli 48.900 kr.

**Chelsea – Man. City** — 26.–28. október — Verð á mann í tvíbýli 73.900 kr.

**West Ham – Bolton** — 3.–5. nóvember — Verð á mann í tvíbýli 49.900 kr.

**Man Utd. – Derby** — 7.–9. desember — Verð á mann í tvíbýli 72.900 kr.

**Chelsea – Reading** — 30.–31. janúar 2008 — Verð á mann í tvíbýli 55.900 kr.

www.expressferdir.is/golf

Golfvertíðinni lýkur aldrei hjá okkur!

Express Ferðir bjóða pakkaferðir við allra hæfi á frábæra golfvelli á Spáni og Englandi og eru aðstæður eins og best verður á kosið. Iðagrænir vellir, fyrsta flokks hótel og öll aðstaða til fyrirmyndar. Skoðaðu úrvalið á **www.expressferdir.is/golf**



Carlsberg — 21 dagsverðlaun í boði Carlsberg á Íslandi

**Golfmót á Real-de-Faula** — 14.–21. nóvember — Verð á mann í tvíbýli 94.800 kr.



**Golf á Hesperia** — 25.–31. október — Verð á mann í tvíbýli 88.900 kr.

**Kvennagolfferð til Alicante** — 4.–8. október — Verð á mann í tvíbýli 79.900 kr.



Ferðaskrifstofa — Leyfishafi Ferðamálastofu

» Nánar á www.expressferdir.is/fotbolti eða í síma 5 900 100

Express Ferðir — Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express